

TÓMAS KRISTBERGSSON

### Skipti úr Corollu í Lexus

Bílar Ferðir Tíska Heimili  
allt í MIÐJU BLAÐSINS



### HEIMILIÐ Gott skipulag á óreiðunni

Sérblað um hús og heimili  
FYLGIÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG



19. HOLAN!

EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAKE** BESTI VINURINN

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. október 2006 – 275. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## LAUGARDAGUR

### Fágun í hversdagsleikanum

Arkitektinn Marc Leff hefur fengið lofsamlega umfjöllun fyrir hönnun sína á Irwin Union Bank í borginni Columbus í Indiana en býr í Reykjavík.



VIDTAL 86

### Airwaves fyrir byrjendur

Hvert áttu eiginlega að fara og hverja áttu að sjá?

HELGIN 40

### Kolfinna Baldvinsdóttir

Komin heim eftir tíu ára dvöl í útlöndum, nú síðast í Kosovo.



HELGARVÍDAL 32

### Örið er vörumerki

Gorbatsjov hélt að Björn Ingi væri gamall hnefaleikakappi.



FÓLK 62


### Guðlaugur til Gummersbach

Fylkismaðurinn Guðlaugur Arnarsson var í gær lánaður til Gummersbach fram að áramótum.




ÍÞRÓTTIR 58

### VEÐRIÐ Í DAG



**HVASST NORÐAUSTAN TIL** Í dag verða suðvestan 10-15 m/s norðaustan og austan til, annars hægar. Rigning eða skúrir sunnanlands og vestan, annars þurr og skýjað með köflum. Hiti 8-13 stig, hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4



FRAMKVÆMDASTJÓRINN OG ARFTAKINN Ban Ki-moon, sem var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær kjörinn næsti framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hlustar á ræðu Kofi Annan, núverandi framkvæmdastjóra.

## Ban tekur við af Kofi Annan

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR** Utanríkisráðherra Suður-Kóreu, Ban Ki-moon, var kjörinn framkvæmdastjóri í atkvæðagreiðslu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær.

Ban tekur við af Kofi Annan, sem lætur af störfum um áramót eftir að hafa verið framkvæmdastjóri í tíu ár eða tvö kjörtímabil, eftir því sem fram kemur á fréttavef BBC.

Breið samstaða var innan Sameinuðu þjóðanna um að Asíumaður yrði fyrir valinu. Ban er fyrsti Asíumaðurinn til að leiða Sameinuðu þjóðirnar frá því að U Thant, fulltrúi Búrma, var framkvæmdastjóri 1961-1971.

Ban var einn af sex frambjóðendum. Hann var efstur í fjórum skoðanakönnunum í Öryggisráðinu og drógu hinir fimm þá allir framboð sitt til baka.

Ban er sagður fyrsta flokks sáttasemjari og stjórnanndi á heimsmælikvarða.

- ghs

# Hvalur 9 heldur til veiða eftir helgina

Hvalveiðiskipið Hvalur 9 fer til veiða á allra næstu dögum samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hvalstöðin í Hvalfirði verður tilbúin um helgina. Sjávarútvegsráðherra segir enga ákvörðun liggja fyrir um veiðar.

**SJÁVARÚTVEGUR** Hvalveiðiskipið Hvalur 9 mun halda til veiða í næstu viku samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Til stóð að skipið færi út um helgina en því var frestað tímabundið.

Ætlunin er að skipið haldi til veiða frá hvalstöðinni í Hvalfirði með viðhöfn. Um tímamót er að ræða því síðan 1985 hefur hvalur ekki verið veiddur í atvinnuskyni við Íslandsstrendur.

Kristján Loftsson, forstjóri Hvals hf., vildi hvorki játa því né neita að hann hygðist senda Hval 9 til veiða eftir helgina. „Ég veit það ekki, það er verið að melta þetta. Þetta fer nú að verða síðasti sýns því það er komið svo mikið myrkur. Það er annað hvort að drífa í þessu núna eða gleyma þessu bara. Hvort eitthvað gerist í næstu viku verður bara að koma í ljós.“

Einar K. Guðfinnsson sjávar-

„Það er annað hvort að drífa í þessu núna eða gleyma þessu bara.“

**KRISTJÁN LOFTSSON**  
FORSTJÓRI HVALS HF.

útvegsráðherra vildi ekki staðfesta við Fréttablaðið að stjórnvöld hefðu veitt vilyrði sitt fyrir því að veiðar hæfust á ný. „Frá okkur í ríkisstjórninni er ekkert nýtt að frétta og við höfum ekki tekið neinar ákvarðanir um hvalveiðar.“ Einar segist líta svo á að formlæg heimild þurfi að koma frá stjórnvöldum til að veiðar geti hafist. Heimildarmenn Fréttablaðsins eru hins vegar þeirrar skoðunar að slík heimild þurfi ekki að koma frá ráðuneytinu. Kristján Loftsson sagðist ekki fara til veiða nema með heimild stjórnvalda þegar hann var spurður hvort það kæmi

til greina á einhverjum tímapunkti.

Mikill meirihluti íslensku þjóðarinnar vill hefja hvalveiðar í atvinnuskyni á nýjan leik. Það var meginniðurstaða skoðanakönnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Landssamband íslenskra útvegsmanna um viðhorf Íslendinga til hvalveiða í atvinnuskyni og kynnt var í september. Þar kom fram að einungis 3,6 prósent taka eindregna afstöðu gegn slíkum veiðum.

Einar K. Guðfinnsson sagði í viðtali við Fréttablaðið 13. september síðastliðinn í tengslum við könnunina að þjóðareining ríkti um að hefja atvinnuhvalveiðar. Hann sagði það jafnframt sína skoðun að eðlilegt markmið væri að Íslendingar stunduðu hvalveiðar í atvinnuskyni samhliða öðrum atvinnurekstri.

- shá

## Ólafur Jóhann Ólafsson: Stjórnarformaður leikhúss

**MENNING** Rithöfundurinn og athafnamaðurinn Ólafur Jóhann Ólafsson hefur þekkt boð um að taka að sér stjórnarformennsku í Atlantic-leikhúsinu í New York. Ólafur Jóhann hefur setið



í stjórn leikhússins um nokkurt skeið en leikhúsið tilheyrir þeim geira leikhúsa í New York, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni.

Í fréttum af Atlantic-leikhúsinu er Ólafi Jóhanni þökkuað vaskleg framgangna við að tryggja fé til endurbóta á húsnæði leikhússins og gott búslag á afmælisárinu 2005-2006.

Nýjasta bókur Ólafs Jóhanns, Aldingarðurinn, er væntanleg á næstunni.

- sjá síðu 50

Stjórn Elkem í Noregi samþykkir að flytja framleiðslu á Grundartanga:

## Um fjörutíu ný störf skapast

**STÓRIDIA** Stjórn Elkem í Noregi hefur samþykkt að flytja framleiðslu á magnesíumbættu kísiljárn frá Harðangursfirði í Noregi til Járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Endanleg afgreiðsla er háð samþykki eiganda Elkem.

Ef af flutningnum verður verða til um fjörutíu ný störf hjá Íslenska járnblendifélaginu. Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að breyting-

arnar kalli á fjárfestingar fyrir allt að þrjú milljarða króna, aðallega í tækjum og búnaði. Veltan aukist um 3,5 milljarða króna og verðmæti afurða aukist líka en orkunotkunin verði sú sama og áður. Stefnt er að því að framleiðslan hefjist í febrúar 2008.

Íslenska járnblendifélagið segir í tilkynningu að umhverfisáhrifin verði jákvæð. Unnið verði að viðhaldi og endurbótum á síu-

húsum fyrir um fimmtíu milljónir króna. Fyrirhugaðar ráðstafanir dragi úr sjónmengun og styrki mengunarnar.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir að verið sé að selja orku Íslendinga lægra og á undirverði miðað við evrópskan markað. Erlend stóriðja gangi á orkubirgðir landsins og það hafi verið niðurgreitt af íslenskum stjórnvöldum.

- ghs

SMÁRALIND ER 5 ÁRA

# BARNA FJÖR

Í VETRARGARÐINUM FRÁ KL. 14-16 Í DAG

Smáralind BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA



Magnús, er tónlistin að fara í vaskinn?

„Ekki tónlistin sjálf. En sú bága staða er í spilunum að Íslendingar geta vart leyft sér þann mun að kaupa íslenska tónlist nema í útlöndum og í friðhöfninni.“

Samkvæmt tillögum stjórnvalda verður vírðisaukaskattur á bókum og tímaritum lækkaður um helming en ekki á geisladiskum. Magnús Kjartansson er framkvæmdastjóri Félags tónskálda og textahöfunda.

Samkeppniseftirlitið segir Osta- og smjörsöluna hafa brotið samkeppnislög:

## Misnotaði stöðu sína á markaði

**SAMKEPPNI** Samkvæmt úrskurði Samkeppniseftirlitsins braut Osta- og smjörsalan samkeppnislög með því að selja Mjólku undanrennuðu á hærra verði en Ostahúsinu. Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins er Osta- og smjörsalan sögð hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína gagnvart fyrirtækinu Mjólku.

Osta- og smjörsalan sendi í gær frá sér yfirlýsingu vegna úrskurðar Samkeppniseftirlitsins, þar sem segir að mannleg mistök hafi orðið þess valdandi að kaupendur undanrennuðu frá Osta- og smjörsölnu fengu mismunandi kjör. Þá er í yfirlýsingu frá því

greint að kjörin hafi verið leiðrétt um leið og athugasemd barst Samkeppniseftirlitinu fyrir um ári síðan.

Ólafur F. Magnússon, framkvæmdastjóri Mjólku, segir það hrein og klár ósannindi að kjörin hafi verið leiðrétt. „Við erum ennþá að kaupa undanrennuðu á umtalsvert hærra verði en aðrir kaupendur. Þetta eru ekki mannleg mistök heldur einbeittur vilji fyrirtækisins að selja okkur duftið á hærra verði en öðrum.“

Ólafur segist jafnframt ætla að kvarta yfir fleiri málum til Samkeppniseftirlitsins vegna meintra undirboða Osta- og smjörsölunnar.



ÓLAFUR MAGNÚSSON Framkvæmdastjóri Mjólku segir Osta- og smjörsöluna selja undanrennuðu af háu verði.

Ekki náðist í gær í Magnús Ólafsson, forstjóra Osta- og smjörsölunnar.

Deilurnar í Skálholti:

## Bænastund á morgun frestað

**SKÁLHOLT** Bænastund, sem fyrirhuguð var í Skálholti í dag, hefur verið frestað að ósk Hilmars Arnar Agnarssonar organista. Ingólfur Guðnason, formaður sóknarnefndar, staðfestir þetta. „Ég var beðinn um að fresta þessu,“ segir hann.

Sigurður Sigurðarson vígslubiskup segir að bænastundinni hafi ekki verið frestað að sinni ósk. Organistanum hafi verið boðin þrjú kostir, að fresta starfslokum til 1. júní, að verða afleysingamaður í Skálholti eða vera í fullu starfi í Skálholti. Organistinn hefur frest til mánaðamóta að svara tilboðinu.



FORSETAR SUÐUR-KÓREU OG KÍNA Roh Moo-Hyun, forseti Suður-Kóreu, og Hu Jintao, forseti Kína, hittust í Höll alþýðunnar í Peking í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Refsiáðgerðir gegn N-Kóreu: Rússar og Kínverjar á móti harðri refsingu

**SUÐUR-KÓREA, AP** Bæði Kína og Rússland vírðast fallast á að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykki refsiaðgerðir gegn Norður-Kóreu, en bæði ríkin hafna því þó að þær refsiaðgerðir verði harkalegar.

Í gær gáfu Norður-Kóreumenn jafnframt til kynna að þeir gætu hugsað sér að setjast á ný að samningaborði með fulltrúum Bandaríkjanna, Rússlands, Kína, Japans og Suður-Kóreu.

Bandarískur leyniþjónustumaður skýrði frá því í gær að engin geislavirkni hafi mælst í loftsynum, sem tekin voru eftir að Norður-Kórea sagðist hafa sprengt kjarnorkusprengru í tilraunaskyni.

## Hluti af starfsemi spítalans fari annað

Varaformaður heilbrigðisnefndar vill færa hluta starfsemi Landspítala – háskóla-sjúkrahúss út fyrir vegg spítalans. Þannig verði best brugðist við þeim mikla fjárhagsvanda sem hann glími við nú. Hallinn verður 1.200 milljónir í árslok.

**HEILBRIGÐISMÁL** Skipulagsbreytingar innan Landspítala – háskóla-sjúkrahúss eru nauðsynlegar, segir Ásta Möller, varaformaður heilbrigðisnefndar Alþingis. Hún segist þeirrar skoðunar að ákveðnir þættir í núverandi starfsemi spítalans eigi ekki að vera innan veggja hans. Hægt sé að færa þessa þætti frá spítalanum gegn því að viðkomandi starfsmenn eða aðrir taki að sér rekstur þeirra.

Allt að 1.200 milljóna hallarekstur er það sem blasir við LSH í lok árs, ef rekstrarþá sem stjórnarnefnd spítalans lét gera gengur eftir, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær.

Spurð hvort hún sé með ofangreindum ummælum að tala um að einkavæða umrædda þætti starfsemi spítalans segir Ásta svo alls ekki vera. Hún vilji athuga betur rekstrarform innan hans, gera einingur innan hans sjálfstæðari og færa ákveðna þætti út fyrir vegg hans. Hún nefnir öldrunardeildir, svo sem Landakot, endurhæfingardeildirnar, stoðdeildir svo sem rannsóknir og röntgen- og augndeildir.

„Það hefur sýnt sig að þetta kemur hagkvæmar fjárhagslega út fyrir ríkið og afköst aukast og aðgengi fólks að þjónustunni eykst, þannig að biðlistar stytast, sem er mjög mikilvægt,“ bendir hún á og nefnir í því sambandi liðskiptaáðgerðir og tæknifrjóvganir sem færðar hafa verið af spítalanum. Hvað varðar háskólahlutverk spítalans segist Ásta álíta að hann geti gegnt því hlutverki, þótt hluti starfseminnar sé færður frá honum, með því



LANDSPÍTALINN Hallarekstur mun nema 1.200 milljónum króna í árslok gangi rekstrarþá, sem stjórnarnefnd lét gera, eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ÁSTA MÖLLER Nefnir tiltekna starfsemi sem hún vill út af spítalanum.

ad gera samninga þar að lútandi við þá sem annist reksturinn utan hans.

Ásta segir að skýringar þær sem forstjóri og stjórnarnefndarformaður spítalans hafi gefið fyrir hallarekstrinum séu góðar og gildar. Rétt sé að fjármagn spítalans

hafi ekkert aukist að raungildi í nokkur ár. Gengismál hafi verið óhagstæð og samningar við launlægstu hópa starfsfólks hafi verið spítalanum þungir í skauti. Stjórnendur hafi því sýnt mjög góðan árangur í rekstri spítalans.

„Hitt er að launaskrið annarra starfsmanna sé meira heldur en gert var ráð fyrir,“ segir Ásta. „Það er eithvað sem þarf að athuga. Að auki eru ákveðnir þættir í rekstrinum sem þarf að athuga betur og bæta þar við fjármagni við þessar aðstæður.“

Hvorki náðist í fjármálaráðherra né heilbrigðisráðherra vegna málsins í gær.

jss@frettabladid.is

Málþing um rannsóknir á skjölum um leiðtogafundinn í Höfða:

## Dramatísk orðaskipti skjalfest

**MÁLÞING** Viðræður Mikhaíls Gorbatsjov, þáverandi Sovétleiðtoga, og Ronalds Reagan, þáverandi Bandaríkjaforseta, í Höfða fyrir réttum tuttugu árum voru enn dramatískari en áður hefur komið fram. Þetta sagði William Taubman, prófessor við Amherst College í Bandaríkjunum, að kæmi fram í nýbirtum skjölum þar sem samræður leiðtoganna tveggja eru skráðar orð fyrir orð.

Þetta kom fram á málþingi sem haldið var í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær í tilefni af tuttugu ára afmæli leiðtogafundarins í Höfða.

Taubman vinnur nú að ritun ævisögu Gorbatsjov, en hann hlaut Pulitzer-verðlaunin árið 2004 fyrir bók sína um ævisögu Níkíta Krústsjov.

Auk hans fluttu erindi Svetlana Savranskaja, verkefnastjóri öryggismálasjálafnsins National Security Archive við George Washington-háskóla í Washington DC, og Thomas Blanton, yfirmaður sama safns. Savranskaja stýrir samstarfi safnsins við rússnesk skjallasöfn og er ritstjóri gagnasafns um austurblokkina. Á heimasiðum safnsins er hægt að skoða skjöl sem



SKÝRARI MYND William Taubman, Svetlana Savranskaja, Thomas Blanton, Valur Ingimundarson og Margét S. Björnsdóttir í pallborði á málþinginu. Þau sögðu nýbirtu skjölin gefa skýrari mynd en áður var þekkt af því sem fram fór á fundinum í Höfða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

tengjast Höfðafundinum. Að loknum framsöguverindum fræðimannanna fóru fram pallborðsumræður sem Valur Ingimundarson sagnfræðiprófessor stýrði.

- aa



BOB NEY Enn einn repúblikaninn veldur hneyksli í Bandaríkjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Repúblikani á þingi í vanda: Játaði að hafa þegið mútur

**WASHINGTON, AP** Bandaríski þingmaðurinn Bob Ney játaði í gær að hafa þegið mútur og á yfir höfði sér allt að tíu ára fangelsi. Ney bætist þar með í röð repúblikana á Bandaríkjaþingi sem hafa vakið hneyksli undanfarið, stuttu fyrir þingkosningar sem verða 7. nóvember.

Upp komst um framferði Neys í tengslum við rannsókn á stórtæku hagsmunapotsmáli repúblikanans Jacks Abramoff, sem útvegaði fjölmörgum þingmönnum fé og fyrirgreiðslu í skiptum fyrir greiða á þingi fyrir sig og skjólstæðinga sína.

- gb

Finnskur friðargæsluliði:

## Skotinn af eigin liðsmönnum

**FINNLAND** Finnskur friðargæsluliði, sem særðist í Afganistan fyrir nokkrum vikum, varð hugsanlega fyrir skoti frá öðrum friðargæsluliðum, ekki afgönsku lögreglunni eins og áður hefur verið talið. Þetta kemur fram í finnska dagblaðinu Helsingin Sanomat.

Verið er að rannsaka árásina og liggur endanleg niðurstaða ekki fyrir. Skotmaðurinn fannst ekki innan raða Afgana. Staðsetning mannsins og annarra friðargæsluliða var skoðuð betur og vökuðu þá grunsemdir. Friðargæsluliðinn var strax sendur á norskt sjúkrahús og er á batavegi.

- ghs

Kaupsamningar:

## Fasteignaviðskipti glæðast

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Kaupsamningum fjölgaði um 17,1 prósent milli ágúst og september á þessu ári. Aftur á móti hefur kaupsamningum fækkað mikið frá síðasta ári. Þegar september 2006 er borinn saman við september 2005 fækkar kaupsamningum um 45,9 prósent og samdráttur er í veltu um 35,3 prósent. Fjöldi þinglýstra kaupsamninga í september á þessu ári var 486. Heildarupphæð veltu nam 13,5 milljörðum króna og meðalupphæð á hvern kaupsamning var 27,8 milljónir króna.

- kdk

FLÓRÍDA

Fjölskylda myrt

Maður, kona og tvö börn fundust látin við vegkant í Flórída í gær. Höfðu þau öll verið skotin margsinns. Konan hafði reynt að skýla börnunum með líkama sínum að sögn lögreglunnar. Málið er í rannsókn.

- gb

- gb

- gb

- bps



**Innimálning Jotaproff**  
Gljástig 3. 10 ltr. Á loft.  
7119854



**Innimálning Jotaplast**  
Beinhvít. Gljástig 7. 10 ltr.  
7119800



# 20% afsláttur

af allri Jotun innimálningu

Asmi eða ofnæmi?  
veldu þá Lady



**Innimálning Lady**  
3 ltr. Gljástig 10.  
7122220-224

**Innimálning Lady**  
1 ltr. Gljástig 10.  
7122200-204 **1.090**

Allt að

# 50% afsláttur

af loftviftum

Fjarstýring fylgir



**Loftvifta**  
Með ljósi  
1800194  
**6.499**  
~~9.995~~

45% afsláttur

**Loftvifta, króm**  
1800210  
**2.999**  
~~5.495~~



**Rúllusett og bakki**  
7010210



**SOUDAL**  
**Soudal akrýl hvítt**  
6510075



**HÚSASMÍÐJAN**  
...ekkert mál

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	68,07	68,39
Sterlingspund	126,71	127,33
Evra	85,40	85,88
Dönsk króna	11,455	11,523
Norsk króna	10,119	10,179
Sænsk króna	9,225	9,279
Japanskt jen	0,5699	0,5733

SDR	99,92	100,52
-----	-------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
118,2062  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands



VLADIMÍR KRAMNIK Fór með sigur af hólmi í Elista í Kalmykíu. NORDICPHOTOS/AFP

Sameiningareinvígið í skák:  
**Kramnik vann meistaratitilinn**

**KALMYKÍU, AP** Rússinn Vladímír Kramnik hafði í gær sigur í einvíninu við búlgarska stórmeistarann Veselin Topalov, en þeir tefldu um sameinaðan heimsmeistaratil FIDE og klofningssamtakanna sem Garri Kasparov átti frumkvæði að því að stofna árið 1993. Kramnik er þar með fyrsti heimsmeistarinn í skák í þrettán ár sem nýtur viðurkenningar sem slíkur af öllum skákheiminum.

Eftir tólf hefðbundnar skákir einvígisins stóðu keppinautarnir jafnir. Í úrslitaumferðinni í gær voru tefldar fjórar skákir til viðbótar og hafði Kramnik þá betur. Verðlaunaféð, ein milljón Bandaríkjadala, deildist jafnt á skákmennina tvo.

Fyrirlestur hjá Sögufélagi:  
**Fjallar um viðbrögð Krústjovs**

**SAGNFRÆÐI** Aðalfundur Sögufélags verður haldinn í húskynnum félagsins að Fischersundi 3 í dag og hefst klukkan þrjú.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa heldur Rósa Magnúsdóttir sagnfræðingur fyrirlestur. Í fyrirlestrinum fjallar Rósa um viðbrögð Sovétmanna við ferð Krústjovs til Bandaríkjanna í september árið 1959. Rósa lauk doktorsprófi í sagnfræði frá háskólanum í Chapel Hill í Norður-Karólínu í ágúst síðastliðnum og er RANNÍS-styrkþegi.

Forsætisráðherrar kynntu málamiðlunaráætlun um endurreisn samstjórnar á Norður-Írlandi:

# Öfgaflokkar á N-Írlandi fá mánaðarfrest

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Forsætisráðherrar Bretlands og Írlands kynntu í gær flókna áætlun sem miðar að endurreisn samstjórnar sambands- og lýðveldissinna á Norður-Írlandi, en áætlunin er hugsuð sem grundvöllurinn fyrir varanlegum friði og stöðugleika á Norður-Írlandi.

Forsætisráðherrarnir tveir, Tony Blair og Bertie Ahern, kynntu tillögurnar sameiginlega í St. Andrews í Skotlandi í gær. Tillögurnar lögðu þeir fram eftir að hafa mistekist að fá mestu öfgaöfl fylkinganna tveggja á Norður-Írlandi, harðlínu-sambandssinnana í flokki Ians Paisley og ka-

ólsku harðlínu-lýðveldissinnana í Sinn Fein, flokki Gerry Adams, sem jafnan hefur verið kallaður pólitískur armur Írska lýðveldishersins, IRA.

Forsætisráðherrarnir gáfu þessum tveimur flokkum mánaðarfrest til að fallast á málamiðlunartillögurnar. Gerðu þeir það ekki yrði tilraunum til að koma á starfhæfri samstjórn sambands- og lýðveldissinna hætt, en sú samstjórn var aðalmarkmið friðarsamkomulagsins frá árinu 1998 sem kennt er við föstudaginn langa.

**BLAIR OG AHERN** Forsætisráðherrarnir á blaðamannafundi í St. Andrews í Skotlandi í gær.



# Borgarstjóra geðjast ekki vopnavæðing lögreglu

Borgarstjóri vill alls ekki sjá vopnaða lögreglumenn í borginni. Hann hvetur til þess að varlega verði farið í að auka vopnaburð lögreglu umfram það sem sé í dag. Hann vill önnur úrræði gegn fíkniefnamafíunni.

**LÖGREGLUMÁL** „Mér geðjast þessar tillögur ekki,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri um tillögur starfshóps Ríkislögreglustjóra þess efnis að skambýssur verði tiltækar hjá öllum lögregluliðum í landinu, svo og skotheld vesti og hjálmur. Borgarstjóri hvetur til þess að mjög varlega verði farið í að auka vopnaburð umfram það sem heimilt sé í dag, en þar sé um sérsveitina að ræða.

„Við höfum hana og það er eðlilegra að efla hana þannig að hún sé til taks ef upp kunnir að koma mál sem kalla á vopnaburð. En mér geðjast það ekki að lögreglan fari að bera vopn daglega,“ segir Vilhjálmur og segist alls ekki vilja sjá vopnaða lögreglu í borginni. „Það getur þess vegna skapað fleiri vandamál en er hægt að leysa.“

Vilhjálmur kveðst ekki hafa trú á að víðtækari vopnaburður lögreglu hafi í för með sér fælingarmátt, þannig að ólögghlyðnir borgarar skirrist þá fremur við að bera vopn og jafnvel beita þeim. Hitt beri að hafa í huga hvort vopn kalli á vopn.

„En ég tel að í þessum tillögum sé verið að líta til aukins vanda, sérstaklega hvað varðar fíkniefnamálin og það ástand sem við er að etja í fíkniefnaheiminum.“

Vilhjálmur segir að koma þurfi í veg fyrir þann mikla innflutning fíkniefna sem sé einungis verið að ná einhverju broti af. Efla þurfi tollgæsluna enn frekar með öllum tiltækum tækjabúnaði, til að mynda til leitar í gámum.

„Þá má að minni hyggju þyngja þá dóma yfir þeim einstaklingum sem eru að smygla inn fíkniefnum, dreifa þeim og selja. Í raun og veru eru þeir að leggja dauðgildru fyrir ungt fólk með athæfi sínu. Þriðja atriðið er svo að styrkja þær einingar sem eru sérstaklega að vinna að því að upplýsa fíkniefnamál og uppræta iðju þeirra einstaklinga sem starfa í fíkniefnaheiminum. Það er greinilegt að við erum í átökum við öflugna fíkniefnamafíu. En vissu-



**UPPTÆK VOPN** Hluti þeirra ólöglegu vopna sem lögreglan hefur gert upptæk til dagsins í dag. Benedikt H. Benediktsson lögreglumaður heldur þarna á hlaupsagaðri haglabýssu.

legra virði ég það sem hefur verið gert, til að mynda með því að auka fjármuni og mannafla til þessara hluta.“

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra var staddur í Washington í gær. Hann kvaðst ekki hafa tillögur starfshóps ríkislögreglustjóra meðferðis og geta því ekki rætt þær að sinni.

Erum í átökum við öflugna fíkniefnamafíu.

**VIHJÁLMMUR Þ. VIHJÁLMSSON**  
BORGARSTJÓRI

**Ekkert blað?**

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

**550 5600**

**FRÉTTABLAÐIÐ**

- mest lesið

**VEÐURSPÁ**

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HVASST MED STRENGJUM**  
Í dag verður talsvert hvasst á norðaustan og austanverðu landinu og jafnvel svo að hann slái í storm norðan Vatnajökuls. Ennfremur vara ég við vindstrengjum við fjöll á hálendinu og norðaustan til. Á hinn bóginn verður talsvert hlýtt þar í dag, 10-13 stig. Á landinu sunnan og vestanverðu verður reyndar strekkingur en þó heldur hægari vindur. Milt í dag en kólnandi veður um allt land á morgun.

**VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG**  
Vestan eða suðvestan strekkkingur. Riigning eða skúrir. Hiti 7-11 stig.

**um hádegi »**

Kaupmannahöfn	16°C léttskýjað	London	19°C hálfskýjað
Þórshöfn	13°C skýjað	Paris	18°C léttskýjað
Osló	15°C léttskýjað	Frankfurt	19°C hálfskýjað
Stokkholmur	14°C skýjað	Friedrichshafen	14°C skýjað
Gautaborg	14°C skýjað	Berlín	19°C skýjað

**» á morgun**

5-10 m/s

**» mánudagur**

Allhvöss norðaustanátt.

Alicante	24°C léttskýjað
Barcelona	22°C hálfskýjað
Algarve	23°C léttskýjað
Krit	23°C léttskýjað
Las Palmas	25°C léttskýjað

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Ítalskir dagar

**Nýtt**  
í Hagkaupum



Ítalía balsamik edik  
- frá Modena á Ítalíu

**Nýtt**  
í Hagkaupum



Ítalía ólífuolía  
- 100% eðal jómfrúarolífuolía

**Nýtt**  
í Hagkaupum



Ekta ítalskt eðal pestó  
- beint frá Ítalíu

**Nýtt**  
í Hagkaupum



**Nýtt**  
í Hagkaupum



Ítalskar gjafavörur í miklu úrvali

Galbani  
- eftirrættir og ostafylltar krókentur

Fumagalli  
- ekta ítalskt álegg, nokkrar gerðir

**Nýtt**  
í Hagkaupum



Ítalskt brauð  
- nýbakað úr bakaríum Hagkaupa

**Nýtt**  
í Hagkaupum



Sacla Bruschettina  
- tilvalið á brauðið og á pasta



Ítalskt eðal kaffi  
- beint frá Ítalíu

Gildir til 22. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



Eiga lögreglumenn að bera byssur?

Já	24,8%
Nei	75,2%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

Hefur þú tekið þátt í mótmæla-göngu?

Segðu skoðun þína á visir.is

Fulltrúar Rauða krossins fóru til Guantanamo á Kúbu og ræddu við fjórtán fanga sem þangað voru fluttir:

# Vitjuðu fanga sem sátu í leynifangelsum

**RAUÐI KROSSINN, AP** Fulltrúar Rauða krossins hafa hitt fangana fjórtán sem nýverið voru fluttir til Guantanamo eftir að hafa dúsað árum saman í leynilegum fangelsum bandarísku leyniþjónustunnar CIA víðs vegar um heim.

Fulltrúar Rauða krossins eru líklega fyrstu mennirnir, að undanskildum þeim sem hnepptu þá í hald, halda þeim í fangelsi og yfirheyra þá, sem þessir fangar fá að hitta frá því þeir voru handteknir.

Meðal fanganna fjórtán er Khalid Sheikh Mohammed, sem Bandaríkjamenn telja vera höfuðpaurinn á bak við skipulagningu hryðjuverkanna í Bandaríkjunum hinn 11. september árið 2001.

Rauði krossinn mun á næstunni afhenda bandarískum stjórnvöldum tillögur sínar

varðandi meðferð fanganna, en þær tillögur verða ekki gerðar opinberar frekar en venjulega þegar Rauði krossinn heimsækir fanga.

Í gær kynnti Margaret Beckett, utanríkisráðherra Bretlands, árlega skýrslu bresku stjórnarinnar um ástand mannréttindamála í heiminum. Hún sagði það hvorki viðunandi né árangursríkt að halda hundruðum fanga árum saman í Guantanamo-fangabúðunum.

- gb



**SLOPPNIR ÚR PRÍSUNDINNI** Á fimmtudaginn komu sautján fyrrverandi fangar í Guantanamo til Kabúl í Afganistan, þar sem tekið var vel á móti þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**KATTASÝNING**  
Kynjakatta

Hey  
vitið þið að  
Haustsýning Kynjakatta  
verður haldin 13. og 14.  
október 2006 í reiðhöll  
Gusts, Álalind,  
Kópavogi

Sýningin er  
opin frá 10-18  
báða daga

Margrét Gísladóttir



**ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK** Ályktun starfsmanna vegna óeðlilegra uppsagna og stjórnunarháttanna yfirmanna verður send yfirstjórn Alcan í Kanada. „Við ætlum bara að leyfa rykinu að setjast og leyfa mönnum að ná andanum,“ segir Hrannar Pétursson.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Stjórnendur búa til sinn eigin sannleika

Ályktun starfsmanna Alcan vegna óeðlilegra uppsagna var afhent stjórnendum í gærmorgun. Upplýsingafulltrúi fyrirtækisins segir engin frekari viðbrögð ráðgerð. Formaður Rafís segir að málið verði sent yfirstjórn Alcan í Kanada.

**VINNUMARKAÐUR** Ályktun starfsmanna Alcan vegna óeðlilegra uppsagna starfsmanna og stjórnunarháttanna yfirmanna hjá fyrirtækinu var afhent Sigurði Þ. Aðgeirssyni, staðgengli forstjóra, í gærmorgun. Gylfi Ingvarsson, aðaltrúnaðarmaður starfsmanna, segir að hann hafi skilið viðbrögð Sigurðar á þann veg að málin færu til innri skoðunar hjá fyrirtækinu og að samband yrði haft við þá eftir helgi varðandi framhaldið.

Um hádegisbil í gær barst fjölmörgum síðan yfirlýsing frá stjórnendum fyrirtækisins. Þar var ítrekað að fréttaflokkur af starfsmannamálum hjá fyrirtækinu væri í miklu ósamræmi við þær staðreyndir sem blasi við á vinnustaðnum. Þá er undirstrikað að uppsagnirnar hafi verið óhjákvæmilegar og að eðlilega hafi verið að þeim staðið. Þess vegna sé ekki unnt að verða við tilmælum fundarins um að taka þær til frekari endurskoðunar.



HRANNAR PÉTURSSON

GUÐMUNDUR GUNNARSSON

Stjórnendur fyrirtækisins hafa ekki viljað tjá sig efnislega um málið við fjölmiðla. Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan, segir þó að engin frekari viðbrögð séu ráðgerð en komi fram í ofangreindri yfirlýsingu. Hann segir það ekki standa til að funda frekar með trúnaðarráði né starfsmönnum vegna málsins.

Guðmundi Gunnarssyni, formanni Rafiðnaðarsambandsins, hafði ekki borist yfirlýsingin þegar Fréttablaðið hafði samband

við hann. Hann segir það mjög óeðlilegt að fjölmiðlum berist niðurstaða í málinu áður en þær séu kynntar trúnaðarráði en að þannig starfshættir komi sér þó ekki mikli á óvart. Hann staðfestir að á fundi í gærmorgun hafi þeim verið sagt að framhald málsins yrði ákveðið eftir helgi.

Guðmundur segir greinilega mikið ósamræmi í orðum Sigurðar og annarra stjórnenda. „Hann er bara á öðru plani en Rannveig, Halldór, Þorsteinn Ingi og Hrannar. Þau eru bara í algerlega lokaðri veröld og búa til sinn eigin sannleika. Ef einhver er ekki sammála því sem þau segja þá er bara eitthvað að viðkomandi.“ Guðmundur segir það alveg á hreinu að málinu sé ekki lokið af þeirra hálfu. „Þetta leiðir til þess að ályktuninni ásamt öðrum gögnum um atburði síðustu missera verður snarað yfir á frönsku og ensku og send yfirstjórn Alcan í Kanada.“

thorur@frettabladid.is

Fundað var um land- og strandflutninga í samgönguráðuneytinu í vikunni:

## Atlantsskip skoða arðsemina

**SAMGÖNGUR** Atlantsskip vinna nú að könnun á arðsemi strandflutninga umhverfis landið. Gunnar Bachmann, framkvæmdastjóri Atlantsskipa, segist finna fyrir miklum áhuga hjá fyrirtækjum á landsbyggðinni fyrir strandflutningum. „Eimskip og Samskip, okkar samkeppnisfyrirtæki á markaði, eru þau fyrirtæki sem stunda landflutninga. Við erum ekki að njóta þeirra kjara sem þau geta boðið viðskiptavinum sínum og þar af leiðandi höfum við verið að meta hvort gjaldskráin, sem stuðst er við, dugi

til þess að standa undir strandflutningum,“ segir Gunnar.

Hann vonast til þess að fyrirtæki og íbúar á landsbyggðinni sjái hag sinn í því að nýta sér strandflutninga. „Við ætlum okkur að auglýsa eftir fyrirtækjum sem hafa áhuga á því að nýta sér þessa þjónustu. Ég hef fulla trú á því að það sé áhugi fyrir því hjá fyrirtækjum á landsbyggðinni, að nýta sér strandflutninga.“

Fulltrúar skipafélaga, Samtaka verslunar og þjónustu og Vegagerðarinnar hittust á fundi í samgöngu-



**VINNA VIÐ GÁMA** Landflutningar hafa álfarið tekið við af strandflutningum, en það gæti breyst í framtíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ráðuneytinu á miðvikudag. Þar var rætt um þróun í landflutningum og strandflutningum.

- mh

**GIGTARFÉLAG ÍSLANDS** 30 ára 9. október

**Opið hús í dag**

Í tilefni af 30 ára afmæli Gigtarfélagsins verður opið hús á Gigtarmiðstöðinni að Ármúla 5, í dag 14. október frá kl. 13:00 til 16:30. Dagskráin er:

- 13:00 Ávarp. Þóra Árnadóttir varaform. GÍ
- 13:15 Rannsóknarstofa í gigtarsjúkdómum 10 ára. Kristján Steinsson gigtarlæknir.
- 13:30 Afhending styrkja.
- 13:40 Tónlist.
- 13:55 Hlé - Húsið skoðað, starfsemi kynnt.
- 14:15 Spennandi tímar, stórstígar framfarir. Arnór Víkingsson gigtarlæknir.
- 14:45 Hlé - Húsið skoðað, starfsemi kynnt.
- 15:15 Slitgigt og liðaktín. Helgi Jónsson, gigtarlæknir.
- 15:45 Hlé - Húsið skoðað, starfsemi kynnt.

**Rétt hreyfing bætir líðan og eykur þrótt**

**Allir velkomnir**

Gigtarfélag Íslands

**FRÉTTABLAÐIÐ** **AUGLÝSINGASÍMI** **550 5000**



# Kringlu 20-50% kast

AFSLÁTTUR AF  
NÝJUM VÖRUM

fim-sun



Opið 10-18 í dag

Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
10.00 - 18.30	10.00 - 21.00	10.00 - 19.00	10.00 - 18.00	13.00 - 17.00

[www.kringlan.is](http://www.kringlan.is) / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Nýtt kortatímabil

Kringlan

## TÖLVUNARFRÆÐI

# Námskeið um sannprófun líkana fyrir rauntímakerfi

**Mánudaginn 16. október** heldur **Kim Guldstrand Larsen**, prófessor í tölvunarfræði við Álaborgarháskóla, námskeið um sannprófun líkana ("model checking") fyrir rauntímakerfi. Námskeiðið fer fram í húsakynnum tækni- og verkfræðideildar HR, Kringlunni 1 (gamla Morgunblaðshúsinu), í stofu K22. Námskeiðið er haldið á vegum Þekkingaseturs í fræðilegri tölvunarfræði (ICE-TCS).

**Námskeiðið stendur frá kl. 8:30 til 12:00 og er þátttaka ókeypis.** Skráning fer fram á netfanginu [luca@ru.is](mailto:luca@ru.is)

**Þriðjudaginn 17. október**, frá kl. 9:00 til 10:00 verður námskeiðinu fylgt eftir á sama stað, með verkefnaátíma, þar sem **Alexandre David**, lektor við Álaborgarháskóla, sýnir hvernig beita má ofangreindri aðferðafræði við lausn á hagnýtum verkefnum.



Kim Guldstrand Larsen er með doktorspróf í tölvunarfræði frá Edinborgarháskóla í Skotlandi. Hann gegnir prófessorstöðu við Álaborgarháskóla í Danmörku og er iðnaðarprófessor við háskólann í Twente í Hollandi. Hann er meðlimur í konunglegu dönsku vísindaakademíunni og í dönsku tæknivísindaakademíunni. Hann er sá tölvunarfræðingur í Danmörku sem mest var vitnað í á árunum 1999-2004 og hlaut hann viðurkenningu fyrir það í fyrra.



**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEIÐI 2 • KRINGLANI 1 • HÖFDABAKKA 9  
SÍMI: 599 6200 • [www.hr.is](http://www.hr.is)

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ



## Samfylkingin í borgarstjórn gagnrýnir túlkun borgarstjóra á skýrslu um fjármál: Villt hafi verið um fyrir fólki

**BORGARMÁL** Borgarstjórnarfulltrúar Samfylkingarinnar segja borgarstjóra hafa gróflega villt um fyrir borgarbúum þegar hann hafi aflutt nýja skýrslu KPMG um fjármál borgarinnar. Kynntu þeir í gær sínar niðurstöður úr skýrslunni sem sýni sterka fjárhagsstöðu borgarinnar.

Í fyrsta lagi er bent á að hreinar skuldir borgarsjóds hafi lækkað úr 15 í 1,2 milljarða króna seinustu tíu árin. Í öðru lagi hafi svigrúm til fjárfestinga aukist verulega frá árinu 1994. Í þriðja lagi hafi frávik frá samþykktum fjárhagsáætlunum verið nánast engin. Í fjórða lagi er fréttaflokkur

ingur í kjölfar skýrslunnar sagður stórlega brenglaður, einkum vegna rangtúlkana borgarstjóra.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir lykilstærðir sem beri vitni um hvað vel hefur gengið vanta í meginniðurstöðum. „Ég sé fyrir mér að menn muni nota þessa skýrslu pólitískt sem afsökun fyrir því að þeir framkvæmi ekki öll dýru kosningaloforðin sín sem þeir voru búnir að segjast ætla að gera fyrir borgarbúa. En þessi skýrsla er samantekt þess sem lá fyrir um síðustu áramót og því myndi það ekki ganga upp hjá þeim.“

- sdg



**BORGARFULLTRÚAR SAMFYLKINGAR** Fulltrúar minnihlutans segja uppbyggingu þjónustu, innviða og eigna aldreifa hafa verið meiri í sögu borgarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Icelandair færir út kvíarnar:

## Auka framboð um 17 prósent

**SAMGÖNGUR** Icelandair hefur ákveðið að stórauka framboð sitt á flugferðum til og frá landinu næsta vor. Framboðið eykst um



**JÓN KARL ÓLAFSSON**

sautján prósent og verður það mesta í sögu fyrirtækisins. Byrjað verður að fljúga til Björgvinjar í Noregi, Gautaborgar í Svíþjóð og Halifax í Kanada, en auk þess verður flogið að morgni frá Keflavík til Boston og New York. Ekki verður lengur flogið til San Francisco eins og gert hefur verið tvö undanfarin sumur. Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, segir miklar vonir gerðar til þessara breytinga, einkum flugsins til Björgvinjar, en þaðan er ekki flogið til Bandaríkjanna og því telur hann fjölda tækifæra þar sem fyrirtækið geti nýtt sér.

- kdk

## LÖGREGLUFRETTIR

### Bílveltur í Bíldudal

Maður slapp lítið slasaður eftir að bíll valt og endaði út í læk á þriðjudaginn. Kvöldið eftir valt bíll með þrjú farþega. Enginn slasaðist alvarlega.



**ÁNÆGÐUR Í HÓPI VELUNNARA SINNA** Muhammed Junus sagði það heldur betur óvænta ánægju að fá friðarverðlaun Nóbels í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Junus fær friðarverðlaunin

Bankastjóri í Banglades fær friðarverðlaun Nóbels ásamt bankanum sínum. Mohammed Junus lánar fátækum upphæðir, sem þeir eiga auðvelt með endurgreiða, en nægja til að koma undir þeim fótunum.

**NOREGUR, AP** „Ég er svo ánægður,“ sagði Muhammed Junus í gær þegar honum bárust fréttir af því að hann fengi friðarverðlaun Nóbels í ár. „Þetta eru virkilega góðar fréttir fyrir alla þjóðina.“

Yunus er frumkvöðull að örlánastarfsemi í Banglades, nýbreytni í lánastarfsemi sem felur það í sér að fátæku fólki, einkum konum, eru lánaðar smáar upphæðir til þess að hrinda af stað lítilli atvinnustarfsemi.

Norska nóbelsverðlaunanevndin segir að Junus og Grameen-bankinn, sem hann rekur í Banglades, hljóti verðlaunin í ár fyrir starf sitt, sem hefur hjálpað milljónum manna að brjótast út úr fátækt með því að fjölga efnahagslegum og félagslegum tækifærum þeirra.

„Varanlegur friður næst ekki nema stórir hópar fólks finni leiðir til að brjótast út úr fátækt,“ sagði nefndin í tilkynningu sinni í gær. „Örlánastarfsemi er ein slík leið. Þróun neðan frá þjónar einnig þeim tilgangi að auka mannréttindi og lýðræði.“

Grameen-bankinn, sem Junus stofnaði árið 1976, er með starfsemi í sjö hundruð þorpum í Bangla-

des og er að eigin sögn með 6,6 milljónir lántakenda á sínum vegum. Hvorki meira né minna en 97 prósent þeirra eru konur.

Lánaupphæðin er yfirleitt ekki hærri en nokkur þúsund krónur og lánin eru eingöngu veitt fólki sem telst of fátækt til þess að eiga möguleika á venjulegu bankaláni.

Þessi lánaaðferð, sem Junus er frumkvöðull að, þykir hafa gefist vel, ekki aðeins í Banglades, heldur víða í Asíu, Afríku og Mið-Austurlöndum.

Ole Danbolt Mjøs, formaður norsku Nóbelsnefndarinnar, rifjar upp að Junus hafi á áttunda áratug síðustu aldar sjálfur veitt tugum manna lítil lán - áður en hann stofnaði bankann. Fólkið fékk lán frá honum til þess að kaupa til vefstóla. „Síðan fékk fólkið vefstólana fljótt, byrjaði skömmu síðar að vefa og greiddi honum fljótleiga til baka.“

Ráðstöfun verðlaunanna í ár hefur komið mörgum á óvart. Verðlaunaféð nemur tíu milljónum norskra króna, rúmlega hundrað milljónum íslenskra króna, og verður afhent á hátíðarsamkomu í Ósló hinn 10. desember næstkomandi.

[gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

## Höldum óhreinindum á mottunni

Úti- og innimottur fyrir íslenskar aðstæður



**NOTRAX**® gólfmottukerfið

...fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm  
...hindrar að gólfíð innandyrna verði hált  
...heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu

Á tilboði  
í október 2006  
Úti- og innimottur  
af ýmsum gerðum  
og stærðum

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhúsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • [www.rv.is](http://www.rv.is)



Sigþóra Gunnarsdóttir  
Sölumaður í verslun RV



10.10.01 - 10.10.06

SMÁRALIND ER 5 ÁRA

# BARNAFJÖR

Í VETRARGARÐINUM FRÁ KL. 14-16



KL.14.00 Skemmtilegasti skemmtanastjóri í heimi heldur utan um fjörið.  
**ÖRN ÁRNASON**

Litríku vinkonurnar frá Ævintýralandi koma í heimsókn og kæta hjörtu allra barna.

KL.14.10  
**SKOPPA OG SKRÍTLA**



KL.14.30 Allir saman nú, krakkarnir kunna lögin úr Söngvaborg.  
**SÖNGVABORG  
MARÍA OG SIGGA**



KL.15.00 Íþróttaálfurinn, Halla hrekkjusvín og Solla stírða mæta og koma krökkunum í heilsusamlegt stuð.  
**LATIBÆR**



KL.15.20 Vinsælasta söngtrío barnanna tekur lög úr Stóru Stundinni okkar.  
**BIRGITTA HAUKDAL  
JÓNSI OG SVEPPI**



KL.15.40 Snæfríður og Stigur koma í fyrsta sinn fram opinberlega ásamt bandinu úr Stundinni okkar.  
**STUNDIN OKKAR**

**ÓTRÚLEG  
AFMÆLIS-  
TILBOÐ**

**GLÆSILEG  
TÍSKUSÝNING  
Í GÖNGUGÖTU  
KL.16 Í DAG**

KYNNIR: VALDÍS GUNNARSDÓTTIR  
DJ: GÍSLI GALDUR

 Smáralind  
**BETRI LEIÐ  
TIL AÐ VERSLA**

Komdu og náðu þér í eintak af tímariti Smáralindar í afmælisbúningi

## Nordica hotel

ICELANDAIR HOTELS



## Fullkomin jólastemning með KK & Ellen

Upplifðu jólastemninguna á Nordica hotel þar sem glæsilegt jólahlaðborð svignar undan kræsingum laugardagana 25. nóv. og 2. des., 9. des. og 16. des. KK og Ellen sjá um að skapa rétta andrúmsloftið með hugljúfri jólatónlist. Einnig bjóðum við gistingu á sérstöku jólaverði.

Nánari upplýsingar í síma 444 5052 eða veislur@icehotels.is.

Landbúnaðarráðherra segir nefnd skoða 130 tollnúmer og koma með tillögur:

## Undrast hátt verð á kjúklingum

**MATVÆLAVERÐ** Nefnd landbúnaðarráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og viðskiptaráðuneytisins mun á næstunni fara yfir 130 tollnúmer og vinna útfærslu á því hvernig hægt sé að lækka tolla á kjóti um allt að fjórutíu prósent. Stefnt er að því að niðurstaðan liggi fyrir um áramót.

„Aðalatriðið er að ríkisstjórnin segir að þetta geti verið allt að sextán prósentum. Þarna er ríkið að gefa verulega eftir af sínum tekjum og inn í þetta er mjólkur-iðnaðurinn að koma,“ segir Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra.

Hann hvetur stórverslanirnar til að leggja sitt af mörkum og

lækka álagningu þannig að matarverð lækki um þrjú til fjögur prósent til viðbótar. Honum finnst umræðan síðustu daga benda til að stórverslanir séu farnar að geraldíðuraðgerðum ríkisstjórnarinnar og spyr hvers vegna.

„Sem neytandi er ég hugsji og undrandi yfir verðlagningu á innlendum og innfluttum kjúklinga-bringum og nautakjóti. Verðið er 2.700-4.000 krónur. Það er ekki í samræmi við verð til bænda eða þá tollvernd sem er í gildi í dag.“

Guðni segir að aðgerðirnar hafi áhrif á lækkan tollkvóta og magn, sem aftur hafi áhrif á innanlandsverð. „Einn liður í þessu er að gera



**GUÐNI ÁGÚSTSSON** Segir ýmislegt benda til þess að kaupmenn séu farnir að gera lítið úr aðgerðum stjórnvalda. Samninga um tollkvóta við Evrópusambandið og fá í staðinn aukinn útflutning á íslenskum vörum til Evrópu. - ghs

Guðrún Ögmundsdóttir:

## Býður sig fram í 4.-5. sæti

**STJÓRNMÁL** Guðrún Ögmundsdóttir alþingismaður gefur kost á sér



**GUÐRÚN ÖGMUNDS-DÓTTIR**

í 4.-5. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík. Prófkjórið er sameiginlegt fyrir bæði Reykjavíkurborg og Reykjavíkurborgarmenn. Guðrún hefur setið á þingi síðan 1999 og skipaði 3.

sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavíkurborgarmenn norður í síðustu kosningum. Hún nam félagsfræði og er lærður félagsráðgjafi og fjölmiðlafræðingur. Prófkjórið verður haldið 11. nóvember. - bps



**ÞINGFORSETARNIR SAMAN** Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, tók á móti Jagland í Alþingishúsinu á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Möguleikar á samstarfi

Thorbjörn Jagland, forseti norska Stórbingsins, segir nýja möguleika á auknu samstarfi Norðmanna og Íslendinga eftir brottför Bandaríkjahers héðan. Jagland var í opinberri heimsókn hér.

**ÍSLAND-NOREGUR** Íslendingar og Norðmenn eiga mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta í Norður-Atlantshafi og breytingarnar á högum Íslands við brottför bandaríska varnarliðsins skapa nýjar áskoranir og tækifæri til nánara samstarfs þjóðanna. Þetta segir norsk forsetinn Thorbjörn Jagland í viðtali við Fréttablaðið, en hann lauk í gær tveggja daga opinberri heimsókn sinni hingað til lands með viðræðum við forseta lýðveldisins að Bessastöðum. Á fimmtudag hitti hann forseta Alþingis, Sólveigu Pétursdóttur, og fleiri fulltrúa Alþingis.

Jagland var leiðtogi norska Verkamannaflokksins frá 1992 til 2002, forsætisráðherra 1996-1997 og utanríkisráðherra 2000-2001. Við þingforsetastöðunni tók hann er samsteypustjórn Verkamannaflokksins, Sósíalíska vinstriflokksins og Miðflokksins, undir forsæti Jens Stoltenberg, tók við völdum fyrir ári.

Spurður hvað hefði verið efst á baugi í viðræðum hans hér segir Jagland öryggis-, umhverfis- og auðlindamál í Norður-Atlantshafi standa upp úr. „Það sem er athyglisverðast er það sem er að gerast í Norður-Atlantshafi, þar eru að verða miklar breytingar sem snerta bæði Noreg og Ísland. Það er stóraukinn áhugi í Noregi á norðursvæðasamstarfi, enda hafa þar nýir möguleikar opnast eftir að kalda stríðinu lauk, ekki síst á samstarfi við Rússland. Það eru miklir hagsmunir í húfi, bæði vegna loftslagsbreytinganna - bráðnunar heimskaupnaðsins - og vegna jarðgas- og olíulinda undir hafsbotni í Barentshafi,“ segir Jagland.

Hann kveður Ísland nú finna með ápreifanlegri hætti en áður fyrir breytingunum eftir lok kalda stríðsins, með brottför Bandaríkjahers frá landinu. „Að mínu mati opnar þetta nýja möguleika á nánara samstarfi Íslands og Noregs, einkum á sviði björgunarviðbúnaðar og landhelgisgæslu. Þetta er ný staða sem er krefjandi en skapar líka ýmsa nýja möguleika.“ Vísar Jagland þar meðal annars til þess að Íslendingar og Norðmenn ætla að sameinast um útboðákaupumánýjum björgunarbryllum.

Jagland segir Evrópumálin líka hafa borið á góma. Löndin tvö eigi mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta í rekstri EES-samningsins og samskiptunum við Evrópusambandið. Hann vonist til að bæði íslensk og norsk stjórnvöld verði virkari í hagsmunagæslustarfi sínu gagnvart stofnunum Evrópusambandsins, ekki síst gagnvart ríkisstjórnnum ESB-ríkjanna sem hafa síðasta orðið um flesta nýja Evrópulöggjöf, og Evrópuþingið sem EFTA-ríkin í EES hafa annars engan formlegan aðgang að.

Jagland segir það bókstaflega „sorglegt“ að Noregur skuli ekki eiga fulltrúa við borðið þar sem orkumálastefna Evrópusambandsins er mótuð, í ljósi þess hve gríðarlegra hagsmuna Norðmenn hafi að gæta á því sviði. Í þeim samanburði séu kröfur ESB um aukin framlög EFTA-ríkjanna í þróunarsjóði ESB í tengslum við næstu stækkun þess, er Rúmenía og Búlgaría fá inngöngu um næstu áramót, algjörir smámunir.

audunn@frettabladid.is

# Komdu og ræddu málin



Komdu í kosningamiðstöðina um helgina, fáðu þér kaffi og spjallaðu við Illuga.


**Kosningamiðstöðin er opin frá klukkan 14:00-19:00 laugardag og sunnudag.**

Skemmtilegt barnahorn fyrir yngstu kynslóðina.

Hlökkum til að sjá þig. *Stuðningsmenn Illuga.*

Prófkjör okkar sjálfstæðismanna er 27. og 28. október nk.

71



**JÓLATRÉ**

Glæsileg jólatré með seríu, einnig fánlegt í rauðum og bláum lit og í 2 stærðum. Stærð 45 sm verð aðeins **1.990,-**  
Stærð 90 sm verð aðeins: **3.990,-**

**dagur til jóla!**



VERÐ AÐEINS:  
**1.490,-**

**KIRKJA**

Falleg kirkja úr „polystone“ með ljósi.



VERÐ AÐEINS:  
**1.990,-**

**KERTASTJAKI**

Hringlaga kertastjaki fyrir 4 kert. Þessi sómir sér vel á hvaða borði sem er! Fæst í silfurlituðu.



VERÐ FRÁ:  
**499,-**

**KERTASTJAKAR**

Fallegir sprittkertastjakar með glerglösum og laufum. Fánlegir fyrir 1, 2 og 3 kert. Stærð á 3ja kerta: 23 x 14 x 35 sm.



VERÐ AÐEINS:  
**3.990,-**

**KERTASTJAKAR HREINDÝR**

Gullfallegir hreindýrakertastjakar fyrir 6 sprittkerti. Fást í svörtu og silfurlituðu. Hæð á kertastjaka er 30 sm.

**AÐEINS ÓDÝRARI!**

**„TOSCANA“ TUNGUSÓFI**

Fallegur tungusófi úr slitsterku, teflonmeðhöndluðu míkrofíber efni. Litur: camel og rauður. Stærð B: 229 x H: 71 x D: 84/162 sm. Verð aðeins: **49.900,-**



**„HØIE CELEBRATION“ SÆNG**

Dúndurgóð sæng fyllt með holtrefjum. Stærð 140 x 200 sm. Þyngd 1000 gr. Aþentað ákæði úr bómullarcambric. Sængin kemur í góðum poka.



**„HELLE“ SJÓNVARPSSKÁPUR**

Fallegur sjónvarpsskápur í hlyn lit með hillum og glerhurðum. Stærð H: 40 x D: 40/60 x B: 110 sm.



**„CATANIA“ SVEFNSÓFI**

Stílhreinn og flottur svefnsófi. Fæst í kremlit. St. 236 x 85 x 87 sm. Útdreginn er svefnsófinn 120 x 198 sm.



**PLUS B10 BOXDÝNA**

Tvöfalt gormalag með falllegu vatteruðu, jaquardofnu áklæði. Í efra lagi eru 230 Bonell/LFK-gormar á hvern fermetra og í neðra lagi dýnnar eru 150 Bonellgormar á hvern fermetra. Miðlungs síf. Innifalið í verði er 5 sm þykk og góð yfirdýna. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri og gegnheiltri furu.



www.rumfatalagerinn.is

**KAUPHÖLL ÍSLANDS** [Hlutabréf]**ICEX-15** 6.482 **+0,21%** Fjöldi viðskipta: 593  
Velta: 7.125 milljónir**MESTA HÆKKUN**

FL Group +1,76%  
Icelandic Group +1,26%  
Tryggingamiðstöðin +1,25%

**MESTA LÆKKUN**

SS -2,56%  
Dagsbrún -0,79%  
Landsbankinn -0,72%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis % ... Alfesca 4,95 -0,60%  
... Atlantic Petroleum 596,00 +1,02% ... Atorka 6,51 +1,09% ...  
Avion 31,10 -0,64% ... Bakkavör 58,70 +0,86% ... Dagsbrún 5,05  
-0,79% ... FL Group 23,10 +1,76% ... Glitnir 21,50 +0,00% ... Kaup-  
þing 890,00 +0,45% ... Landsbankinn 27,50 -0,72% ... Marel 81,50  
+1,24% ... Mosaic Fashions 16,90 -0,59% ... Straumur-Burðarás  
17,30 +0,58% ... Össur 124,00 -0,40%

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

**Peningaskápurinn ...****Forskot á helgina**

Skrifstofum Íbúðalánasjóðs í Höfðaborginni var lokað stundvíslega á hádegi í gær og verða opnaðar aftur á mánudagsmorgun. Þá tók nefnilega við skipulagsdagur starfsfólks Íbúðalánasjóðs. Skipulagsdagur eru víða vinsælir, ekkert síður hjá einkafyrirtækjum en meðal opinberra stofnana og fyrirtækja. Það er þó varla hægt að tala um nútímaleg vinnubrögð þegar eitt stærsta þjónustu- og fjármálfyrirtæki landsins skellir kontórnum í lás á virkum degi af þessum ástæðum. Bankarnir, sem eiga í samkeppni við Íbúðalánasjóð, taka sér daga sem þessa um helgar þannig að það bitni ekki á hefðbundinni starfsemi – og það sama á við um flest fyrirtæki sem njóta ekki ríkisförsjár.

**Íbúðalánasjóður****Danskir bankar ekki að standa sig**

Annarri hverri bankastofnun í Danmörku hefur verið hent út af vefnum *Pengepriser.dk*, sameiginlegum gagnabanka þeirra með verðyfirliti á netinu. Alls er þarna um þrjátíu banka og sparisjóði að ræða sem fjárlægðir voru af vefnum, en þar voru áður upplýsingar um nálægt því 120 bankastofnanir. Børsen greinir frá því að ástæða tiltektarinnar sé að brottreknu bankarnir hafi ekki skilað réttum upplýsingum á vefnum. Ekki er þó svo að skilja að þeir eigi ekki afturkveamt, en mikilvægt þótti að slá allharkalega á fingur þeirra, svona upp á trúverðuleika vefsins að gera. Væntanlega á því eftir að fjölga aftur á vefnum eftir því sem bankarnir taka til hjá sér og laga upplýsingastreymið.

**MARKAÐSPUNKTAR**

Seðlabanki Japans tilkynnti í gær að stýrivextir þar í landi verði óbreyttir. Stýrivextirnir í Japan hafa verið 0,25 prósent síðan í júlí þegar bankinn ákvað að láta af núllvaxtastefnu sinni og hækkaði vexti í fyrsta sinn í sex ár.

Indverska hlutabréfavisitalan Sensex fór í nýjar hæðir í kauphöll Indlands í gær þegar gengi hennar fór í 12.677 stig. Gengi vísitölunnar hefur aldrei verið hærra.

Glitnir tilkynnti um 2,5 milljarða króna útgáfu á svokölluðum jöklaþróttum til tæplega tveggja ára í gær en heildarútgáfa krónubréfa nemur sautján milljörðum króna síðastliðnar tvær vikur. Gengi krónunnar hefur styrkst um tæp fjögur prósent á þessum tíma, að sögn greiningardeildar Landsbankans.

**Úr bólgu í hjöðnun**

Landsbankinn gerir ráð fyrir að verðbólga lækki hratt og verði engin á næsta ári.

Fyrri spá greiningardeildar bankans hljóðaði upp á þriggja prósentu verðbólgu árið 2007 en henni var breytt eftir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um lækkan skatts á matvælum, sem kemur til framkvæmda í mars á næsta ári.

Reiknar Landsbankinn með verðhjöðnun framán af árinu 2007. Veldur það átján milljarða lækkan á verðtrygðum skuldum heimilanna á fyrri hluta næsta ár gangi spár Landsbankans eftir. Til samantburðar reiknar Greiningardeild Kaupþings með 3,5 prósentu meðalverðbólgu á næsta ári samkvæmt endurskoðaðri verðbólguþspá. - eþa

**Straumi eignaður stór hlutur í Landsbankanum fyrir mistök**

Milljarðahlutur skráður á rangan hluthafa. Sund og FL Group kaupa í LÍ.

Straumi-Burðarási hefur undanfarna daga verið eignaður yfir sex prósentu tilkynningarskyldur hlutur í Landsbankanum fyrir mistök. Fjárfestingarbankinn átti 1,45 prósent í Landsbankanum hinn 5. október en í gærmorgun var hann skráður fyrir 6,34 prósentum, samkvæmt hluthafalista sem birtur var á heimasíðu Landsbankans.

Það hefði nægt Straumi til að vera annar stærsti eigandinn á eftir Samson eignarhaldsfélagi, félagi Björgólfsföga. Sex prósentu hlutur í Landsbankanum er metinn á tæpa níttján milljarða króna.

Þær upplýsingar fengust hjá Straumi að um villu hefði verið að ræða í hluthafaskrá Landsbankans sem hefur verið leiðrétt. Félagið vildi ekki gefa upp nákvæman eignarhlut sinn í bankanum.

Samkvæmt upplýsingum frá Verðbréfaskráningu Íslands (VS) er það þeirra aðila sem eiga með sér viðskipti að tilkynna um þau til

Verðbréfaskráningar. Hluthafaskrá Landsbankans og annarra skráðra félaga er keyrð í gegnum kerfi VS og því fara breytingar á eignarhaldi í félögum ekki í gegnum útgefandann sjálfan nema hann hafi milligöngu um viðskiptin. Svo var ekki í þessu tilfalli eftir því sem næst verður komist.

Nokkrar breytingar hafa orðið á lista yfir stærstu eigendur í Landsbankanum að undanfögnu. Fjárfestingafélagið Sund og Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar eru komin í hóp tíu stærstu hluthafa bankans en félögin halda hvort um sig utan um tæplega 1,5 prósentu hlut.

FL Group á nú orðið eitt prósent hlutafjár í Landsbankanum og hefur bætt við sig bréfum á undanfögnu. [eggert@frettabladid.is](mailto:eggert@frettabladid.is)

**HÖFUÐSTÖÐVAR LANDSBANKANS**  
Straumur var ranglega skráður fyrir 6,34 prósentu hlut í bankanum.

**Heimila samruna**

Samkeppniseftirlitið hefur komist að þeirri niðurstöðu að samruni Existu og VÍS hafi ekki áhrif á samkeppni, enda sé starfsemi annars vegar Existu og hins vegar VÍS eignarhaldsfélags og dótturfélaga ólík. Samrunaaðilar eigi enga hluti í fyrirtækjum sem séu í samkeppni á markaði og því sé ekki fyrrsjáanlegt að samruninn muni draga úr samkeppni eða mynda eða styrkja markaðsráðandi stöðu.

Í sumar keypti Exista 80,8 prósentu hlut í VÍS og á eftir kaupin um 99,93 prósentu eignarhlut í félaginu. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaupin í sér samruna og



**VÍS OG EXISTA LÖGLEGT PAR** Samkeppniseftirlitið hefur gefið grænt ljós á samruna VÍS og Existu.

því féll samruninn undir samruna- eftirlit. Hinn 10. júlí tilkynnti Samkeppniseftirlitið að það teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans. - hhs



Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins vill vekja athygli almennings á því að skipulögð bólusetning gegn influensu hefst á öllum heilsugæslustöðvunum mánudaginn 16. október 2006.

Hverjum er einkum ráðlagt að láta bólusetja sig?

- Öllum sem orðnir eru 60 ára.
- Öllum, bæði börnum og fullorðnum, sem þjást af langvinnu hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Starfsfólki heilbrigðisþjónustu og öðrum sem daglega annast fólk með aukna áhættu.

Fyrirkomulag bólusetningar getur verið mismunandi milli heilsugæslustöðva. Vinsamlegast leitið upplýsinga á vef Heilsugæslunnar [www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is), eða hafið samband við hlutaðeigandi heilsugæslustöð.

Heilsugæslan Árbæ, Reykjavík	s: 585 7800
Heilsugæslan Efra-Breiðholti, Reykjavík	s: 513 1550
Heilsugæslan Efstaleiti, Reykjavík	s: 585 1800
Heilsugæslan Firði, Hafnarfirði	s: 540 9400
Heilsugæslan Garðabæ	s: 520 1800
Heilsugæslan Glæsibæ, Reykjavík	s: 599 1300
Heilsugæslan Grafarvogi, Reykjavík	s: 585 7600
Heilsugæslan Hamraborg, Kópavogi	s: 594 0500
Heilsugæslan Hlíðum, Reykjavík	s: 585 2300
Heilsugæslan Hvammí, Kópavogi	s: 594 0400
Heilsugæslan Miðbæ, Reykjavík	s: 585 2600
Heilsugæslan Mjódd, Reykjavík	s: 513 1500
Heilsugæsla Mosfellsumdæmis	s: 510 0700
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	s: 561 2070
Heilsugæslan Sólvangi, Hafnarfirði	s: 550 2600
Heilsugæslan Lág múla 4, Reykjavík	s: 595 1300
Heilsugæslan Salahverfi, Kópavogi	s: 590 3900

Búast má við að bólusetning geti veitt a.m.k. 70% vörn gegn sjúkdómnum auk þess sem hann verður vægari hjá þeim í hópi bólusettra sem veikjast. Þeim sem leita vilja ráðgjafar er bent á sína heilsugæslustöð. Upplýsingar er að finna á vef Heilsugæslunnar, [www.heilsugaeslan.is](http://www.heilsugaeslan.is) Fræðslufni um influensu má finna á vef Landlæknisembættisins, [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

Reykjavík 14. október 2006.

**HEILSUGÆSLAN****Útgerðum í Ósló fjölgar**

Prítugur forstjóri fer fyrir Austevoll Seafood.

Norska útgerðarfélagið Austevoll Seafood var skráð í Kauphöllina í Ósló í vikunni að undangengnu hlutafjárútbóði. Er virði félagsins metið á 75 milljarða króna sem gerir það að næststærsta sjávarútvegsfyrirtækinu á eftir Pan Fish. Þetta kemur fram í Morgun-korni Glitnis.

Austevoll er umsvifamikill í uppsjárveruðum í Noregi og í framleiðslu á fiskimjöli í Chile og Perú. Ætlunin er að nota nýja hlutaféð til vaxtar í þessum þremur löndum. Veltir félagið um 37 milljörðum króna á ári.



**SÍLDVEIÐAR** Nýja útgerðarfélagið Austevoll Seafood stendur framlega í veiðum á síld og makrill.

Forstjóri félagsins er hinn þrítugi Arne Møgster, sem er jafnframt yngsti forstjórinn í norsku kauphöllinni, en faðir hans og frændi eru stærstu hluthafar Austevoll. - eþa

**Sækja peninga með samúræjabréfum**

Kaupþing banki hefur gefið út svokölluð Samurai-skuldabréf í Japan fyrir samtals fimmtíu milljarða japanskra jena, sem svarar 29 milljörðum króna. Skuldabréfaútgáfan er sú fyrsta hjá Kaupþingi í Japan.

„Skuldabréfin eru gefin út til þriggja ára og framleiðslu á fiskimjöli í Chile og Perú. Ætlunin er að nota nýja hlutaféð til vaxtar í þessum þremur löndum. Veltir félagið um 37 milljörðum króna á ári.“ segir í tilkynningu bankans. Fram kemur að umframfyrirspurn hafi verið eftir bréfunum, en alls óskuðu fjárfestar eftir að kaupa skuldabréf fyrir rúmlega 75 milljarða jena. „Var því ákveðið að stækka skuldabréfaútgáfuna úr tuttugu milljörðum jena, eins og gert var ráð fyrir í upphafi, í fimmtíu milljarða jena. Skuldabréfin voru seld til fjölbreytts hóps



**VIÐ BORGARTÚN** Byggt við Kaupþing.

japanskra fagfjófesta, en 63 fjárfestar tóku þátt í útböðinu.“

Guðni Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri fjárfestingar Kaupþings, segir að síðustu mánuði hafi mikil áhersla verið lögð á að dreifa fjármögnun bankans og markvisst unnið að útgáfu skuldabréfa á nýjum mörkuðum.

„Við byrjuðum undirbúning vegna þessarar útgáfu í upphafi ársins þannig að þetta hefur verið nokkuð langt ferli. Viðtökur japanskra fjárfesta nú eru því sérlega ánægjulegar og gera má ráð fyrir að skuldabréfaútgáfu í Japan verði framvegis reglulegur hluti af endurfjármögnun bankans,“ segir Guðni.

Umsjón með útgáfunni höfðu Daiwa Securities SMBC og Nomura Securities Co. Ltd. - óka



## VERIÐ VELKOMIN Á KANADÍSKA MENNINGARHÁTÍÐ Í KÓPAVOGI!

**Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá er í boði fyrir alla fjölskylduna í Gerðarsafni,  
Salnum, Bókasafni Kópavogs og Smáralind:**

### LISTASAFN KÓPAVOGS - GERÐARSAFN

- Þrjár myndlistarsýningar frumbyggja nútímans 15. október til 10. desember: Carl Beam, Myron Zabol og þrívíð verk inuíta

### SALURINN

- Angela Hewitt mánudaginn 16. október og þriðjudaginn 17. október
- Red Sky og barkasöngvararnir Tracy Brown og Kendra Tagooona miðvikudaginn 18. október og fimmtudaginn 19. október
- Mary Lou Fallis og Peter Tiefenbach föstudaginn 20. október
- Málþing um kanadíska frumbyggja- og landnemamenningu laugardaginn 21. október
- Stefnumót við rithöfundinn Michael Ondaatje sunnudaginn 22. október

### BÓKASAFN KÓPAVOGS

- Kanadísk kvikmynda- og bókmenntahátíð 14.-22. október

### VETRARGARÐURINN Í SMÁRALIND

- Fjölskylduhátíð laugardaginn 21. október

**KYNNTU ÞÉR SPENNANDI DAGSKRÁ!**


[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

[www.gerdarsafn.is](http://www.gerdarsafn.is)

[www.salurinn.is](http://www.salurinn.is)

[www.bokasafnkopavogs.is](http://www.bokasafnkopavogs.is)

# Helgarveisla í kjöt- og fiskborði Nóatúns




LAMBAGÚLLAS  
Í INDVERSKU KARRÝ

**1.598** kr. kg



UNGNAUTASNITZEL  
FUNGI RASP

**1.698** kr. kg



LAMBAFILLET  
TOSKANA

**2.898** kr. kg



SJÓBLEIKJUFLÖK  
Í GRANDMARINER

**1.598** kr. kg



KEILUSTEIK  
MEÐ SKÓGARSVEPPUM

**1.118** kr. kg



ÝSA  
Í INDVERSKU KARRÝ OG KÓRÍANDER

**958** kr. kg



STEINBÍTUSTEIK  
M. KARRÝ OG SALTHNETUM

**1.118** kr. kg



ÝSA  
M. FRÖNSKU SINNEPI OG GRASLAUK

**958** kr. kg



SJÁVARRÉTTAPATÉ  
MEÐ BLÖNDUÐUM FISK

**1.278** kr. kg

**NÓATÚN**

# Bestir í kjöti...

Bestir í kjöti  
**NÓATÚN**  
í 40 ár

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns



Tamari classic  
sojasósa  
aðeins 399 kr.

GRÍSAKÓTELETTUR  
FYLLTAR M. STEIKTU  
GRÆNMETI

**1.698** kr.  
kg.

# framandi í fiski!



LAXASTEIK  
MEÐ TERYAKI

**1.118** kr.  
kg

Úr  
Fiskborði  
Nóatúns



LAXASTEIK  
MEÐ SULTUÐUM ENGIFER

**1.278** kr.  
kg

Úr  
Fiskborði  
Nóatúns



SALTFISKSPJÓT  
MEÐ BEIKONI

**398** kr.  
stk



GRÍSKUR SALTFISKUR  
AÐ HÆTTI INNFÆDDRA

**1.198** kr.  
kg



LÚÐUSTEIK  
MEÐ PAPRIKHJÚP

**1.598** kr.  
kg

MÆLIR MEÐ



SJÓBLEIKJA  
MEÐ BLÁBERJUM OG TIMJAN

**1.598** kr.  
kg

Verði ykkur að góðu!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Er stríðið gegn hryðjuverkum sviðsetning?

## Og maskínan marserar áfram

JÓN KALDAL SKRIFAR

Er það tilviljun að stríðið gegn hryðjuverkum tók við einungis fáeinum árum eftir að kalda stríðinu lauk? Eða getur verið að þetta nýja stríð, þar sem mestu herveldi heims áskilja sér rétt til fyrirbyggjandi hernaðar- aðgerða hvar sem er á hnettinum, sé að mati þessara sömu hervelda nauðsynlegt til að viðhalda völdum og áhrifum sínum á heimsvísu? Ef svo er þá er stríðið gegn hryðjuverkum tilbúningur; sviðsetning ættuð frá Washington og Lundúnum.

Í þessu samhengi var áhugavert að hlusta á Mikhaíl Gorbatsjov tala tæpitungulaust þegar hann var spurður álits á utanríkisstefnu Bandaríkjanna í Háskólabíói í fyrradag. Hann gaf ekkert út á fyrirbyggjandi hernað og sagði fyrirbyggjandi viðræður stjórnarindreka mun vænlegri til árangurs og friðar í heiminum.

Nánast á sömu klukkustund og Gorbatsjov sagði í Háskólabíói að borin von væri að koma á lýðræði með vopnavaldi birtist viðtal við óvæntan skoðanabróður hans í netútgáfu dagblaðsins Daily Mail. Þar lýsti yfirmaður breska landhersins, Richard Dannatt, því yfir að það hefði verið „barnaleg“ mistök að ætla að innrásin í Írak yrði til þess að koma á frjálsslyndu lýðræði.

Þar með bættist æðsti yfirmaður breska hersins í sívaxandi hóp þeirra sem hafa gagnrýnt stríðsrekstur og forsendur innrásarinnar í Írak. Það er nánast óþarfi að taka fram að skoðanir hershöfðingjans féllu í grýttan jarðveg hjá Tony Blair og félögum í ríkisstjórn Verkamannaflokksins, sem nú stendur nánast ein eftir í Bretlandi sem málsvari Íraksstríðsins.

Hinum megin við Atlantshafið hefur George W. Bush Bandaríkjaforseti ekki síður staðið í ströngu við að verja innrásina í Írak en Blair vopnabróðir hans.

Þegar Gorbatsjov var spurður í Háskólabíói hvernig hann mæti möguleika Bush á að leysa erfið mál, ekki síst í krafti persónulegra samskipta líkt og mynduðust milli hans og Ronalds Reagan í Höfða, skaut hann sér undan því að svara spurningunni beint og sagði að Bush hefði ekki gott „líð“ í kringum sig.

Um þetta „líð“ er hægt að fræðast nánar í spánnýrri bók Bobs Woodward, State of Denial, þar sem kemur fram hversu stóra rollu varaförsetinn Dick Cheney og umfram allt varnarmálaráðherrann Donald Rumsfeld léku í aðdraganda og stjórn innrásarinnar í Írak. Báðir eru kynslóð eldri en Bush, innmúraðir og innvígðir kaldastríðsmenn, og sá fyrirnefndi með gríðarleg ítök í bandarískum hermálmaskínunni.

Þetta eru menn af sömu kynslóð og Gorbatsjov en allt öðrum hugsanahætti. Í fyrirlestri og svörum Sovétleiðtogans fyrirverandi kom fram að á sama hátt og hann kom á nýrri hugsun í samskiptum risaveldanna fyrir tuttugu árum vill hann sjá nýja hugsun til að takast á við þau vandamál sem heimurinn stendur frammi fyrir. Þetta er skynsamleg ósk.

Gorbatsjovs verður minnst fyrir að breyta heimsmýndinni til hins betra. Arfleifið George W. Bush verður sú að hafa leitt til valda í Hvíta húsinu kaldastríðshauka sem gerðu heiminn að óöruggari stað fyrir okkur öll.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arnís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

50+

AUGLÝSING

**Kallar framtíðin á breyttar áherslur? Skiptir aldursamsetning á vinnustað máli? Er æskudýrkun á þínum vinnustað?**

Atvinnurekendur, stjórnendur, vinnumiðlarar, rannsakendur og áhugafólk um íslenskan vinnumarkað athugið!

Verkefnisstjórn 50+ efnir til fundaraðar um málefni miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði. Fyrsti fundur af þremur verður á Grand hótél, Hvammí þann 17. október n.k. kl. 8:30-10:00

Dagskrá:

1. Ávarp Magnúsar Stefánssonar félagsmálaráðherra.
2. Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur í fjármálaráðuneytinu fjallar um aldurskiptingu í atvinnugreinum.
3. Steinn Logi Björnsson forstjóri Húsasmiðjunnar og Raket Ýr Guðmundsdóttir starfsmannastjóri SPRON fjalla um stefnu fyrirtækja með tilliti til aldursdreifingar á vinnustað.
4. Umræður.

Fundarstjóri Elín R. Lindal.

Nánari upplýsingar um starf verkefnisstjórnarinnar og fundaröðina er að finna á heimasíðu Vinnumalastofnunar [www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)

Morgunverður verður framreiddur frá kl. 8:00, verð kr. 1.400.-

Þátttakendur eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig á netfangið: [margret.gunnarsdottir@vmsi.is](mailto:margret.gunnarsdottir@vmsi.is)

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Prófkjörsbarátta?

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur verið einkar áberandi á síðum Morgunblaðsins undanfarið. Mynd af honum prýðir forsíðuna í fyrradag og á miðvikudag. Svo er hann á síðu tvö í gær svo dæmi séu tekin. Dómsmálaráðherra háir nú harða baráttu í prófkjöri sjálfstæðismanna en Guðlaugur Þór Þórðarson etur kappi við hann um annað sæti í Reykjavík. Ráðherra er mikill vinur Morgunblaðsins, starfaði þar lengi og hefur reyndar átt sjálfur hlut í



Mogganum. Lesendur velta nú fyrir sér hvort Mogginn sé að hjálpa honum í prófkjörsbaráttunni eða hvort um einbera tilviljun sé að ræða.

#### Herskipið hunsað

Björn Bjarnason hefur annars verið í Bandaríkjunum undanfarið og á sunnudag mun hann halda áfram að efla tengslin við Bandaríkin með heimsókn í landgönguskipið bandaríska USS Wasp sem liggur við Skarfabakka í Sundahöfn. Bandaríska sendiráðið bauð fjölmiðlamönnum í ferð að skoða skipið í fyrradag. Fulltrúar flestra fjölmiðla voru í ferðinni en athygli vakti að Mogginn sendi engan í ferðina. Ósennilegt er að minnsta kosti að Björn hefði sleppt að fjalla um skipið þegar hann var fréttastjóri erlendra fréttaráðs Morgunblaðsins enda kunnur áhugamaður um her.



#### Í fremstu röð

Jakkafataklæddir menn og dragtarklæddar konur voru í meirihluta gesta á fyrirlestri Mikhaíls Gorbatsjov í Háskólabíói á fimmtudag. Ólafur Ragnar Grímsson bauð gestinn velkominn og settist svo á fremsta bekk þar sem röðuðu sér ríkir og valdamiklir menn á borð við Björgólf Thór og Róbert Wessmann. Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherrann fyrirverandi, lét sig ekki vanta á bekkinn en hann var við völd þegar Gorbatsjov fundaði hér með Reagan 1986. Steingrímur komst þá í heimspressuna á sundskýlunni einni fata en erlendir fréttamiðlar höfðu gaman af því að tala við þennan hressa forsætisráðherra sem stundaði sund dag hvern. [sigrídur@frettabladid.is](mailto:sigrídur@frettabladid.is)

## Enginn veit hvað átt hefur

Á mínum uppvaxtarárum var lífið í afar föstum skorðum. Silli og Valdi á horninu, prins póll og Lindubuff, kaupfélögin og kron, íhaldið eða kommarnir, Roy Rogers í Austurbæjarbíó og Tarsan í Gamla Bíó. Ingólfur í landbúnaðarráðuneytinu, Vilhjálmur Þ í útvarpinu. Hornsteinar þjóðfélagsins hreyfðust ekki. Ekki þumlung. Þjóðin var í skrúfustykki, greipt í aldarfar kalda stríðsins, embættismannavaldsins og flokkaveldisins. Þetta voru að því leyti yndislegir tímar að allir vissu hvar þeir stóðu og hvar hinir stóðu og ef ekki væri fyrir tíð verkföll og ennþá tíðari gengisfellningar hefði lífið verið litlaust og leiðinlegt. Það sem hélt hinsvegar lífinu í Íslendingum voru hatrammar og langvinnar deilur um veru varnarliðsins hér landi. Menn rifust og bitu í skjaldarrendur þegar kom að afstöðunni til hersins.

Ég man vel þann sögufræga dag, 30. mars árið 1949, þegar Alþingi samþykkti inngöngu okkar í Atlantshafsbandalagið. Stóð þar sjálfur á Austurvelli og fylgdist með látunum. Fékk tárakas í augun. Ég man líka eftir heitum umræðum okkar skólafélaganna um ágæti bandarísku útvarpsstöðvarinnar sem útvarpaði dægurlögum linnulaust. Það þótti jaðra við ættjarðarsvik að hlusta. Eða ættjarðarást að hlusta ekki. Allar götur í hálfu öld var þjóðin klofin í herðar niður í afstöðu sinni til hersins. Stefán Jónsson, útvarpsmaður og alþingismaður, harðvítugur andstæðingur hersins, sagði einu sinni við mig, niður á þingi: ef ekki væri fyrir helvítis herrinn, gætum við starfað saman, íhaldið og allaballarnir.

En það var ekki hægt og heftin var mikil og ætli þessi ágreiningur hafi ekki átt stærsta þáttinn í því, hversu lengi það dróst að rífa efna-



ELLERT B. SCHRAM  
Í DAG | Söguleg tímamót

hag, pólitik og hversdagsleikann upp úr því stríðsástandi sem hér ríkti allt of lengi. Ekki nóg með það að stjórnmálaflokkarnir gætu ekki talað saman, fjölskyldur skiptust í tvö horn, bræður bárust á banaspjótum, einstaklingar voru hundeltir og afmunstraðir og nú er verið að upplýsa að starfað hafi sérstök leyniþjónusta, einhverskonar persónunjósnarar á bak við tjöldin, sem dæmdi menn góða eða

*Mér, gömlum varðhundi í liði NATO, líður eins og þeim sem missa fjarskyldan ættingja.*

vonda, eftir því hvað þeir stóðu gagnvart hersettunni. Það var meira að segja stofnaður sérstakur stjórnmálaflokkur. Þjóðvarnarflokkur hét hann, til að standa vörð um þjóðina. Var til varnar varnarleysinu og fékk heilmikið fylgi.

Svona var ástandið. Þetta voru álagafjötrar, skelfileg ánaud fyrir litla þjóð, sem hafði engin efni á slíkrum sundrunum. Og svo efndu menn til Keflavíkurögngu annarsvegar og Varins lands hinsvegar og menn voru gráir fyrir jörnum og allur heimsfriðurinn og föðurlandsástin var undir því komin að segja hátt og skýrt, helst strax í vögunni: herinn burt eða herinn kjurt.

Og svo gerist það einn góðan

## Tafarlaus tvöföldun á Suðurlandsvegi

### UMRÆÐAN

Umferðaröryggi

Suðurlandsveginn á að tvöfalda frá Rauðavatni á Selfoss. Tafarlaust. Um það er góð samstaða á Suðurlandi en ríkisstjórnin neitar að gefa eftir og samgönguráðherra hefur boðið út hönnun á þriggja akgeina vegi. Þrátt fyrir samstillta baráttu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, þingmanna kjördæmisins og fjölda annarra Sunnlendinga.

Tvöföldun á Suðurlandsvegi er eitt okkar stærsta hagsmunamál, bæði íbúa Suðurlands og annarra Íslendinga en þetta er að verða fjölfarnasti vegur landsins utan þéttbýlis. Einnig sá sem á verða dýrustu tjónin og alvarleg slys.

Í svari samgönguráðherra við fyrirspurn minni á Alþingi um kostnað við breikkun Suðurlandsvegar kemur fram að tvöföldun á veginum kostar um sjö milljarða króna. Þetta er hóflegur kostnaður í ljósi stærðar og mikilvægis framkvæmdarinnar og þess gífurlega samfélagslega hagnaðar sem af henni mun hljóta.

Stofnun einkahlutafélags sveitarfélaga á Suðurlandi og tryggingafélagsins Sjóvá-Almennra til að þrýsta á um tvöföldun veginum til að tryggja á einkaframkvæmd getur verið góður kostur ef það liggur fyrir að um hagkvæmari framkvæmd er að ræða sem skilar okkur veginum tvöföldun fyrir. Vega-



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

tollur á þessari leið kemur aldrei til álita en skuggagjöld yrðu væntalega skoðuð þar sem ríkisvaldið greiðir hlutafélaginu eftir umferðarþunga um veginn.

Yrði sú leið farin. Stofnun félagsins ýtir á umræðuna og þrýstir á stjórnvöld. Nú skiptir miklu máli að setja af stað samstillt átak til að þrýsta á stjórnvöld til að taka til baka fyrri ákvörðun um þriggja akreina veg í stað fjögurra og fullrar breikkunar.

Fyrir ári síðan var unnin undir forystu Margrétar Frimannsdóttur, fyrsta þingmanna kjördæmisins, þingsályktunartillaga um að tvöfalda Suðurlandsveg. Sú tillaga var unnin með það að markmiði að allir þingmenn kjördæmisins tíu flyttu hana saman sem pólitíska viljayfirlýsingu um tvöföldun veginum. Það var sérstaklega gert til að tryggja að málið festist ekki í skotgröfum flokka-stjórnmála enda langt yfir það hafði.

Hér er einfaldlega um að ræða gríðarlegt hagsmunamál landsmanna allra. Samstaða um þá tillögu tókst því miður ekki en það er aldrei of seint að ná samstöðu um málið. Tillögun má endurflytja. Hún var því flutt af okkur fjórum þingmönnum Samfylkingar og þingmanns Frjálslyndra. Þessu samstöðuleysi þarf að breyta. Það er grundvöllur að árangri í málinu sem þólar enga bið.

*Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar í Suðurlandskjördæmi.*



# VIÐ EIGUM AFMÆLI



CD/DVD


~~2.599~~  
2.399

Beck  
The Information



~~2.199~~  
1.899

Evanescence  
The Open Door



~~2.199~~  
1.899

Sniglabandið  
RÚV Tops



~~2.199~~  
1.899

Scissor Sisters  
Ta Dah




~~2.199~~  
1.899

Baggalútur  
Aparnir í Eden




~~2.199~~  
1.899

Bob Dylan  
Modern Times



~~2.199~~  
1.899

Pétur Ben  
Wine For My Weakness



~~2.199~~  
1.899

Wolfmother  
Wolfmother



~~2.199~~  
1.899

The Mars Volta  
Amputechture



~~2.199~~  
1.899

Toggi  
Puppy



~~2.199~~  
1.899

Tómas R.  
Romm Tomm Tomm



~~2.199~~  
1.899

Regina Spektor  
Begin To Hope



~~1.299~~  
799

Robots  
DVD



~~4.499~~  
3.699

Simpsons  
Season 8



~~2.299~~  
1.799

Poseidon  
DVD



~~1.299~~  
799

Ice Age Cool Edition  
DVD

**NÝ OG GLÆSILEG VERSLUN  
Í KRINGLUNNI**



SKÍFAN Í 30 ÁR



## STÓRVIÐBURÐUR Í TÓNLISTARLÍFINU! ANGELA HEWITT Í SALNUM

Einn fagaðasti píanisti samtímans, **Angela Hewitt**, leikur verk eftir Bach, Beethoven, Rameau og Chabrier á tvennum tónleikum í Salnum á Kanadískri menningarhátið í Kópavogi.

Listamaður ársins 2006

Gramophone

Mánudaginn 16. október kl. 20

Þriðjudaginn 17. október kl. 20

### EINNIG Á DAGSKRÁ KANADÍSKRAR MENNINGARHÁTIÐAR Í SALNUM:

**Red Sky og barkasöngvararnir Tracy Brown og Kendra Tagoona**

Miðvikudaginn 18. október kl. 20

Fimmtudaginn 19. október kl. 20

**Mary Lou Fallis og Peter Tiefenbach**

Föstudaginn 20. október kl. 20

**Málþing um kanadíska frumbyggja- og landnemamenningu**

Laugardaginn 21. október kl. 10

**Stefnumót við rithöfundinn Michael Ondaatje**

Sunnudaginn 22. október kl. 13

**Sýning á kvikmyndinni The English Patient**

Sunnudaginn 22. október kl. 14.15



Miðasala og nánari upplýsingar á  
[www.salurinn.is](http://www.salurinn.is) og í síma 5 700 400

### MAÐUR VIKUNNAR

# Eitt skref til hægri og tvö skref til vinstri ...

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON  
STJÓRN MÁLAMADUR

„Tvisvar verður gamall maður barn. Nú er hann aftur orðinn sá eldheiti sósíalisti sem hann var á yngri árum,“ sagði einn þeirra fjölmörgu sem Fréttablaðið leit að til með það fyrir augum að reyna að draga upp mynd af manni vikunnar, sem að sjálfsögðu er hinn margbrotni krati og skarpgreindi stjórnmálaleiðtogi Jón Baldvin Hannibalsson.

Jón Baldvin sagði í vikunni frá grunsendum sínum um að sími hans hefði verið hleraður þá er hann gegndi stöðu utanríkisráðherra í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Ummæli Jóns Baldvins urðu sem olía á eld þeirrar umræðu sem hefur verið uppi undanfarið um njósnir á Íslandi. Og lýsandi fyrir manninn. Jón Baldvin er einfaldlega þeirrar gerðar að kastljós fjölmiðlanna leitar hann uppi enda talar hann gjarnan í fyrir-sögnum. Móðreykur og skemmtisiglingar milli skers og báru eiga ekki við hér.

Allir þeir sem þekkja Jón Baldvin nefna að hann sé skarpgreindur, vel lesinn og frjór í hugsun. Hann hefur þann hæfileika, sem getur reynst ókostur í pólitík, að leyfa sér að skipta um skoðun. Enda er efinn móðir viskunnar. Staðari stjórnmálamenn vita að betra getur reynst að hanga á gömlum hugmyndum: Geta þá sagt almenningi að þeir séu staðfastir – skipti jafnvel aldrei um skoðun – en svo lítilþægur er Jón Baldvin ekki.

Jón Baldvin hefur á efri árum færst aftur til vinstri, en mörgum þótti meðan Jón átti saman við Davíð að sælda að hann væri kominn til hægri við Sjálfstæðisflokkinn. Sagt er að Halldór Laxness hafi orðið sósíalisti við að horfa á umrenninga í gördum San Francisco. Þetta sama hefur nú gerst með Jón Baldvin. Árin í Bandaríkjunum, þá er hann gegndi starfi sendiherra, urðu til að tengja hann aftur vinstriinu í sjálfum sér.

Annað eðliseinkenni sem ráðgjöfum blaðsins er ofarlega í huga þegar Jón Baldvin er annars vegar er óþolinmæði. Hann er byltingarmaður og þórir illa kyrrstöðu. Þannig er sagt að honum hafi alltaf leiðst á þingi. Þrátt fyrir að vera sá mikli ræðumaður

sem hann er.

Sagt er um Jón, og má það heita þversögn þegar litid er til hvatvísinnar sem einkennir

beinlínis lært til forsætisráðherra í hagfræðináminu í Edinborg. Enda er það haft eftir Jóni sjálfum, sem þó aldrei varð forsætisráðherra og verður varla úr þessu. „Jón Baldvin er flottari en allir þeir sem nú eru uppi við pólitískt vafstur,“ segir sá þriðji. Og telur reyndar erfitt að finna þá í fortíðinni sem jafnast á við óratörinn Jón Baldvin. En áhöld eru um hvort hann sé mikill foring. Eftir formannstíð hans stóð Alþýðuflokkurinn eftir sem áhrifalaus smáflokkur í stjórnarandstöðu, klofinn niður í rót. Til þess verður þó að líta að þegar Jón Baldvin tók við flokknum var hann ekki burðugur.

Þrátt fyrir óbilandi sjálfs-traust, (sem sagt er meira en gengur og gerist af kunnugum), er eins og honum hugnist lítt að umgangast fólk á jafnréttisgrundvelli. Frægt er að þegar hann var utanríkisráð-

herra safnaði hann um sig skrautlegri hirð litríkra karaktera sem seint teljast þungavigtarmenn á hinum pólitíska velli. Þá sátu þeir iðulega á fundum í ráðuneytinu, Jón Baldvin, Ámundi Ámundason, Kiddi rótari, Birgir Dýrfjörð og Guðlaugur Tryggvi; hámuðu í sig prins pólo, sögðu gamansögur og mörkuðu utanríkisstefnu lýðveldisins.

En þá kemur eiginlega að enn einum þætti í fari Jóns Baldvins, sem er að hann er mikill gleðimaður. Og lítur það jákvæðum augum. Hann telur til dyggðar að geta drukkið hraustlega og aðra menn undir borðið. Karlmennskutákn. Sagt er að Jón Baldvin þoli öðrum mönnum betur vín og þekki ekki timburmenn. Er vísað til vestfirskis uppruna Jóns í því sambandi. Hann hefur í heiðri gömul og góð íslensk karlmennskugildi. Þannig skipta Íslendingasögur hann miklu máli – menn eiga ekki að gráta og menn eiga að geta drukkið.

Sem slíkur, af gamla skólanum, eru heimilisstórf Jóni framandi. Jón er sundurgerðarmaður í klæðaburði en það er að þakka konu hans Bryndísi Schram, sem kaupir á hann föt og setur saman þannig að vel fari. Þó er talið að hann hafi tekið sjálfstæða ákvörðun hvað hattburðinn varðar.



manninn, að hann sé sérlega skipulagður. Á spássium hinna mörgu bóka sem Jón hefur lesið má finna snyrtilegar athugasemdir. Mikkið af þeim. Hann er kennari af guðsnád, jafnlyndur (enn ein þversögnin) og setur mál sitt ávallt fram með skipulegum hætti. Í fyrsta lagi, í annan stað... Jón Baldvin er draumaviðmælandi blaðamanna því hann hefur, allt

*Þá sátu þeir iðulega á fundum í ráðuneytinu, Jón Baldvin, Ámundi Ámundason, Kiddi rótari, Birgir Dýrfjörð og Guðlaugur Tryggvi; hámuðu í sig prinspólo, sögðu gamansögur og mörkuðu utanríkisstefnu lýðveldisins.*

frá því hann var skólameistari á Ísafirði, vanist því að hafa ritara. Og les mönnum nákvæmlega fyrir líkt og hann sjái það fyrir sér á prenti. Þarf þá varla að hnika kommu.

„Jón Baldvin er snjallasti hugmyndafræðingur og mælskumaður jafnaðarmanna,“ segir einn ráðgjafi blaðsins. „Vinnualki sem snemma fann fjölinna sína,“ segir annar og bendir á að Jón hafi

LÉTT  
BYLGJAN  
967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

# Íslensk hönnun í Hagkaupum



Jakki 3.999.- Kjöll 3.999.-



Bolur 1.499.-



Stuttermabolur 2.499.- Langermabolur 2.499.-  
Kjöll 3.999.-



Sunna Dögg hönnuður  
sækir innblástur frá New  
York og Japan.



Bolur 1.499.- Náttbuxur 3.999.-



Bolur 1.499.- Nærbuxur 3 í pakka 1.999.-

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

N Ý R O G S P E N N A N D I

# Fyrsta bókin á aðeins **895** kr!

**Lærum að elda** er nýr íslenskur matreiðsluklúbbur þar sem kennt er að elda rétti frá öllum heimshornum. Fyrsta bókin fjallar um taílenska matargerð og fá nýir félagar hana með **50% afslætti** eða á aðeins **895 kr.** auk sendingargjalds.



## Upp með svuntuna!

**Lærum að elda** er tilvalinn klúbbur fyrir þá sem vilja bæta þekkingu sína í eldhúsinu og læra að töfra fram nýja og spennandi rétti fyrir fjölskyldu og vini. Allar leiðbeiningar eru sérlega einfaldar og skýrar og nýtast bæði þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í eldhúsinu jafnt sem reynslumeiri matgæðingum.

**Uppskriftir sem bragð er að!** Í fyrstu bókinni er að finna úrval sigildra taílenskra rétta eins og steiktar taílenskar núðlur pad thai, nautakjöt í panang-karri, karríkjúkling með bambussprotum, massaman karri, kókossúpu með kjúklingi og sitrónugrasi og margt fleira.

IVITA HUBB/SJA-3183



**Einvala lið kemur að gerð bókanna:** F.v. Kristján Maack ljósmyndari, Ólafur G. Sveinbjörnsson matreiðslumaður, Rut Helgadóttir ritstjóri og Valdís Guðmundsdóttir stílisti.

## Heimsreisa fyrir bragðlaukana

Á komandi mánuðum munu félagar klúbbsins fara með bragðlaukana í sannkallaða heimsreisu. Í fyrstu bók klúbbsins er kennt að elda **taílenskan mat**, í annarri bókinni er tekin fyrir **ítölsk matargerð** og í þeirri þriðju verða **heilsusamlegir réttir** á boðstólum ... og svo heldur ferðalagið áfram!

Skráðu þig strax á **klubbar.is**

# MATREIÐSLUKLÚBBUR!



lærum  
að elda

## Þannig er klúbburinn:

- Félagar fá í hverjum mánuði senda heim innbundna matreiðslubók þar sem kennt er að elda rétti víðsvegar að úr heiminum.
- Hver bók kostar aðeins 1.790 kr. auk 105 kr. sendingargjalds. Nýir félagar fá fyrstu bókina með 50% afslætti, eða á aðeins 895 kr.
- Engin skuldbinding. Hægt er að segja upp áskrift hvenær sem er með einu símtali eftir að greitt hefur verið fyrir fyrstu bókina.
- Félagar fá 15% afslátt af öllum bókum forlaga Eddu útgáfu á vefnum edda.is og í þjónustumiðstöðinni að Suðurlandsbraut 12, Reykjavík.



Bækurnar  
eru eingöngu  
fáanlegar  
í klúbbnum!



## Dettur þú í lukkupottinn?

- **Taílensk veisla fyrir 10 manns**  
Einn heppin félagi fær tíu manna veislu á veitingastaðnum Gullna hliðinu á Álftanesi.
- **Vandaðir töfrasprotar frá Kenwood!**  
100 félagar fá vandaðan töfrasprota ásamt fylgihlutum.



**Dregið 15. nóvember**

eða í síma **522 2100**

SMS skráning í síma 1900: edda elda kennitala

EDDU  KLÚBBAR

Suðurlandsbraut 12  
108 Reykjavík

**Gestakokkur í hverri bók.** Narumon Sawangjaitham frá veitingastaðnum Gullna hliðinu veitti klúbbnum ráðgjöf um val uppskrifta í fyrstu bókinni og kennir okkur að elda nokkra af sínum uppáhaldsréttum. Narumon hefur áralanga reynslu af því að elda taílenska rétti fyrir Íslendinga.

# Símahleranir: Landráð eða þjóðleg afþreying?

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er skýrt frá því hvernig ein túba af Titian-hvítu hafði ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Einnig er minnst á Hapdrætti Siðblindrafélagsins, byggingarfulltrúann í Reykjavík, ósvífna embættismenn, spillingu og fleira smátt og gott.

## FÖSTUDAGUR, 6. OKT.

### Túba af Titian-hvítu

Það eina sem slær út hugsunarleysið í fari mínu er fljótfernin.

Um daginn var ég að versla í Slippfélaginu hjá Garðari sem er skemmtilegasti búðarmaður á Íslandi. Þar hitti ég unga listakonu sem vék sér að mér og spurði hvort ég væri ekki til í að gera smágrín í þágu Krabbameinsfélagsins.

Hver vill ekki styðja Krabbameinsfélagið? Auðvitað sagði ég já. Og nú líður að skuldadögnum, því að annað kvöld er ég búinn að lofa að mæta ásamt þremur listakonum í hátíða-

kvöldverð styrktaraðila Krabbameinsfélagsins og mála mynd meðan styrktaraðilarnir sitja undir borðum.

Þegar gestirnir eru búnir að klára af diskunum sínum vikur sögunni að listakonunum - og mér - en við höfum verið að mála á meðan. Þá verða myndirnar boðnar upp og seldar hæstbjóðanda og andvirdið rennur til Krabbameinsfélagsins.

Núna dauðskammast ég mín fyrir að hafa látið hafa mig út í þetta. Ég hef aldrei sýnt mynd eftir mig opinberlega og fremur óheppilegt að fyrsta afrek mitt á myndlistarbrautinni skuli vera að gera mig að viðundri fyrir framán fullan sal af fólki. Úff.



## SUNNUDAGUR, 8. OKT.

### Að græða sjálfstraust

Málverkasýning og uppboð afstaðið. Með furðanlega góðum árangri. Það buðu heilmargir í

myndina mína og hún lenti í öruggum höndum. Krabbameinsfélagið græddi glás af peningum og ég græddi soldið sjálfstraust, svo að nú þarf ég ekki lengur að púkrast með þessa myndlistar-

ritstjóri Fréttablaðsins er fyrirverandi dómsmálaráðherra svo að hann hlýtur að útskýra fyrir sínu starfsfólki hversu svakalegt mál er þarna á ferð.

Margt bendir til þess að aðilar á Íslandi hafi misnotað völd sín og gengist fyrir ólöglegri njósna-starfsemi - og síðan afhent erlendu stórveldi aðgang að upplýsingunum. Í öðrum löndum eru njósnir af þessu tagi kallaðar föðurlandssvik eða landráð.

Það er samt ekki skrítið að fréttir um símahleranir skuli vekja takmarkaða athygli. Alveg fram á mín unglingsár voru símahleranir eiginlega eina afþreyingin sem fólki stóð til boða í dreifbýlinu fyrir utan sveitaböll stöku sinnum og "Lög unga fólksins" í útvarpinu einu sinni í viku.

## ÞRIÐJUDAGUR, 10. OKT.

### Hapdrætti Siðblindrafélagsins

Fórum með börnin, Andra og litlu

Sól, að heim-sækja mömmu þeirra sem dvelur á meðferðarheimilinu í Krýsuvík. Þar rekur gott fólk langtímaeðferð fyrir vímuefnasjúklinga.

Okkur var sýnt þetta kærleiksheimili og boðið upp á afbragðsgóðan hádegisverð. Svo lagði ég mig eins og greifi eftir matinn meðan Harpa og börnin nutu samvistanna.

Í kvöld hringdi í mig kona sem býr á Vesturgötunni (en sú gata liggur núorðið aðeins til austurs!). Þessi kona stendur í svip-



áráttu mína. Kannski einhver snillingur máli í gegnum mig? Stórval eða Grandma Moses?

Við frú Sólveig brugðum okkur í Borgarleikhúsið og sáum MEIN KAMPF sem er biksvört kómedía um Gyðinginn Schlomo sem tekur taugabílað ungmenni undir sinn verndarvæng. Ungmennid heitir Adolf Hitler.

Þór Tulinius, Bergur Þór Ingólfsson, Guðmundur Ólafsson og reyndar allir leikararnir sýndu stjörnuleik!

Í morgun hlustaði ég á KROSS-GÖTUR, frábæran útvarpsþátt í umsjá Hjalms Sveinssonar. Útvarpsþættir - á alþjóðamælikvarða - verða ekki miklu betri en þetta.

## MÁNUDAGUR, 10. OKT.

### Landráð og LÖG UNGA FÓLKSINS

Á þinginu er loksins farið að tala um leyniþjónustuna. Það er eins og engir nema Össur og Steingrímur fatti hversu alvarlegt þetta mál er. Kannski er ég bara svona óþolinmóður. Rannsóknarblaðamenn hljóta að fara að fá áhuga á þessu. Annar



## ÞÚ LÉTTIST UM KÍLÓ Á VIKU!



Einfaldara getur það ekki verið!

Byrjaðu strax í dag og kjörþyngd þín er handan við hornið.



★★★★★ - amazon.co.uk

## Hættu í megrun og lifðu lífinu til fulls!

Hefurðu fengið nóg af hefðbundnum megrunarkúrum? Koma aukakilóin alltaf aftur? Í bókinni *Þú léttist án þess að fara í megrun!* er kynnt ný og byltingarkennd leið til að léttast til frambúðar - án þess að nokkuð sé minnst á mat eða líkamsrækt!

Megrunarfæðið heyrir sögunni til og þú léttist til frambúðar!

**Veröld**  
BÓKAFORLAG

BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450  
www.verold.is • verold@verold.is



## Kæra Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



uðu stríði og við hérna í Grjótaþorpinuþarsembyggingarfulltrúi Reykjavíkur hefur fyrir sitt leyti blessað öll spellvirki sem hótbyggjendur hafa hugmyndaflug til að fremja. Ég sendi kæru til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í maí síðastliðnum og hef ekki heyrt múkk frá þeirri góðu nefnd, sem vonandi gleymir þó ekki að rumska til að hirða launin sín.

Því miður er samfélag okkar ennþá svo frumstætt og margir embættismenn svo ósvífnir að litlar líkur eru á því að einstaklingar nái rétti sínum.

Dómstólar eiga að skera úr málum, en hver trúir á hlutleysi dómstóla í landi þar sem stjórn-málamönnum helst uppi að skipa ættingja og vini í dómarsæti? Maður bíður bara eftir því að sölubörn með bláa hanska banki upp hjá manni og bjóði manni að kaupa happdrættismiða til styrktar Siðblindrafélaginu.

■ MIÐVIKUDAGUR, 11. OKT.

### Spyrjum Rússa

Enginn virðist vita nokkurn skapadán hlut um þær njósnir sem hér voru stundaðar á dögum kalda stríðsins.

Íslenskir aðilar komast ekki lengra með þetta en að telja að njósnað hafi verið um hættulega menn og gögnin svo sett í öskutunnu og vætt í kofiaki og brennd í einhverjum sumarþústað fyrir margt löngu.

Líklegt er þó að afrit - eða frumrit - hafi verið til af þeim gögnum sem fuðruðu upp í tunnunni.

Það lítur út fyrir að Íslendingar hafi njósnað um landa sína í sjálfboðavinnu fyrir Bandaríkjamenn, líklega til að standa klárir á því hverja þeir ættu að biðja Bandaríkjamenn að gera óvirka ef einhver ólga brytist út sem ógnaði hagsmunum þeirra sem réðu landinu og auðæfum þess á þessum tíma.

Bandaríkjamenn eiga því sennilega sín eintök af öllu því sem Íslendingar brenndu. En af því að Geir Haarde er ekki einkavinur Bandaríkjaforseta eins og síðasti forsætisráðherra telur sér til tekna er ólíklegt að þeir vilji leyfa okkur að hnýsast í skjölin alveg á næstunni.

Þá eru góð ráð dýr. Við spyrjum bara Rússa. Þeir höfðu hér hundrað svokallaða diplómata sem voru eins og síldar í tunnu í sendiráðinu hér á landi og fylgdust með hverju fót máli amerísku njósnaranna.

Engum nema ungviðinu í Heimdalli datt í hug að Rússarnir væru hérna til að njósna um Íslendinga því að allir vissu að hlutverk þeirra var að njósna um hvað Bandaríkjamenn væru að bedrifa - sem sé að njósna um njósnarana.

Við höfum góð sambönd í Rússlandi. Björgólfur Thor sem frá gamalli tíð er svo vel tengdur í Rússlandi að Gorbatsév fær að sitja í þotunni hjá honum þegar gamli maðurinn á leið hingað. Með þessi sambönd ætti að vera auðvelt að fá Rússa til að segja okkur alla sólaröguna um kalda stríðið á Íslandi og fá hjá þeim afrit af gögnum sem Íslendingarnir sem njósnuðu um landa sína létu bandaríska njósnara hafa.

Nú er Jón Baldvin búinn að segja að síminn hjá honum hafi verið hleraður þegar hann var utanríkisráðherra og Davíð Oddsson sem var forsætisráðherra rengir Jón greyið og segist hafa útvegað norska sérfræðinga til að tékka á símunum einu sinni ári, en Jón Baldvin segir að Norðmennirnir hafi eins getað verið frá CIA.

Ó, Guð vors lands, það er ekki ónýtt að eiga svona snillinga.

must, loft, basik, moon, plat, best, fly, box, mikra,space, psiko, XL, easy, love, java, tuker, fly, kono, cubo, ring ...



Sérfræðingur frá Arketipo er í exó laugardag og sunnudag

29. október er síðasti dagur fyrir sérpantanir afgreiddar fyrir jól

Opið laugardag kl.11-16  
Opið sunnudag kl.13-16

Fákafen 9  
108 Reykjavík  
Sími: 568 2866  
www.exo.is



Reykjavík - Oslo

Íslendingar þurfa líka að fylgjast með!

# REYKJAVÍK.COM

# REYKJAVÍK MAG

Íslendingar og útlendingar fá allar upplýsingar á ensku um allt það sem heimsborgin Reykjavík státar af á hverjum tíma.; menningarviðburðir, tónleikar, skemmtistaðir, veitingastaðir, söfn, gallerí, tíska, verslanir og næturlíf.

## UMMÆLI VIKUNNAR

Það þarf að upplýsa um það hvers vegna börn voru allt fram á núnda áratuginn send til fyrirmyndarffjölskyldna í Austur-Þýskalandi til að fræðast um fyrirmyndarþjóðfélagið.

Sigurður Kári Kristjánsson í umræðum um njósnir.

Hæstvitur menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins er sökuð um ósannindi af framkvæmdastjóra Geðhjálpar, hún er sökuð um að ganga bak orða sinna, hún er sögd á harðahlaupum undan símaborði ráðuneytisins.

Björgvin G. Sigurðsson í umræðum um fjárframlög til Fjölmennar.

# stjórnmmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á vísir.is

## Enn er spurt á Alþingi

Hefur menntamálaráðherra veitt leyfi til kennslu í fótaaðgerðafæði? Að því spyr Anna Kristín Gunnarsdóttir, þingkona Samfylkingarinnar, og vill jafnframt vita hvort til sé teikning í iðnaðarráðuneytinu af legu raflínu frá virkjun í jökulám Skagafjarðar til Húsavíkur.

Það liggur ekki alltaf beint við hvers vegna þingmenn kjósa að spyrja ráðherra um tiltekin mál en stundum hangir eitthvað á spýtni. Það er spýta í fyrirsögn Önnu um teikninguna því hún heldur áfram; Ef svo er, hver var tilgangurinn með gerð hennar? Svo virðist

sem Anna viti af tilvist teikningarinnar. Mörð Árnason langar hins vegar að vita hvernig ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu er ráðstafað og er tilefnið líkast til kveðjuhóf þingflokks Framsóknarflokksins fyrir Halldór Ásgrímsson. Spyr Mörður meðal annars hvað kosti að fá bústaðinn leigðan í tvær klukkustundir.

Jóhanna Sigurðardóttir er svo með gamlan kunningja; spurningar um bifreiða-, ferða- og risnukostnað ríkisins á síðasta ári og vill fá hann sundurliðaðan eftir ráðuneytum. Sem fyrr eru þingmenn Samfylkingarinnar duglegastir að spyrja.



### NEFNDI OFTAST RANNSÓKNIR

Orðið rannsóknir kom tólf sinnum fyrir í ræðu Jóns Sigurðssonar iðnaðarráðherra um Kárahnjúkavirkjun á Alþingi á fimmtudag. Arðsemi og arðsemismat voru nefnd sjö sinnum. Önnur efnisorð voru líka nefnd.

Orka	3
Öryggi	1
Umhverfi	3
Afkastavextir	1
Misgengi	2
Uppgangur	1
Hagsæld	1
Ábendingar	1
Náttúra	0

### VIKA Í PÓLÍTÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

## Sussað á þingmenn

Tuttugu ár eru síðan síðast var sussað á mig. Það var í kennslustund í Gagnfræðaskólanum á Akureyri. Árin sem ég var þar sáu kennarar raunar oft ástæðu til að sussa á mig og þeir gerðu það hver með sínum hætti. Séra Haukur Ágústsson var stórgerður og sussið hans var eftir því. Suss séra Þórhalls Höskuldssonar var eins og hann, ákveðið og yfirvegað, en séra Kristján Róbertsson sussaði af stóiskri ró, líkt og hans var von og vísa. (Var ég í guðfræðiskóla á Akureyri en ekki gagnfræðiskóla?)

Á Alþingi er sussið eitthvað á þessa leið; Háttvirtir þingmenn eru beðnir um að hafa hljóð í salnum. Og það er furðu oft sem forseti þarf að sussa á þingmenn. Og furðu oft bera tilmælin lítinn árangur. Kannski aðferð séra Hauks gagnist betur; að sussa hressilega á liðið í stað þess að vera með vinsamleg tilmæli.

Í stjórnmmálum eins og öðrum greinum eru tilteknir frasar tíðari en aðrir. Algengasti frasinn á Alþingi er; Hvers konar málflytningur er þetta eiginlega? Og eins og gefur að skilja er tónn ræðumanns þrungið hneykslan. Þegar mikið liggur við er fyrirlitningu bætt í kokkteilinn. Hvers konar málflytningur er þetta eiginlega? er þá spurt af enn meiri þjósti enn áður. Stjórnarandstæðingar nota þennan frasa oft en stjórnarliðar en þeirra vopn í stríðinu er að saka stjórnarandstæðinga um lýðskrum. Og það er nokkuð vinsælt.

Korteri fyrir kosningar, heyrir svo æði oft í aðdraganda kosninga. Gott ef það var ekki Steingrímur J. Sigfússon sem byrjaði á þessu fyrir nokkrum árum og nú er frasinn notaður um flest allt jákvætt sem ríkisstjórn eða meirihluti gerir síðasta heila árið fyrir kosningar. Í orðunum felst að málið sé í sjálfu sér gott en samt handnýtt þar sem stjórnarliðar séu aðeins að notfæra sér aðstöðu sína á atkvæðaveiðum.

Að lokum. Hér fara nöfn og slagorð nokkurra þátttakenda í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Tengid saman slagorð og frambjóðendur. Rétt svör eru á blaðsíðu 64.

Guðlaugur Þór Þórðarson  
Ásta Möller  
Dögg Pálsdóttir  
Illugi Gunnarsson  
Guðfinna Bjarnadóttir  
Björn Bjarnason

Látum verkin tala  
Samstaða til sigurs  
Kraftur til framtíðar  
Valfrelsi og skapandi umhverfi  
Ný verkefni - Nýjar áherslur  
Í ljósi reynslunnar



JÓNAR TVEIR Á ALÞINGI Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra mærir Kárahnjúkavirkjun undir vökulum augum nafna síns. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## Karpað um Kárahnjúka

Þremur og hálfu ári eftir að framkvæmdir hófust og átta mánuðum áður en afhending orku hefst fóru fram yfirgripsmiklar umræður um Kárahnjúkavirkjun á Alþingi. Iðnaðarráðherra flutti skýrslu um framkvæmdina, dyggilega studdur af stjórnarliðum en harkalega gagnrýndur af stjórnarandstæðingum.

Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra kom víða við í rúmlega korters langri ræðu sinni í þinginu á fimmtudag. Sagði hann framkvæmd Kárahnjúkavirkjunar afar vandaða á allan hátt enda undirbúningur og framkvæmd byggð á ráðgjöf færustu sérfræðinga. Bar hann saman ástand atvinnumála í fjórðungnum fyrir og eftir upphaf framkvæmda og sagði ráð fyrir gert að nýtt og sterkara samfélag yrði til á Austurlandi að þeim loknum. Í niðurlagi

sagði Jón fyrirbyggjandi upplýsingar „benda eindregið til þess að Kárahnjúkavirkjun og álverið í Reyðarfirði verði íbúum Austurlands og öllum landsmönnum til hagsældar og heilla um langa framtíð“.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði stjórnarflokkana hafa ráðist í framkvæmdina á sínum tíma til að efna kosningaloforð. Hún fann undirbúningi verksins flest til foráttu og sagði hann hafa einkennst af of miklum hraða, of litlum kröfum um arðsemi, of litlum kröfum um náttúruvernd, ónógum rannsóknnum og yfirhyllum. Slíkt mætti ekki endurtaka sig.

Kolbrún Halldórsdóttir, Vinstri grænum, sagði stjórnvöld hafa ofurtrú á stóriðju og kvað Jón ráðherra hafa verið jafn ósnortinn af innihaldi ræðu sinnar og hann hefði verið að lesa kökuuppskrift. Ekki hefði verið eins og hann hefði fjallað um mál sem klofið hefði þjóðina í tvær fylkingar. Hún rifjaði líka upp orð Kára bónda í Garði sem líkti stærð verkefnisins við að flilshjarta væri

grætt í barn. Þá fagnaði Kolbrún afstöðubreytingu formanns Samfylkingarinnar og þakkaði VG fyrir að hafa breytt hugarfari fjölmargra til náttúruverndar.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sagði eðlilegt að orkan á Austfjörðum væri nýtt en skammaði engu að síður ríkisstjórnina fyrir stefnuleysi í stóriðjumálum. Sagði hann álverið á Reyðarfirði óþarflega stórt og að stjórnvöld hefðu látið undan vilja álfyrirtækisins.

Stjórnarliðarnir Arnbjörg Sveinsdóttir, Birkir Jón Jónsson og Halldór Blöndal lýstu öll ánægju sinni með Kárahnjúkavirkjun og gagnrýndu málflytningu stjórnarandstæðinga en Jóhann Ársælsson, Steingrímur J. Sigfússon og Sigurjón Þórðarson reru á svipuð mið og Ingibjörg og Kolbrún. Steingrímur gekk þó manna lengst í lýsingu og sagði ekki sjá betur en að Jón Sigurðsson væri að verða mesta „candy floss verkefni“ íslenskrar stjórnmalumræðu í langan tíma með smíði á jákvæðum og falletum lýsingarorðum.

## Trjáræktarsetur gæti orðið stóriðja Vestmannaeyinga

Fimm þingmenn, með Guðjón Hjörleifsson Sjálfstæðisflokkinn í fararbroddi, vilja að trjáræktarsetri sjávarbyggða verði komið á fót í Vestmannaeyjum. Hlutverk setursins verði að rannsaka áhrif særöks og loftslagsbreytinga á trjágróður og trjárækt á eyjum í Norður-Atlantshafi; einkum á Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandi, Orkneyjum, Suðureyjum og á Grænlandi.

Guðjón er bjartsýnn á að málið

fái framgang, enda hefur hann fengið gott veður hjá ráðherrum. Hann segir alls ekki nægar rannsóknir til um seltuáhrif á trjárækt og því brýnt að bæta úr. Tvennt vinnist; aukin skógrækt í sjávarbyggðum og stóraukin atvinnutækifæri í Vestmannaeyjum. „Þetta gæti orðið alvöru batteri og skapað fullt af störfum í framtíðinni,“ segir Guðjón og bætir við að gangi allt eftir sé hægt að líkja þessu við

stóriðju. „Ég sé fyrir mér að setrið verði leiðandi á heimsvísu, verkefni gætu skapast fyrir skólafólk, menntafólk fengið atvinnu og hér gætu verið haldnar alþjóðaráðstefnur.“

Skógrækt er enn sem komið er heldur lítil í Vestmannaeyjum en skógræktaráhugi talsverður. „Eyjamenn hafa aldrei þurft að færa sig til í sólbaði vegna skugga frá trjám,“ segir Guðjón af kerskni.

**NÝTT Á GRAS.IS**

**ÞAR SEM ALLT SNÝST UM FÓTBOLTA!**

**GRAS**

**NÚ FÆRDU GRAS.IS FÉTTIR Í SÍMANN!**

**Vodafone live!**

Stærðir, Hættu á Bandaríkum, Leikir, Skemmtun



# Ótrúlegt verð

## Flatir skjáir á vaxtalausú tilboði

Fáanlegt í Smáralind, Kringlu og á Akureyri

### United 42" plasma sjónvarp

- 42" ED plasma sjónvarp
- Upplausn: 852x480 punktar
- Progressive scan
- HDTV ready
- Sjónsvið (H/V): 160/160°
- Skerpa 3000:1 og birta: 1000 cd/m2
- Mynd í mynd (2 móttakarar)
- 2x10w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart-, component- og heyrnartólstengi
- DVI-D og PC tengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir



**Vaxtalaust tilboð!**  
aðeins  
**12.499** kr  
á mán. í 12 mánuði  
Staðgreitt 149.990,-  
Verð áður 179.990,-

### United 27" LCD sjónvarp

- 27" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn 1280x720 punktar
- Progressive scan
- HD ready
- Skerpa: 900:1 og birta: 550 cd/m2
- 2x6w nicam stereo hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, component, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir



**Vaxtalaust tilboð!**  
aðeins  
**8.990** kr  
á mán. í 10 mánuði  
Staðgreitt 89.990,-

### United 32" LCD sjónvarp

- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD ready
- Progressive scan
- Nicam stereo hljóðkerfi
- 2 Scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Passar fyrir VESA200 veggfestingar (fylgja ekki)



**Vaxtalaust tilboð!**  
aðeins  
**9.999** kr  
á mán. í 10 mánuði  
Staðgreitt 99.990,-

### United 15" LCD sjónvarp

- 15" 4:3 LCD sjónvarp
- Digital comb filter
- 8w nicam stereo hljóðkerfi
- 12V og 220V
- Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur fylgir



**Vaxtalaust tilboð!**  
aðeins  
**3.499** kr  
á mán. í 10 mánuði  
Staðgreitt 34.990,-

### United 20" LCD sjónvarp

- 20" 4:3 LCD sjónvarp
- Upplausn: 640x480 punktar
- Digital comb filter
- Skerpa 500:1 og birtustig: 500cd/m2
- Nicam stereo hljóðkerfi
- Scart (með RGB), component, SVHS, CVBS
- VGA tengi
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir




**Vaxtalaust tilboð!**  
aðeins  
**4.999** kr  
á mán. í 10 mánuði  
Staðgreitt 49.990,-  
Verð áður 59.990,-

\*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 20. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



[www.byko.is](http://www.byko.is)  
verslaðu á netinu

30 til  
50%

afsláttur  
af öllum blöndunartækjum\*

Allar vörur eru til í BYKO Breidd en minna úrval er í öðrum verslunum. \*Gildir ekki með öðrum tilboðum.  
Gildir 12.-22. okt



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

DWIGHT D. EISENHOWER (1890-1969) FÆDDIST PENNAN DAG.

„Gáfnamaður er sá sem notar fleiri orð en þarf til að segja meira en hann veit.“

Eisenhower var ein af stríðshetjum Bandaríkjamanna í seinni heimsstyrjöld og fór síðar alla leið í Hvíta húsið.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 14. OKTÓBER

## Hljóðmúrinn rofinn

Á þessum degi árið 1947 varð bandaríski herflugmaðurinn Chuck Yeager fyrsti maðurinn til að fljúga hraðar en hljóðið. Yeager fæddist í Virginíuríki árið 1923 og var bardagaflugmaður í seinni heimsstyrjöldinni. Hann fór 64 leiðangra yfir Evrópu, skaut niður þrettán þýskar herflugvélar og var sjálfur skotinn niður yfir Frakklandi. Heillastjarna fylgdi honum þó og var honum bjargað af liðsmönnum frönsku andspyrnuhreyfingarinnar. Eftir stríðið var hann einn þeirra sem urðu fyrir valinu til að reynslufljúga tilraunaflugvélinni X1, sem byggð var af Bell Aircraft-félaginu til að kanna möguleikann á flugi á hljóðhraða. Margir



töldu á þessum tíma að manninum væri ekki ætlað að fljúga hraðar en hljóðið enda gæti það tætt vélarnar í sundur að fara svo hratt. Það viðmót gjörbreyttist hinn 14. október 1947 þegar Yeager flaug X1-vélinni yfir Rogers Dry-vatnið í Suður-Kaliforníu. Í fjörtíu þúsund feta hæð komst hann á yfir þúsund kílómetra hraða á klukkustund. Þar sem mikil leynd hvíldi yfir verkefninu varð afrek Yeagers ekki kunnugt fyrr en í júní 1948. Yeager hélt áfram starfi sínu sem reynsluflugmaður og árið 1953 flaug hann X-1A flugvélinni á um 2.600 kílómetra hraða á klukkustund.

MERKISATBURÐIR

- 1912 Bandaríski forsetaframbjóðandinn Theodore Roosevelt verður fyrir skoti.
- 1926 Bangsímón birtist fyrst á prenti.
- 1944 Þýski marskalkurinn Erwin Rommel fremur sjálfsmorð þegar hann er ákærður fyrir samsæri gegn Hitler.
- 1964 Rafreiknir Háskólans kemur til landsins. Hann var með 40 þúsund stafanúmer og þótti afkastamikill.
- 1964 Martin Luther King er sæmdur friðarverðlaunum Nóbels.
- 1977 Tónlistarmaðurinn Bing Crosby andast.
- 1999 Nýtt og breytt húsnæði Kringlunnar er tekið í notkun.

AFMÆLI



**Bergur Felixson**  
framkvæmdastjóri  
Leikskóla Reykjavíkur  
er 69 ára.



**Þórður Guðjónsson**  
knattspyrnumaður er  
33 ára.



**Böðvar Bjarki Pétursson**  
kvikmyndagerðar-  
maður er 44 ára.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5000.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Tryggvi G. Blöndal**

fyrrv. skipstjóri, Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést föstudaginn 13. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Benedikt Blöndal  
Sigurður G. Blöndal  
Margrét Þ. Blöndal

Ragna Blöndal  
Irma Blöndal  
Sigurjón Finnsson



Okkar ástkæri,

**Ólafur Ray Viner-Smith Jónsson** (Óli Smith)

verður jarðsettur frá Fossvogskirkju mánudaginn 16. október kl. 15.00.

Margaret Smith Jónsson og börn hins látna.



Ástkær eiginmaður og faðir,

**Birgir Kristinsson**

Fagrahjalla 6, Kópavogi,

lést að morgni miðvikudags 11. okt.

Katrín Gunnarsdóttir  
Þorbjörg Birgisdóttir  
Kristín Birgisdóttir



**BRYNDÍS HRAFNKELSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Debenhams hefur unnið í Smáralind frá opnun. Bryndís finnst verslunarmiðstöðin bæði björt og falleg. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

SMÁRALIND: FIMM ÁR LIÐIN FRÁ OPNUN VERSLUNARMIÐSTÖÐVARINNAR

## Framsækin á margan hátt

Fimm ár eru liðin frá opnun verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar, en dyrum hennar var lokið upp í fyrsta skipti þann 10. október 2001, klukkan 10.10. Þá tók við fimm daga opunarhátíð sem yfir 270 þúsund manns sóttu. Í dag heldur Smáralind upp á afmælið með þéttri barnadagskrá, en meðal þeirra sem gleðja lítil hjörtu verða nokkrir íbúar Latabæjar og Snæfríður og Stígur úr Stundinni okkar. Fyrir eldri kynslóðina verður haldin tískusýning á göngugötunni klukkan fjögur, en hún var fyrst sýnd á fimmtudag. Hinn valinkunni plötusnúður Gísli Galdur sér um undirspil og heldur uppi stemningu á meðan.

Bryndís Hrafnkelsdóttir hefur starfað í Smáralind síðan verslunarmiðstöðin opnaði og gott betur en það, en hún sinnir störfum framkvæmdastjóra Debenhams. Bryndís man fyrsta daginn eins og hann hafi verið í gær. „Það var svo sem ekki mikið kaos inni hjá okkur, en það gekk ýmislegt á herna fyrir utan. Ég held að síðasti kústurinn hafi ekki farið af gólfinu fyrr en níu mínútur yfir tíu,“ sagði hún. „Þetta var mikil vinna en mjög skemmtileg,“ bætti hún við. Bryndís er ánægð með Smáralindina, sem henni finnst vera björt og falleg. Hún segir mikla þróun hafa átt sér stað á þessum fimm árum. „Tímarit Smáralindarinnar er nú eitt dæmi um það. Það er stórglæsilegt, eins og gerist hjá bestu búðunum erlendis,“ sagði hún. Búðirnar í Smáralindinni segir hún einnig bera af. „Í heildina eru vel þróaðar hugmyndir á bak við verslanirnar. Þær eru þess vegna fállegri en oft vill vera,“ sagði hún.

Hins vegar segir Bryndís mikinn skort á glæsileika hafa hrjád Smáralindina fyrstu jólin eftir að hún opnaði. „Jóla-skrautið herna var alveg fatalt,“ sagði hún og hló við. „Íslendingar hafa verið mjög íhaldssamir í jóla-skrauti, það á bara að vera rautt með blöndu af gylltu og grænu. Svo kemur kannski einn og einn tískulitur sem framsækni sækja í. Smáralindin byrjaði á því að skella risastórum bleikum og fjólubláum kúlum í loftin, það voru allir í sjokki,“ sagði Bryndís. Aðspurð hvort Smáralindin sé þá verslunarmiðstöð fyrir framsækna hlær Bryndís. „Já, það má kannski segja það.“

sunna@frettabladid.is

## 70 ára afmæli

Sjötugur er í dag,


**Ólafur Bergþórsson Theodórs**  
grunnskólakennari.

Ólafur tekur á móti gestum milli 17.00 og 19.00 á afmælisdaginn að Laugavegi 164, 2. hæð.



# STÆRSTA ÁHORFSKÖNNUN SIRKUS FRÁ UPPHAFI

Um 60 þús. manns á **aldinum 12 - 39 ára** horfa á Sirkus í hverri viku  
Skv. nýrri dagbókarkönnun Capacent Gallup



Ástæðan er einföld - dagskráin okkar hefur aldrei verið sterkari



Tekinn



So You Think You Can Dance



My Name is Earl



Rescue Me



Vanished



SIRKUS TV

# BILSA



## 50 - 90% A

**Hver sagði að jólin gætu**

**Komið og gerið góð kaup. Mikið úrval af falli fyrir heimilið jafnt sem v**

**Missið ekki af þessu**

**OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KLUKKAN 11**



# JÓLAÚTSÖLU MARKAÐUR



## AFSLÁTTUR

tu ekki byrjað í október!

egu jólaskrauti í öllum stærðum og gerðum  
verslanir og vinnustaði.

einstaka tækifæri!!!



**Fyrsta**  
opnunarhelgin!

-19 **FELLSMÚLA 28**

(Gamla World Class húsið)



„Ég er að leita mér að vinnu. Já, ég er alkomin heim. Kom fyrir viku. Atvinnulaus, hús-næðislaus og bíllaus. Ég byrjaði á að kaupa mér bíl,“ segir **Kolfinna Baldvinsdóttir** og hlær. Segir það skrytna for-gangsröðun. Hún er nú komin heim til Íslands eftir að hafa verið búsett í um tíu ár í út-löndum. Síðast í Kosovo. **Jakob Bjarnar Grétarsson** ræddi við Kolfinnu og komst að því að Ísland hefur tekið stakkaskipt-um á umliðnum árum.



# Íslendingar með vexti á heilanum

**K**olfinna Baldvinsdóttir er ör, hugur hennar er augljóslega frjór, fer um víðan völl og hún er fallbyssu-kjaftur. Blaðamaður má hafa sig allan við að ná því niður sem hún hefur að segja. Þó tekst að hægja á för þegar því er haldið fram að hún sé komin með hreim eftir veruna í útlöndum. Greinilegt er að þetta þykir henni ósvífin fullyrðing og blaðamaður fær það á tilfinninguna að ekki hafi margir vogað sér að impra á þessu. Enda dregur hann strax í land með slíkar staðhæfingar. Ekki mikinn hreim... eiginlega engan. Íslenskan er fín. Eftir svo langa veru ytra er eiginlega merki-legt hversu lítil hreimurinn er. En... eftir svo langa veru ytra eru hæg heimatókin fyrir Kolfinnu að sjá verulegar breytingar á Íslandi.

## Hvar eru Íslendingarnir?

„Ég er að koma mér fyrir við Skólavörðustíginn þar sem ég fann íbúð. Það er fyndið að vera í miðbænum. Það er svo mikið af túristum þar. Ég labba upp og niður Laugaveginum í leit að ýmsu sem mig vanhagar um. Ég neita að fara í „mall“. En hér er ekkert að finna. Bara túristabúðir og barir við Laugaveginum. Ég verð að fara í Kringluna til að finna það sem mig vantar,“ segir Kolfinna og furðar sig á því.

Kolfinna segir frá því að hún hafi komið til Íslands með hléum. Hún hefur starfað sem leiðsögumaður og fór með hóp Ítala hringinn um landið í ágúst. Þeir kvörtuðu sáran undan því að sjá aldrei Íslendinga. Eini Íslendingurinn sem þeir sáu, á öllum hótélum, sjoppum og veitingastöðum, var Kolfinna. Afgreiðslufólk jafnt sem gestir. Kolfinna lofaði þeim því að þegar þau kæmu til Reykjavíkur myndu þau hitta á innfædda en það varð ekki. „Eini Íslendingurinn sem þeir hittu þessa viku sem þeir voru hér var ég. Þetta er mikil breyting.“

Þetta er ekki eina breytingin sem Kolfinna sér. Nú eru allir að tala um stýrivexti.

„Ég er alveg bit. Ég veit ekkert um vexti en venjulegasta fólk er að útskýra þetta fyrir mér daginn út og daginn inn. Orðið fólkí tamt á tungu. Á forsiðum blaðanna er alltaf verið að segja af þessu. Er þetta ekki eitthvað sem bankamenn eiga að tala um? Þeir fá borgað fyrir það.“

## Skallar í frásögninni

Nú er Kolfinna að setja sig inn í gang mála hér á Íslandi. Meðal annars með hjálp fjölmiðla. Og þar rekur hún sig á, eftir að hafa lesið alþjóðlega miðla undanfarnin ár, að meinlegir skallar eru í frásögninni – eins og Þórbergur Þórðarson kallar það í ritgerð sinni „Einum kennt – öðum bent“. Á Íslandi virðast blaðamenn ganga út frá því sem vísu að lesendur búi yfir fyrirfram þekkingu á því sem um er ritað.

„Ég er að lesa um Kárahnjúkamálið og þar er sagt. Grímur segir... Hver er þessi Grímur? Það vantar að boðið sé upp á samantekt. Vantar allt samhengi. Auðvitað verður einhvern veginn að tengja saman fréttir, atburði líðandi stundar við fortíðina. Ég tala nú ekki um þetta Baugsmál. Ekki er fyrir nokkurn mann að botna í því,“ segir Kolfinna og grípur Mogga dagsins (fimmtudag), flettir af handahófi og les:

„82 vitni í Baugsmáli. Listi yfir fólk en hvergi kemur fram af hverju verið er að setja saman þennan lista.“

Í vikunni fór Kolfinna til að kaupa sér bíl. Henni finnst skondið að fólk óski henni sérstaklega til hamingju með bílinn. Finnst hann ekki skipta slíku máli að taki því að nefna það. En það er aukaatriði.

„Ég þurfti að ferðast upp á Höfða til að kaupa bílinn. Og þar eru hugsanlega fleiri bílar en eru á götum borgarinnar. Gríðarlegt magn. Ég vildi fá einhvern skryð og þá var farið með mig bak við húsið. Og furðulegt nokk, þar fékk ég fimm ára gamlan bíl, lítið ekinn, á 300 þúsund krónum! Mér finnst þetta vera splunkunýr bíll. Ég hef aldrei ekið á nýrri bíl.“

## Efnishyggjan allsráðandi

Sem leiðir talið að efnishyggju Íslendinga, sem Kolfinna segir yfirdrifna. „Algert æði í kringum þetta. Sama og Norðmenn gengu í gegnum. Allir nýríkir. Kannski þess vegna sem fólk veit svona mikið um vexti. Allt gengur út á peninga.“

Kannski klisjulegt um að tala en Kolfinna segist ekki sjá betur en að veraldleg gæði yfirskyggi þau gildi sem máli skipta. Ferringin allsráðandi. „Svo eru menn að tala um að börnin eigi svo bág, enginn sinni þeim, þau hangi yfir tölvum og sjónvarpi og úði í sig nammi. Það hefur svo sem lengi verið um það talað að sjónvarpið sé að eyðileggja æsku landsins. En við þessu er einfalt ráð. Ekki kaupa sjónvarp,

ekki kaupa tölvu, ekki kaupa nammi. Það þýðir ekkert að kvarta og kveina og gera svo ekki neitt í málunum.“

Þó Kolfinna kunni að orða hlutina og sjái hér margt brogað og brotið list henni ljómandi vel á að koma sér fyrir í hinum íslenska veruleika. Hún er náttúrulega Íslendingur. Og henni finnst fyndið að koma nú þegar prófkjörin eru að byrja. Óneitanlega sé það líflegt. Hún gefur þó ekki mikið fyrir það aðspurð að ætla að dengja sér beint í hinn pólitískan slag. Þó ekki skorti á pólitískar meiningar, en hún lítur fyrst og fremst á sig sem feminista og sósíaldemókrata, er það síður en svo tímabært.

## Skelfilegt ástand í Kosovo

Til Íslands kemur Kolfinna frá afar krefjandi verkefnum í Kosovo þar sem hún hefur verið undanfarið eitt og hálf ár. Kosovo er undir stjórn Sameinuðu þjóðanna og hefur verið allt frá 1999 þegar stríðinu þar lauk. Kolfinna vann þar að verkefnum sem styrkt voru annars vegar af Olof Palme-stofnuninni og hins vegar af Evrópusambandinu. Kolfinna segir að erfitt sé að útskýra í stuttu máli hvernig strúktúrinn er sem stendur að baki störfum hennar þar sem öll miða að uppbyggingu og nútímavæðingu þjóðfélagsins. Og ástandið í Kosovo er langt í frá einfalt.

„Þeir eru á fullu við að endurbyggja lög og reglur, nútímavæða landið svo það samræmist evrópskum stöðlum. Þar er gríðarlega mikið verk framundan. Samhliða því er Kosovo að berjast fyrir sjálfstæði sínu en Serbar eru ekki ánægðir með það.“

Saga Kosovo, sem er hérað í fyrrum Júgóslavíu, er þyrnum stráð. Fyrrum foringi Serba, Slobodan Milosevic, hélt þeim í aðskilnaði og tókst að slátra 12 þúsund manns áður en Nató greip í taumana. Reyndar talsvert minna mannfall en í þjóðarhrensunum í Bosníu þar sem 300 þúsund manns voru myrtir.

## Fleygiferð heimshorna á milli

„Já, ég varð fyrir sjokki þegar ég kom til Kosovo. Skelfilegt ástandið sem á eftir að versna því Serbar eru ekki sáttir við að alþjóðleg samtök séu að taka af þeim þetta hérað. Þeir vilja meina að þetta sé innanríkismál. En þeir eru nýbúnir að missa Svartfjallaland og ætla nú að halda fast í Kosovo. Og þeir tala enn á sömu nótum og Milosevic. Vilja halda í þá hugmynd að

allt þarna eigi að vera undir Serbíu sett.“

Kolfinna tekur skýrt fram, þó hugur hennar sé þungur til Serba, að hún sé ekki að ásaka alla Serba: „Þeir eru ekki allir skepnur en þjóðernis-kenndin er stæk þarna. Í Kosovo virkar ekkert. Rafmagnsskortur, skólar óstarfhæfir, spítalar ekki til staðar og svo framvegis. Ég kom til dæmis að kennslu og þjálfun ungs fólks sem verður að geta tekið við öllum þeim verkefnum sem við blasa í framtíðinni.“

Í Kosovo kynntist hún ítölskum lögmanni, jafnaldra sínum Francesco að nafni, sem hún á nú í sambandi við. Hann er í Kosovo og Kolfinna er ekkert endilega viss um að hann muni flytja til Íslands. En hún er ekki að velta sér um of uppúr því. Enda virðist hún líta á heiminn sem eitt þorp. Og ekki að ófyrirsynju.

Kolfinna hefur á undanförunum árum farið víða um heim og aflað sér reynslu og menntunar. Hún var um tíma í Ítalíu, þá fór hún til Washington í Bandaríkjunum þar sem faðir hennar Jón Baldvin Hannibalsson var sendiherra. Þar lauk hún mastersgráðu í sagnfræði. Þá lá leiðin til Brussel þar sem Kolfinna lauk annarri meistaragráðu í alþjóðalögum. Í Brussel starfaði hún fyrir Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins – ein fárra Íslendinga sem það hafa gert.

## Sér börnin aldrei á Íslandi

Á þessari miklu yfirreið voru börn hennar tvö, Starkaður sem er sextán ára og Magdalena sem er tólf, ávallt með í för. Kolfinna sá það aldrei sem neitt vandamál.

Mikill munur er á því að vera með börn í útlöndum og svo hér heima að sögn Kolfinnu. Og ekki var það síst fyrir þeirra tilstilli að leiðin lá að lokum heim.

„Börnin voru orðin leið á þessu flakki. Þau eru ekki búin að tapa íslenskunni, alls ekki, en þau skrifa hana ekkert sérlega vel. Enda aldrei gengið í íslenskan skóla. Fyndið að eftir að við komum heim þá hef ég bara ekki séð þau. Þau eru alltaf úti. Þannig háttar ekki til í útlöndum. Þar er börnun ekki hleypt út nema þú sért með í för. Starkaður er nú að fara í IB-nám í MH, alþjóðlegt nám, og ég gerði mig náttúrulega að algeru fífla. Fór með honum í fyrsta tímamann – eina mamman sem fylgdi barninu sínu í skóla.“ ■

”

Já, ég varð fyrir sjokki þegar ég kom til Kosovo. Skelfilegt ástandið sem á eftir að versna því Serbar eru ekki sáttir við að alþjóðleg samtök séu að taka af þeim þetta hérað. Þeir vilja meina að þetta sé innanríkismál.



**BESTI VINURINN  
FATAÐUR UPP**  
Hundatískusýning  
TÍSKA 8



**SPORTLEGUR  
SKEMMTIFERÐABÍLL**  
Reynsluakstur Suzuki SX4  
BÍLAR 2



# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

[ BÍLAR FERÐIR TÍSKA HEIMILI ]

**Tailand** er spennandi áfangastaður fyrir þá sem vilja slappa af, kynnst nýjum menningarheimi eða komast í partí. Heimsferðir bjóða meðal annars upp á ferðir þangað. Sumarið kann að vera búið hér en það er rétt að byrja hinum megin á hnettinum.



Svart er orðið á götunni. Litrík fót eru liðin tíð, rétt eins og sumarið og fara tónarnir að dökkna, rétt eins og skammdegið. Röndóttir litríkir treflar eru alveg bannaðir.

Opel Corsa var valinn bíll ársins 2007 af frændum vorum Dönnum. Umboðsaðili Opel á Íslandi er Ingvar Helgason.

## GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn  
14. október, 287. dagur  
ársins 2006.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.14 13.14	18.12
Akureyri	8.03 12.58	17.52

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími  
550 5000

Auglýsingasími Allt  
550 5880

Þú getur pantað  
smáauglýsingar á [visir.is](http://visir.is)



Tómas Kristbergsson segir Lexusinn liggja vel á vegunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Algjör ljúflingur

**Tómas Kristbergsson ekur um á Lexus IS200. Það er stórt skref frá Corollunni sem þjónaði honum áður.**

Fyrsti bíllinn sem Tómas hafði afnot af var Fiat Uno. „Það var mjög hressandi enda eru það eðalbílar,“ segir Tómas og hlær. „Fyrsti bíllinn sem ég átti sjálfur var hins vegar Toyota Corolla en hana átti ég ekki nema í þrjá mánuði. Þetta var fínn bíll, mjög vel með farinn og ég sakna hans mikið. Á eina snjódegi ársins þurfti því miður að koma einhver pappakassi á spegilsléttum sumardekkjum og strauja hliðina á bílnum.“

Ekki gat Tómas verið bíllaus svo hann hóf leit að arftaka Corollunar. Hann prófaði Lexus IS200 og þá varð ekki aftur snúið.

„Bíllinn er algjör ljúflingur, hann liggur vel og það er mjög þægilegt að keyra hann.“ Bíllinn keypti Tómas notaðan en hann er árgærd 2000, með 2 lítra vél sem skilar 155 hestöflum. „Ég komst fljótlega að því að þetta er ekki spyrnubíll en það skiptir mig engu máli,“ segir Tómas.

Tómas er rafvirki hjá Marel og á vegum fyrirtækisins hefur hann ferðast víða. Hann er nýkominn heim frá Rússlandi þar sem tveggja daga dagpeningur slöguðu hátt upp í mánaðarlaun verkamanns. „Þetta var eitt-hvað sem maður er ekki vanur. Við gistum á lúxushótel og borðuðum á finustu veitingastöðum öll kvöld. Við pössuðum reyndar ekki alveg inn í myndina því við vorum í vinnufötunum að borða steik á meðan allir aðrir voru í jakkafötum og með bindi.“ [tryggvi@frettabladid.is](mailto:tryggvi@frettabladid.is)

## Frumkýning Volvo S80

BRIMBORG FRUMSÝNIR NÝJAN VOLVO S80 Í DAG.

Þetta er önnur kynslóð S80 sem er flaggskipið frá Volvo. Mikil vinna hefur verið lögð í að gera þessa kynslóð enn betri en þá fyrri og hafa viðtökurnar verið vonum framar síðan bíllinn kom fyrst á markað í haust.

Volvo hefur í gegnum tíðina verið einn helsti frumkvöðull á sviði nýrrar tækni í bílaiðnaði og er S80 þar engin undantekning. Meðal þess sem Volvo hefur verið fyrst með á markað í árána rás má nefna að Volvo setti fyrstur bílaframleiðenda þriggja punkta sætisbelti í bíl árið 1959. Meðal nýjunga sem hægt verður að fá í Volvo S80 eru árekstrarvarnir, hjartsláttar-nemi og samskiptatölva bíls og ökumanns, sem t.d. gefur ökumanni upplýsingar um hvort bíllinn sé læstur eða hvort einhver sé í bílnum.

Frumkýning Volvo S80 stendur út mánuðinn. Opíð er á laugar-dag frá 12 til 16.

Frekari upplýsingar má finna á [www.volvo.is](http://www.volvo.is).



# FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

Lánstími  
allt að  
40 ár

**F**  
FRJÁLSI

Nánari upplýsingar hjá lánafulltrúum Frjálsa og á [www.frljalsi.is](http://www.frljalsi.is), þar sem einnig er hægt að reikna greiðslubyrði.

VEXTIR FRÁ  
AÐEINS

**3,4%**

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006

FRJÁLSI



## BIFREIÐAVERKSTÆÐI FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smíðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi

Sími: 567 7360 · www.bfo.is



# Lipur og sportlegur skemmtiferðabíll

Reynsluakstur Suzuki SX4.

Þegar ég settist í þennan bíl datt mér strax í hug að hér væri um svokallaðan „konubíl“ að ræða. Þetta á þó ekki undir nokkrum kringumstæðum að gefa til kynna að bíllinn sé eitthvað verri en „karlabíll“. Þvert á móti, þá er hann einstaklega lipur og skemmtilegur, í raun sannkallaður skemmtiferðabíll. Ef þessi bíll væri manneskja þá væri hann John Travolta í hvítu jakkafötum sínum þar sem hann tók diskósveifluna í Laugardagsfárinu hér um árið.

Það fyrsta sem ég reyndi að gera var að hækka sætið, enda er ég smávaxin kona og vón að hækka öll bílsæti sem ég sest í. Því miður var það ekki hægt, en kannski skipti það ekki svo miklu máli því maður situr í raun hærra í þessum bíl en öðrum, og svo má líka hækka og lækka stýrið.

Vélin er 2.0L og 146 hö, en skrokkurinn ekki mjög fyrirferðarmikill. Þetta gerir það að verkum að hann nýtur vélarsterðarinnar meira en bílar sem eru stærri og þyngri í vöfum, með sambærilegri vél. Í akstri innan borgarinnar var hann sérlega lipur, léttur og skemmtilegur, en þó voru það kannski þægindin sem heilluðu mig mest. Suzuki SX4 fylgja mjög góð hljómflytningstæki; Geislaspilarinn tekur sex diska en að auki er hægt að spila Mp3 formið. Í bílnum eru svo heilir sjö hátalarar og þar af er eitt bassabox undir farþegasætinu. Í stýrinu er útbúnaður til að hækka og lækka, skipta um stöðvar o.s.frv. og þannig auðvelt að slá upp litlu partíu inni í bílnum og skrúfa Bee Gees bræður í botn.

Sjálfvirka hitastýrikerfið í bílnum var mjög gott, en bíllinn var örskamma stund að ná upp þægilegu hitastigi. Þetta er eitthvað



REYNSLUAKSTUR

Suzuki SX4 er einhvers konar millistig á milli smábíls, fólksbíls og jeppa. Smájeppingur er eflaust besta lýsingin.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bíla vegna hitavandamála?

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni. Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.

Bifreiðastillingin ehf. · Smíðjuvegi 40d · Sími 557 6400

## Smurþjónusta fyrir allar gerðir bíla

Eigum olíusúr í flestar gerðir bíla Komdu með bílinn til okkar!

Frábær verð og góð þjónusta! Alltaf heitt á könnunni!



NEW HOLLAND vinnuvélar Réttu vélarnar í verköld!  
STURLAUGUR & CO Fiskislóð 14 101 Reykjavík Sími: 551 4680 www.sturlaugur.is

80% lán í allt að 7 ár

Bílalán TM TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is



Ég er hætt að hugsa um minn fyrirverandi og tilbúin í einn nýjan!

sem skiptir flesta Íslendinga máli, sérstaklega þegar skyggja tekur úti og kólnar í veðri. Þá fara hlutir eins og hlýr bíll og góð tónlist að fá aukið vægi.

Aðalsmerki Suzuki SX4 er, eins og nafnið ber með sér, það að hægt er að skipta honum yfir í fjórhjóladrif og svo má læsa honum í því drifi. Það sér það hver maður að slíkt getur komið sér mjög vel í snjósköflum eða á vöndum malarvegum. Ef haldið er út á land er svo hreint fyrirtak að nýta sér skriðstillikerfið til að koma í veg fyrir að óvart sé farið yfir hámarkshraða, en það gerði ég með góðum árangri þegar ég prófaði að keyra bílinn austur fyrir fjall.

Það fór ekki hjá því að fólk heillaðist af bílnum, og þá sérstaklega stelpurnar (líkt og þær heilluðust af John Travolta). Mælaborðið fannst þeim hreint guðdómlega flott, enda lýsir það fallegri rauðri birtu og er mjög elegant í hönnun. Það sama má í raun segja um bílinn allan. Hann er skemmtilega hannaður og sérstaklega eru tvær litlar hliðarrúður við framrúðuna áberandi öðruvísi og flottar. Þær gera það að



Farangursrýmið er ekki mjög stórt en með því að leggja niður sætin með einu handtaki er komið farangursrými á við skutbil.

verkum að rými bílsins virkar meira og útsýni eykst til muna.

Farangursrýmið í Suzuki Sx4 er ekki mjög stórt, en úr því má hæglega bæta með því að leggja niður eitt eða fleiri sæti. Það er mjög einfalt verk og kostar ekki meira en eitt lítið handtak. Þegar á heildina er lítið myndi ég ætla að kaupendur þessa bíls verði ekki sviknir enda um lipurt og þægilegt farartæki að ræða.

### SUZUKI SX4

Vél: 2.0L bensín. 146 hö  
Eyðsla, bl akstur: 8,3 l/100 km  
Þyngd: Um 1.330 kg  
Farangursrými: 270-1.045 með sætin niðri.

PLÚS  
Lipur og léttur  
Rúmgóður  
Fallegt mælaborð  
Einkar þægilegur

MÍNUS  
Svolítið lengi að fara á milli gíra í sjálfskiptingu

Verð: 2.440.000 kr. (sjálfskiptur)



Hljómflytningstækin og loftræstikerfið eru með því besta við þennan bíl, enda er hann mjög þægilegur og skemmtilegur. Takið eftir krómrandunum til hliðanna ... mjög flottar.



Stýribúnaður í stýrinu. Skriðstillir, fjarstýring á hljómflytningstækin og fleira.



Heildarsvipurinn á mælaborði Suzuki sx4 er góður en í myrkri lýsir hann einkar fallegri rauðri birtu.



EIGUM VARAHLUTI Í FLESTAR GERDIR EVRÓPU & ASÍUBÍLA

AB VARAHLUTIR BÍLDSHÓFDA 18 - SÍMI: 567 6020

WWW.ABVARAHLUTIR.IS

★ AB - ALLTAF BETRI ★

BODDÝHLUTIR - GRINDUR - LJÓS - SPEGLAR - VATNSKASSAR OG FLEIRA



Hinn nýi Audi R8 kemur í sölu haustið 2007.

## Heitir eftir kappakstursbíl

Audi R8 sportbíllinn kynntur í Bandaríkjunum.

Glæsisportbifreiðin frá Audi, Audi R8, var kynnt til leiks í Bandaríkjunum í vikunni, aðeins tveimur vikum eftir frumsýninguna á bílasýningunni í París. Áætlað er að bíllinn fari í almenna sölu haustið 2007.

Í verði og frammistöðu er bíllinn ekki alveg samhliða Lamborghini en við hönnun bílsins var samt sem áður stuðst nokkuð við eiginleika Lamborghini Gallarado. R8 er með drif á öllum hjólum og knúinn áfram af 420 hestafli V8-vél sem staðsett er fyrir aftan sætin tvö.

Bifreiðinni er ekki ætlað að afla mikilla tekna að sögn fram-



Hraðskreiður og flottur.

leiðendans enda er hlutverk R8 fremur að upphefja ímynd Audi.

Audi R8 verður í beinni samkeppni við bíla á borð við Porsche 911 Turbo sem er 480 hesthöfl með sex sílindra vél. Audi R8 heitir eftir kappakstursbíl Audi sem keppti í formúli 1 en var skipt út í ár fyrir dísildrifna R10-bíllinn.

Arctic Trucks jeppamiðstöð

# Nýr Nissan Patrol Elegance AT35

Verð 5.890.000

Glæsilegur bíll á frábæru verði.

Til afhendingar strax.



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

06-007160



Swift Sport er kominn.  
Frumkýning í dag.  
Ópið frá 13-16.



**SUZUKI**  
...er lífsstíll!

Suzuki bílar hf. Skeifunni 17. Sími 568 51 00. www.suzukibilar.is

Hugþök Okt. 06

## Meirapróf – Nýir tímar

Nýlegir kennslubílar sem uppfylla  
Euró 2 mengunarstaðal, lærðu í nútímanum



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300  
Næsta námskeið byrjar 18.október

**allt** tíska

Alla fimmtudaga

# Lúxusbíll hálendisins

Fjallasport lauk á dögnum  
við breytingar á Dodge Ram  
3500. Bíllinn er einn allra  
glæsilegasti bíll sinnar tegund-  
ar á landinu.

38" dekk voru sett undir bíllinn en slíkum breytingum fylgja eðlilega miklar tilfæringar. Hann var hækkaður um 5 sentímetra, framhásingin var færð fram og gormafjöðrun smíðuð undir hann að aftan. Bíllinn er því orðinn mýkri, en Ram-inn hefur mikla burðargetu og þar af leiðandi óbreyttur með stífa fjöðrun.

Bíllinn er Mega Cab sem þýðir að hann er lengri en aðrar týpur og um leið rúmbetri. Allur lúxus er fyrir hendi og til að mynda er DVD-spilari í bílnum. Cummins dísilvélin er heldur ekkert lamb að leika sér við því hún skilar 325 hestöflum og má auðveldlega fjölga þeim í 570 með sverara pústi og tölvukubb í vélina.



Plássíð er mjög gott í bílnum.



Dodge Ram 3500 Mega Cab Cummins-diesel.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þess má geta að annar áþekkur bíll bíður breytinga hjá Fjallasporti en samkvæmt Reyni Jónssyni, framkvæmdastjóra Fjalla-

sports, er mikið að gera í Dodge-bílum þessi misserin. -tg



Bíllinn er hlaðinn lúxus.



Dekkin eru 28" á 16" felgum.

## Ráðlagður dagskammtur af LÚXUS Síðustu eintökin á frábærum kjörum

BMW X5 3.0i Luxus. Verð áður kr. 7.490.0000

BMW X5 3.0i Luxus. Verð nú kr. 6.950.000

Bílasamingur SP kr. 72.134 á mánuði\*.

BMW X5

www.bmw.is



Sheer Driving Pleasure



### BMW X5 LÚXUS

Málmlakk, 18" álfelgur, PDC fjarlægðarskynjari, Xenon ljós, leðurinnrétting, sjálfskipting, Servotronic léttstýri, aðgerðastýri (m/cruise control), sport leðurstýri, samlitir hurðahúnar, viðarinnrétting, rafmagn í sætum, hiti í framsætum, tölvustýrð miðstöð m/loftkælingu, sjálfdekkjandi innispegill, Bluetooth simkerfi, regnskynjari, þvottakerfi á framljósum, toppbogar, hvít stefnuljós, BMW geislaspilari og BMW mottur.

Bílasamingur SP til 84 mánaða, blönduð myntkarfa og 30% útborgun.



Með bíllinn handa þér

# Bíll ársins 2007

Bandalag íslenskra bílblaðamanna, **BÍBB**, hefur tilkynnt hvaða 12 bílar koma til greina sem bíll ársins 2007.

Þetta er í þriðja skiptið sem BÍBB veitir þessi verðlaun. Valið fer þannig fram að búið er að tilnefna fjölda bíla og útnefna þrjá bestu í fjórum flokkum. Þessir flokkar eru jeppar og jepplingar, smábílar og minni millistærðir, fjölskyldubílar, og svo sportbílar. Útnefndur

er sigurvegari í hverjum flokki fyrir sig og svo er stálstýrið veitt bíll ársins.

Framundan eru frekari prófanir á bílunum og út frá þeim eru gefnar einkunnir út frá almenningi hönnun, aksturseginnleikum, búnaði, innra rými, innréttingum, aðgengi, þægindum og að sjálf-sögðu verði.

Greint verður frá valinu á bíll ársins við hátiðlega athöfn í Ásmundarsafni í Sigtúni föstudaginn 20. nóvember. -tg

## EFTIRFARANDI BÍLAR ERU TILNEFNDIR:

**JEPPIAR OG JEPPLINGAR:**  
Hyundai Santa Fe  
Mercedes-Benz GL  
Toyota Rav4

**SMÁBÍLAR OG MINNI MILLISTÆRÐIR:**  
Renault Clio  
Peugeot 207  
Toyota Yaris

**FJÖLSKYLDUBÍLAR:**  
Lexus IS  
Honda Civic  
Nissan Note

**SPORTBÍLAR:**  
Porsche 911 Turbo  
Porsche Cayman  
Mazda MX-5

## JEPPIAR OG JEPPLINGAR

HYUNDAI SANTA FE



RAV4



MERCEDES-BENZ GL



## SMÁBÍLAR OG MINNI MILLISTÆRÐIR

RENAULT CLIO



TOYOTA YARIS



PEUGEOT 207



## FJÖLSKYLDUBÍLAR

NISSAN NOTE



HONDA CIVIC



LEXUS IS



## SPORTBÍLAR

PORSCHE 911 CARRERA



MAZDA MX-5



PORSCHE CAYMAN



Við hjóðum ...

...heildar lausnir í snjókeðjum

- Viðgerðir
- Breytingar
- Þjónusta

HVELLUR

ICEMAN

# FRAMÖXLAR Í JEPPIA

Japan/U.S.A.

Öxullidur í flestar gerðir jeppa



**FJALLABÍLAR**  
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7

110 Reykjavík

Sími: 517 5000

fjallabilar@fjallabilar.is

Áfram býður Budget einfalt og gott. Fólksbílar 3.500 krónur á dag. Jeppar 5.500 krónur á dag. Innifalið í verði er 100 km akstur á dag og kaskótrygging með 80.000 kr. sjálfsábyrgð á fólksbílum og 150.000 kr. sjálfsábyrgð á jeppum.

Einfaldleikinn er bestur!



**Budget bílaleiga: 2 verð einfalt val.**

**Budget**  
Car Rental

Budget bílaleiga, sími 562 6060, Vatnsmýrarvegji 10, 101 Reykjavík, www.budget.is  
Budget bílaleiga er á eftirfarandi stöðum á landinu: Reykjavík, Keflavík, Akureyri og Egilsstöðum

# Rafmagnsbíll frá Mitsubishi Motors

Bílaframleiðandinn Mitsubishi Motors Corp kynnir til sögunnar í MIEV-bílinn.

Frumgerð af rafmagnsbílnum í Miev frá Mitsubishi var kynnt á dögnum í höfuðstöðvum bílaframleiðandans í Tókýó. Nafn bílsins stendur fyrir „Mitsubishi Innovative Electric Vehicle.“ Við hönnun bílsins var reynt að lágmarka framleiðslukostnað

með því að aðlaga rafmagnsvélina að venjulegri bensínvél. Rafmagnsbíllinn verður þróaður áfram í samvinnu við fyrirtæki í rafmagnsframleiðslu. Þetta er gert til að framleiða bíl sem hægt er að hlaða hratt.

Forstjóri Mitsubishi Motors Corp., Tetsuro Aikawa, við frumgerð rafmagnsbílsins „i MIEV“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



## Leyfishafanámsskeið leigubílstjóra

Með visun til laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar, gengst Vegagerðin fyrir námskeiði fyrir leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd  
**23. okóber – 2. nóvember**  
Þátttaka tilkynnist fyrir föstudaginn 20. október til Ökuskólans í Mjódd í síma 567-0300



# allt ferðir o.fl.

## Það er ekkert mál að vera mál

Þegar þörfin knýr á er gott að hafa góðan poka við höndina.

Mannlegur úrgangur þykir oft mikið feimnismál. Staðreyndin er sú að þetta er eitthvað sem allir þurfa að fást við. Öllum verður mál og það er mikið mál að komast ekki á salernið þegar þörf er á.

Það geta oft komið upp þannig aðstæður að vera staddur þar sem klósett er hvergi nærri. Það getur verið um borð í bát, í bíl uppi á fjöllum og í flugvélum. Þá getur líka hent að klósettin sem standa til boða eru ekki beint kræsileg og því gott að eiga önnur ráð.

Donna heildverslun í Hafnarfirði flytur inn vörur frá TravelJohn. Þetta eru meðal annars pokar sem hannaðir eru til að pissa í. Pokinn er vel hannaður og kemur með sérhönnuðum stút sem hentar bæði konum og körlum. Sérstakt duft er í pokanum sem breytist í gel þegar það kemst í snertingu



við vökva og því er engin hættu á að það leki eða hellist úr pokanum. Í duftinu er efni sem eyðir lykt. Þá má nota hvern poka oftar en einu sinni og mælieiningar utan á pokanum sýna hvenær hann er að fullu nýttur. Pokinn er hannaður þannig að auðvelt er að loka fyrir og það má henda honum í næsta rusl.

Pokinn hentar við ýmsar aðstæður en ætti að vera sérlega kærkominn konum sem staddar eru úti í náttúru í miklum kulda. Það getur ekki talist vænlegt að þurfa að girða niður um sig og setjast á hækjur sér til að kasta af sér vatni og eiga á hættu að fá blöðrubólgu.

Frá TravelJohn má einnig fá poka til að setja í ferðaklósett sem auðveldar til muna allt umstang við þrif á slíku salerni.

Það er ekkert mál að verða mál við erfiðar aðstæður með TravelJohn vörnum.

Kort eru nauðsynleg til að átta sig á umhverfinu og sjá hvernig landið liggur. Því er ágætt að láta það verða sitt fyrsta verk að útvega sér kort af því svæði sem heimsótt er hverju sinni.



British Airways býður lágt fargjald frá Keflavíkur til Gatwick í London. Máltíðir og drykkir um borð eru innifaldir í verðinu.

## Flugmiðar eingöngu seldir á netinu

Fyrir á þessu ári tók British Airways upp áætlunarflug milli Keflavíkur og Gatwick í London. Farseðla er eingöngu hægt að kaupa á netinu og hefur það fyrirkomulag gengið vonum fram.

Eftir að British Airways hóf áætlunarflug milli Keflavíkur og London, geta Íslendingar nú einnig flogið til Gatwick, en þaðan er lestin 20 mínútur á Victoria Station. Ísland er eina landið í heiminum þar sem British Airways býður eingöngu upp á sölu á farmiðum á netinu, en British Airways ákvað að prófa þetta fyrirkomulag hér á

landi og varð þetta því hálf gert tilraunaverkefni hjá félaginu. Það er skemmst frá því að segja að verkefnið hefur tekist betur en menn þorðu að vona og er nánast undantekningalaust fullbókað í flug til og frá Íslandi. Vefsíðan ba.com er einföld í notkun og er auk flugmiða, hægt að bóka hótél og skoðunarferðir, kaupa leikhúsmiða og margt fleira. Vefsíðan er sett upp eins og vefverslun þar sem fólk safnar því sem það ætlar að kaupa innkaupakörfu og getur bætt í hana eða tekið úr henni að vild. Þetta auðveldar allt bókunarferlið til muna. Auk þess er í öllum tilvikum verðið birt í íslenskum krónum, svo enginn þarf að draga fram reiknivélina.

Félagið ákvað jafnframt að auglýsa ekki neitt í prentmiðum eða sjónvarpi og eru því allar auglýsingar á netinu. Fyrir vikið hefur félagið ekki verið mjög áberandi hérlandis, en því hefur verið vel tekið samt sem áður. Hægt er að fá flug aðra leið fyrir 6.045 kr., sem er væntanlega ástæðan fyrir því að ferðalangar hafa ratað inn á vef British Airways. Þó um lág-gjaldaflug sé að ræða er boðið upp á mat um borð, og hægt er að fljúga á fyrsta farrými (Euroclass) í þægilegum sætum og er hægt að fá miða báðar leiðir fyrir 20.000 kr. ef pantað er tímanlega.

kristineva@frettabladid.is

Beint morgunflug til Salzburg

# Skíðaveisla

í Austurríki - Flachau - Zell am See

frá 29.990 kr.\*

6. jan. – 12 dagar  
18. jan. – 9 dagar  
27. jan. – vika  
3. feb. – vika  
10. feb. – vika  
17. feb. – vika  
24. feb. – vika

\*Frá 29.990 kr. Flugsæti með skórtum. Fargjald A.

67.990 kr. vikufé 27. jan. Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í herbergi á glistað „án nafns“ við Zell am See, 27. jan., vikufé með morgunmat.

Helgartilboð 18. og 26. okt. Tilboð á vikufé 22. okt.

PINK TÓNLEIKAFERÐ 29. OKT.

# Tallinn

SÍBUSTU SÆTINI! í október Frá kr. 29.990

Terra Nova býður einstakt tækifæri til að njóta haustsins við góðan aðbúnað í þessari skemmtilegu borg á frábærum kjörum. Tallinn býður allt það helsta sem fólk sækist eftir í borgarferð; fallegar byggingar, óteljandi veitingastaði, fjörukt næturlíf, úrval verslana og mjög gott verðlag. Fjölbreytt gisting í boði.

Þjóðum glæsilegar helgarferðir 18. og 26. október, vikufé á hreint frábæru verði 22. október og síðast en ekki síst spennandi ferð á tónleika með tónlistarkonunni Pink 29. október, en tónleikarnir eru 31. október í Saku Arena í Tallinn.

Frá kr. 29.990 – Helgartilboð M.v. 2 í herbergi í 4 nætur á Hotel Domina Inn Ilmarine \*\*\*\* með morgunverði, 18. október (3 nætur 26. október). Netverð á mann.

Frá kr. 44.990 – Vikutilboð 22. okt. M.v. 2 í herbergi í 7 nætur á Hotel Meriton með morgunverði, 18. október. Netverð á mann.

Frá kr. 39.990 – Tónleikatilboð 29. okt. Flug, skattar, gisting í tvíþýli í 4 nætur á Hotel Meriton með morgunverði og miðar á tónleikana. Netverð á mann.

Bókaðu á [www.terranova.is](http://www.terranova.is)

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000 [www.terranova.is](http://www.terranova.is) · Akureyri sími: 461 1099 Hafnarfjörður sími: 510 9500

TERRA NOVA -SPENNANDI VALKOSTUR

Peir sem hafa hug á að leigja sumarhús í Evrópu geta stuðst við leitarvél Iceland Express. Myndin er úr safni.

## Sumarhús í Evrópu

Á vefsíðu Iceland Express má finna leitarvél fyrir sumarhús í Evrópu.

Iceland Express býður upp á leitarvél á heimasíðu sinni sem aðstoðar fólk við að finna sumarhús til leigu í Evrópu. Sumarhúsin eru opin allan ársins hring og hægt er að leita í eftirfarandi löndum; Danmörk, Svíþjóð, Noregi, Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu, Spáni, Hollandi, Belgíu, Austurríki og Grikklandi. Hægt er að velja á milli sautján þúsund sumarhúsa. Leitarvélina er í gegnum Novasol sem er stærsti leigumíðlari sumarhúsa í Norður-Evrópu. Leitin er ítarleg og hægt er að ljúka við bókun inni á vefnum.

Slóðin á leitarvélina er [www.icelandexpress.is/extra/sumarhús](http://www.icelandexpress.is/extra/sumarhús).

-joa



Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími 595 1000 · Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 · Hafnarfjörður sími: 510 9500



Bragi Þór Jósefsson ljósmyndari keypti þennan forvitnilega hlut sem minjagrip þegar hann fór í vinnuferð til Papúa Nýju-Gíneu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Myndar ekki vináttu-sambönd við hluti

**Bragi Þór Jósefsson ljósmyndari hefur myndað fleiri heimili en nokkur annar Íslendingur enda hefur hann um árabil starfað sem helsti ljósmyndari Húsa og hýbíla.**

„Þessi veggmynd vekur hjá mér skemmtilegar minningar um dvöl í skrítnu landi,“ segir Bragi glaður í bragði.

„Fyrir nokkrum árum rauk ég til Papúa Nýju-Gíneu með sólarhrings fyrirvara. Ætlunin var að taka ljósmyndir fyrir sérstaka bók sem gefin var út í tilefni af tutugu ára lýðveldisafmæli landsins. Það fór í raun ekki mikið fyrir

þessu afmæli hér á landi en ég var þarna í vikutíma í höfuðborginni og myndaði aðallega fyrirtæki og annað slíkt. Þetta var mjög skemmtileg reynsla og þessi litli hlutur vekur hjá mér minningar um þessa ferð,“ segir Bragi um þessa athygliverðu veggmynd sem er skorin út í tré.

„Ég keypti hana bara þarna á einhverjum götumarkaði og ég held að hún eigi að lýsa lífinu í einhverju þorpi í Papúa Nýju-Gíneu. Í raun keypti ég bara það sem var hendi næst, en yfirleitt tengist ég hlutum ekki miklum vináttuböndum.“

Bragi hefur eflaust stigið fæti sínum inn á fleiri heimili en gengur og gerist með fólk almennt. Árið 1994 byrjaði hann að ljós-

mynda fyrir Hús og hýbíla og hefur því í tólf ár, haft þetta sem eitt af sínum aðalstörfum. Aðspurður segir hann heimili landsmanna hafa tekið miklum breytingum á þessum tíma. „Fólk virðist hafa meiri fjárrád í dag og ræður því til sín hönnuði og arkitekta til að hanna hýbílina. Fyrir vikið verður þetta allt nýtiskulegra en skrítnin og sérviskuleg heimili sér maður varla lengur,“ segir Bragi og bætir því við að reyndar hafi landinn alltaf haft tilhneigingu til að synda í sömu átt. „Fyrir tíu árum vorum við nefnilega að mynda Míru húsgögn í massavís,“ segir þessi víðförli og skemmtilegi ljósmyndari að lokum. *margret.hugrun@frettabladid.is*

www.svefn.is

**IQ-CARE**  
HEILSUKODDAR

**Svefn & heilsa**  
★★★★★

Síðan 1936  
**Rainbow®**

**RainMate™**

NÝTT NÝTT

enginn filter  
*A Breath of Fresh Air from*  
frí heimsending  
**Rainbow™**

**Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki**

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt

**Hrein þjónusta ehf**  
Dalbraut 3, 105 Rvk  
897 2800 - 567 7773

**30%**

**20-30% afsláttur af rúnum**  
Nýtt kortatímabil

Baðsloppar  
20% afsláttur  
Handklæði  
30% afsláttur  
Rúmteppasett  
20-40% afsláttur  
Sængurfatnaður  
20% afsláttur

**Útsala**  
**20-40% afsláttur**

**RÚMCO**

Langhóltsveggi 111, 104 Rvk. Sími 568 7900  
Opíð virka daga 11-18, laugardaga 11-14



**YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT**

Síðumúla 15, s. 588 57 11 og 694 61 03

YOGA YOGA YOGA YOGA YOGA

Líkamsæfingar, öndunaræfingar, slökun og hugleiðsla.



Morgun-, hádegis-, síðdegis- og kvöldtímar.

Sértímar fyrir byrjendur og barnshafandi konur.

www.yogaheilsa.is

**NÝTT!** Astanga yoga

**Tilboð**  
**Ijósakort á**  
**3990kr**

**Birta**  
SÓLBADSTOFA

Selásbraut 98 S: 5675600

**ponny**  
SYMPATEX®



st. 20-30



st. 30-41



st. 20-24



st. 28-37

**EURO SKO**

Fjarðargötu 13-15 • Sími 555-4420



Bulldog-hundar geta líka verið sætir.

**Besti vinurinn klæddur upp**

Það eru ekki aðeins mannlegar fyrirsætur sem strunsa upp og niður sýningarpallana.

Hundatískusýning var nýlega haldin í Lundúnum. Hundaeign fer vaxandi bæði hér á landi og erlendis og virðast smáhundar eiga auknu fylgi að fagna, sérstaklega hjá þeim ríku og frægu sem hafa gaman af að klæða bestu vinina upp í jakka og peysur. Hundaföt eru þó til í öllum stærðum og gerðum, allt frá sætum burberry's-kápum á silkiterríer til grófgerðra regnjakka á veiðihunda.

Hvort hundunum líkar að ganga í hátískufatnaði fylgir ekki sögunni en fötin sem til sýnis voru á „Pet-a-porter“-tískusýningunni eru til sölu í Harrods-versluninni í Lundúnum.



Maður þarf ekki að vera lítill og passa í handtösku til að klæða sig upp.



Það sakar ekki að vera í stíl.



Hver segir að það sé ekki karlmannlegt að ganga um með chihuahua hund í hvítri loðkápu? NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

**LÉTTUSTU FERÐATÖSKURNAR!**



**Harðar - fisléttar - sterkar**

75x57x34 4kg  
kr. 17.900

62x47x28 3,2kg  
kr. 15.500

53x37x23 2,4kg  
kr. 8.500

**Drangey**

Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is

**Í ilmvatni einu klæða**

SÉRSTÆÐ „TÍSKUSÝNING“.

Nýlega fór fram ansi sérstæð „tískusýning“ á veitingastaðnum Embassy í London. Verslunin Perfume Shop stóð fyrir sýningu þessari þar sem fyrirsætur gengu naktar um salinn, iklæddar engu öðru en ilmvatni. Hlutverk ákafra gestanna var að lykta út í loftið til að kynna sér ilmina.



Hér má sjá eina fyrirsætu-una kynna ónefndan ilm.





Skór Ferragamo eru sívinsælir.



Við afhendingu verðlaunanna. Frá vinstri, sonarsonur tískuhönnuðarins Salvatore Ferragamo, James Ferragamo, síðan synir hin látna hönnuðar Massimo, Leonardo og Ferruccio ásamt leikkonunni Evu Mendes.

FRÉTTABLAÐID/AP

## Fágaður fótabúnaður

Skóhönnuðurinn Ferragamo hlýtur viðurkenningu.

Skómerkið Ferragamo var nýlega tilnefnt af Beverly Hills borg og samtökum Rodeo Drive til Rodeo Drive Walk of Style verðlaunanna. Verðlaunin hlaut skóframleiðandinn vegna framlags hans til tísku- og skemmtanabransans. Verðlaunin felast í því að fyrirtækið fær skjöld á göngustígnum meðfram Rodeo Drive.

Í tilefni af þessum tímamótum var ákveðið að hanna míní-útgáfu af fimm pörum af skóm í anda gullaldar-tímabils Hollywood.

Ferragamo framleiðir einnig karlmannsskó.

Fyrirsæta sýnir fót og skó í tískusýningu sem haldin var í tilefni af verðlaunaafhendingunni.

## Litsterk og klæðileg

Harpa Hilmarsdóttir er fjögurra barna móðir sem rekur barnafataverslunina Robba í Kópavogi.

Kópavogur hefur verið ört vaxandi bæjarfélag undanfarið ár og þar er viðskiptalíf með miklum blóma. Í krókum og kímum ýmissa hverfa í Kópavoginum leynast margs konar verslanir en ein þeirra er barnafataverslunin Robbi í Hlíðarsmára 17. Eigandinn, Harpa Hilmarsdóttir, tók við búðinni í febrúar á þessu ári en þá var hún staðsett í næsta húsi, Hlíðarsmára 12.

Harpa leggur áherslu á að selja vandaðan og skemmtilegan fatnað í búðinni, en hún hefur til sölu merkjavöru sem margir þekkja. Til dæmis frá Diesel, Lee og Lego. Þá er hún með fót frá Xboy sem eru sérstaklega hönnuð fyrir stelpur og stráka sem eru yfir kjörþyngd.

„Þegar börn eru yfir sinni kjörþyngd þá er algengt að foreldrar þeirra kunni ekki betri ráð en að kaupa bara fatnað sem er nokkrum númerum of stór,“ segir Harpa. „Svo er farið í að stytta fötin og breyta þeim, en við það aflagast sniðin og verða síður klæðileg. Þegar búid er að taka tuttugu sentimetra af buxnaskálmum þá eru buxurnar ekki lengur þær sömu.“ Hún segir að flestir þeir foreldrar sem hafa komið einu sinni til að kaupa slík fót á börnin sín, komi aftur síðar. Um aðdraganda þess að hún fór út í verslunarrekstur segir hún það hafa hentað sér vel, þar sem hún er sjálf fjögurra barna móðir.

„Ég þurfti að fara út á vinnumarkaðinn en langaði að hafa tíma með börnunum mínum líka. Þannig reiknaði ég út að verslunarrekstur gæti átt vel við mig. Að það skyldi verða barnafataverslun sem varð fyrir valinu var líka sérlega heppilegt, þar sem ég tel mig nú vita sitthvað um hvernig fót henta börnum. Að mínu mati þurfa þau fyrst og fremst að vera slitsterk, klæðileg og endingargóð. Maður er náttúrliga alltaf að þvo af þeim og því er



Harpa Hilmarsdóttir ásamt börnum sínum Anítu Sól og Hilmi Blæ.

FRÉTTABLAÐID/ANTON

leiðinlegt þegar fötin verða þvæld og hnökrótt eftir nokkra þvotta,“ segir þessi kjarnakona.

mhg@frettabladid.is

**Sock Shop** breytir um nafn og verður **Cobra**



**20%** afsláttur til 20. október

**cobra**

Sokkabúðin Kringlunni, 1. hæð við blómatorgið

Einstakt tækifæri til þess að eignast kínverska listmuni beint frá framleiðendum

## SÖLUSÝNING Á HÁGÆÐA HANDGERÐU KÍNVERSKU POSTULÍNI

Úti- eða inniblómappottar - myndir - lampar - vasar - skálar og fleira



White like jade  
Bright as mirror

Thin as paper  
Sound like a chime

**LÚXUS GJAFIR OG SÖFNUNAR VÖRUR - GÓÐ FJÁRFESTING**

**HELGAR  
KYNNING**

**Frábært  
verð**

**Gallery Kína**

Ármúla 42

sím1 895 8966

Opíð alla daga frá kl. 10-18

# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN  
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000  
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:  
VIRKA DAGA  
UM HELGAR

8-18  
11-16

## BÍLAR & FARARTÆKI

### Bílabúð Benna



Chevrolet Lacetti 1,8L CDX Wagon árg 1/2006 ekinn 8 þús km, sjálfskiptur, sumar og vetrardekk, allt á felgum, abs, dráttarbeiði, filmur, fjarst. samlæsingar, 6 diska cd magasin, kastarar, spoiler og m/fl. Kostar nýr 2,350,000- TILBOÐ: 1,890,000- ákv lán kr: 1,200,000- 21 þús pr/mán. Frábær kaup.



Daewoo Evanda árg 6/2003 ekinn aðeins 21 þús km, sjálfskiptur, leðurinnrétting, toppluga, 6 diska cd magasin, abs, álfelgur, esp stöðuleikakerfi, sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, líknabelgir, rafmagn í öllu, bíll hláðinn búnaði. Verð. 1,650,000-



Toyota Previa árg, 5/2003, ekinn 83 þús. km, sjálfskiptur, 2.4L vél (156HÖ), sjálfskiptur, sumar og vetrardekk, abs, álfelgur, armpúði, lítað gler, líknabelgir, rafmagn í rúðum þakbogar, þjónustubók, spoiler, dráttarbeiði. Frábær fjöldskyldubíll. Verð. 2,090,000-



Hyundai Tucson GLS 2,0, Diesel TD-I, árg 7/2005, sjálfskiptur, ekinn 13 þús. km, abs, álfelgur, fjarst, samlæs, geislasplári, rafdrifnar rúður, þakbogar, ný þjónustukoðaður. Verð. 2,790,000-

**Bílabúð Benna ehf.**  
Bíldshöfði 10, 110 Rvk.  
Sími: 587 1000  
www.benni.is

### Bílalíf.is



VW Touareg V8, árg. 2004, Loftpúðaþjöðrun, leður, lúga, hiti í stýri ofl. ofl. ekinn aðeins 29 þ.km. V. 5.390 þ. Tilboð V.4.580 þ. Skoða skipti á ód. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf S. 562 1717 og 898 1742 sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**  
Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 562 1717  
www.bilalif.is

## bíla land



Hyundai Matrix Nýskr. 06/2002, 1600cc 5 dyra, Fimmgira, Ljósgrár, Ekinn 47.000 þ. Verð. 990.000 AK-589

**Bíland, B & L**  
Grjótháls 1, 110 Rvk.  
Sími: 575 1230  
www.bilaland.is

## HÖFÐAHÖLLIN



FORD EXPEDITION XLT4X4 Árgærd 2006. Ekinn 26 þ.mílur, þúsund km. TILBOÐSVERÐ 4390.000.-

**Höfðahöllin**  
Klettháls 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
www.hofdahollin.is

## 100 bílar.is



Land Rover Discovery 2.5 TDI, árg. 2000, ek.114 þús.km, DÍSEL, Verð 1990 þús. kr, áhv.1200 þús.kr. Tilboðsverð 1690 þús.kr!!

**100 bílar ehf**  
Funahöfða 1, 110 Reykjavík  
Sími: 517 9999  
Opíð virka daga 10-19 og laugardaga 12-17  
www.100bilar.is

## Bílar til sölu



**Volkswagen Golf**  
VW Golf '99 árg., 1400 vél heilsársdekk, ekinn 111.000 km., reyklaus, með spoiler, vél með farinn, nýskoðaður. Verð 490.000 kr. Uppl. í s. 823 3337.



Bílar og tæki til sölu. Það er hægt að skoða þá á heimasíðu okkar

www.velamidstod.is eða hafa samband í síma 840 5735.



**Hyundai**  
Hyundai Trajet, 2001 árg., 7 manna, ekinn 59þ.km. Fallegur bíll. Ásett verð 1.090.000kr. Ávh. 500.000. Nánari uppl. gefur Guðmundur í s. 896 4214.



elísabet



Vel farinn 2005 Skoda Octavia. Í ábyrgð til des. 2007. 200þ. + 20þ/mán. 661 7827.



**Vill skipta á dýrari**  
Dodge Stratus SXT árg. 08/04, 2,4, ssk., ek. 15 þ. mil., lj.grár. V. 2.6m, áhv. 2,4, vill skipta á nýlegum jeppa, Explorer, Cherokee eða svipað. Uppl. í s. 821 0808.



Um er að ræða 24 lóðir fyrir tveggja hæða einbýlishús:

Austurkór nr. 4, 6, 8, 10, 24, 26, 28, 30, 32, 34, 36, 38, 56, 58, 60, 62, 111, 113, 115, 117, 141, 143 og 159.

4.

**Parhús á einni hæð.**

Um er að ræða eitt parhús (2 íbúðir) á einni hæð:

Austurkór nr. 163 og 165.

5.

**Parhús á einni hæð auk kjallara.**

Um er að ræða tvö parhús (4 íbúðir) á einni hæð auk kjallara:

Austurkór nr. 68, 70, 72 og 74.

6.

**Parhús á tveimur hæðum.**

Um er að ræða 7 parhús (14 íbúðir) á tveimur hæðum:

Austurkór nr. 81, 83, 97, 99, 101, 103, 119, 121, 131, 133, 145, 147, 149 og 151.

7.

**Fjölbýlishús (fjórbylishús á tveimur hæðum auk kjallara).**

Um er að ræða 9 fjórbylishús á tveimur hæðum auk kjallara:

Austurkór nr. 76, 78, 80, 82, 84, 86, 88, 90 og 92.

8.

**Fjölbýli á 3 hæðum auk kjallara.**

Austurkór 79 (6 íbúðir). Um er að ræða byggingarétt fyrir eitt fjölbýlishús.

**Einnig er hægt að sækja um ákveðið svæði til vara og er um að ræða tvö svæði, svæði 1 og svæði 2:**

**Svæði 1 - tekur til byggingaréttar á lóðum**  
Austurkór 4 - 92 (sléttar tölur).

**Svæði 2 - tekur til byggingaréttar á lóðum**  
Austurkór 79 - 159 (odda tölur)

**Lóðagjöld.**

Lágmarks gatnagerðar- og yfirtökugjöld:

Einbýlishús 12,3 milljónir kr  
(miðað við 700 m<sup>3</sup>)

Parhús 8,6 milljónir kr. (á íbúð)  
(miðað við 600 m<sup>3</sup>)

Fjórbylishús 6,1 milljónir kr. (á íbúð)  
(miðað við 450 m<sup>3</sup>)

Fjölbýlishús 4,7 milljónir kr. (á íbúð)  
(Miðað við 300 m<sup>3</sup>)

Gert er ráð fyrir að ofangreindar lóðir verði byggingarhæfar í desember 2007.

Skipulagsuppráttur ásamt umsóknareyðublöðum og úthlutunarreglum, fást afhent á Tæknideild Kópavogs, Fannborg 2, 3 hæð frá kl. 8-15:30 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8-14 frá mánudeginum 16. október 2006. Úthlutunargögn fást afhent fyrir kr. 1000 en einnig er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu Kópavogs [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)

Umsóknum skal skilað á sama stað fyrir kl. 16:00 mánudaginn 30. október 2006. Vakin er athygli á reglum Kópavogsbæjar um úthlutun á byggingarétti fyrir íbúðarhúsnæði. Þá er jafnframt vakin sérstök athygli á því að umsóknum einstaklinga um byggingarétt þarf að fylgja staðfesting banka eða lánastofnunar á greiðsluhæfi. Fyrir umsækjendur einbýlishúsaloða kr. 35 milljónir og fyrir umsækjendur parhúsa kr. 30 milljónir. Fyrirtækjum ber að skila ársreikningi sínum fyrir árið 2005 og eða milliuppgjöri fyrir árið 2006 árituðum af löggiltum endurskoðendum. Yfirlýsing frá banka og lánastofnunar um greiðsluhæfi og lánamöguleika umsækjenda skal vera án fyrirvara. Æskilegt er að umsækjendur leggi inn skattframtal. Byggingarétti á lóðum verður úthlutað með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.

Bæjarstjórnin í Kópavogi.



Austurvegi 38  
800 Selfossi.  
Sími 482 4800



**CAFÉ KLETTUR**  
VEITINGAHÚS, EINBÝLISHÚS OG LÓÐ FYRIR HÓTEL.

Til sölu notalegi veitingastaðurinn Café Klettur í Reykholti, Biskups-tungum. Um er að ræða veitingahúsið sem tekur um 60 manns í sæti og er vel tækjum búið, 114m<sup>2</sup> einbýlishús og 3100m<sup>2</sup> byggingalóð þar sem tilvalið er að byggja allt að 50 herbergja hótél. Mjög góð aðstaða er fyrir hestafólk á staðnum. Frábært tækifæri fyrir duglegt fólk.

Nánari upplýsingar á Skrifstofu Árborga í síma 482 4800.

[www.arborgir.is](http://www.arborgir.is)

Guðjón Sigurjónsson, löggiltur fasteignasali

**allt heimili**  
Alla fimmtudaga

# Kirkjuvellir 5 - Hfj.

## Opið hús í dag kl. 14-15



## 24 íbúðir í lyftuhúsi

3ja og 4ra herbergja nýjar íbúðir á Völlunum. Alls eru 24 íbúðir í húsinu. Íbúðirnar skilast fullbúnar með eða án gólfefna. Að utan skilast fjölbýlið fullbúið, einnig öll sameign og lóð. Íbúðirnar eru mjög bjartar og skemmtilega hannaðar, þvottaherb. í hverri íbúð og góðar sérgeymslur í kjallara. Traustur verktaki.  
**Verð frá 18,3 millj.**

# Rauðamýri 1-3



## 24 íbúðir í lyftuhúsi

## 9 íbúðir í stigahúsi



- Glæsilegar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir.
- Hús klætt að utan, lágmarks viðhaldskostnaður.
- HTH innréttingar, AEG tæki, allt fyrsta flokks.
- Hiti í gólfum, sérstök hljóðeinangrun milli hæða.
- Sérinngangar og sér merkt stæði í bílakjallara.
- Stórkostlegt útsýni yfir sundin, Esjuna o.fl.

Allar nánari upplýsingar á  
[www.hraunhamar.is](http://www.hraunhamar.is)

**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500  
hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is  
Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali  
Ágústa Hauksdóttir, löggiltur fasteignasali  
Freyja Sigurðardóttir, löggiltur fasteignasali

## VISSIR ÞÚ ...

... að í Svíþjóð er lægsta tíðni ungbarnadauða eða 3,44 börn af hverjum þúsund lifandi fæddum? (miðað við tölur árið 2003)

... að Angóla býr við mestan ungbarnadauða en þar dóu 191,44 börn af hverjum þúsund lifandi fæddum? (miðað við tölur árið 2003)

... að samkvæmt nýjustu upplýsingum er dánartíðni hæst í heiminum í Sierra Leóne og Malaví þar sem árið 2002 dóu 25 af hverjum þúsund íbúum? Meðaltalið í heiminum það ár var 9.

... að dánartíðni mældist árið 2002 lægst í Kúvæ t og Óman þar sem þrjú af hverjum þúsund íbúum létust?

... að hjarta- og æðasjúkdómar eru algengasta dánarorsök in í iðnríkjum heimsins?

... að kransæðastífla er algengasta orsök skyndidauða í iðnríkjunum?

... að sjálfsmorðstíðni er hæst í Lit-háen. Þar féllu 91,7 íbúar af hverjum 100 þúsund fyrir eigin hendi árið 2000?

... að erfðaskrá Fredericu Stilwell Cook var 95.940 orð og í fjórum bindum? Hún átti 6,5 milljónir króna til að skipta milli ættingja og vina?

... að Bernies Barker hóf feril sinn sem fatafella árið 2000, þá sextugur að aldri? Hann fækkar fötum á Club LeBare í Miami.

... að Maddalena Granata á met í flestum þrjúburafæðingum en hún fæddi alls fimmtán þrjúburu eða 45 börn? Maddalena var uppi á Ítalíu 1839 til 1886.

... að fyrsta eiginkona Feodors Vassilyev er frjósamasta móðir sögunnar en hún eignaðist í 27 fæðingum 69 börn?

... að frú Vassilyevna á einnig met í fjórburafæðingum en hún átti ferna fjórbura?

... að frú Vassilyevna átti einnig sjö þrjúburu og sextán tvíburu? Hún var uppi í Rússlandi 1707 til 1782.

... að Merryl Fudel er elst kvenna til að eignast fjórbura en árið 1942 eignaðist hún þrjár stúlkur og einn dreng 55 ára og 286 daga gömul?

... að Bobbie McCaughey eignaðist sjöbura árið 1997 sem vógu á bilinu 4 til 6 merkur? Barnaskarinn dafnar vel og býr í Iowa í Bandaríkjunum.

... að árið 2002 ættleiddi Frances Benedict, þá 83 ára gamall, Jo Anne sem þá var 65 ára gömul?

... að aðeins eru tvö dæmi um mæður sem hafa eignast tvenna tvíburu sama mánaðardaginn?

... að árið 2003 voru 50,8 prósent Úganda manna á aldrinum 0 til 14 ára?

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ

# BROSTU!



## Lafandi tungutilboð á tungusófum!

### Nánast á kostnaðarverðil

# 40-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLU

Brostu,  
það geri ég!



**DUPLO BOX**  
Nyttu plásslið. Frábær lausn í unglíngaherbergið

Unglíngavandamálin leyst í eitt skipti fyrir öll!

Mjög vandað rúm með bonnel sjálfstæðu gormakerfi. Sérstyrkt á hliðum og miðju. Ofnæmisprófað, og vandað rúm.

Sérstakt tilboð fyrir „unga“ eldri borgara á rúmunum.



**RÚM&SÓFI**  
húsgagnaverslun

Borgartúni 28 · 105 Reykjavík · Sími 5618833

www.rumogsofi.is

Opið virka daga 12 – 18, laugardaga og sunnudaga 11 – 17

Húsgagnna

# Lagersala

Krókhálsi 10  
sími: 557-9510

09-18 virka daga  
10-16 laugardag

## Allt að 90% afsláttur

Rúm — Sófasett — Eldhúsinnréttingar — Spéglar — Nuddstólar — og margt margt fleira...





## Hvað er ramadan og ber hann alltaf upp á sama árstíma?

Ramadan er níundi mánuðurinn í dagatali múslíma og er helgaður föstu. Múslímar trúa því að það hafi verið í niunda mánuðinum sem Allah (Guð) opinberaði hina heilögu bók Kóraninn fyrir Múhamed spámanni.

### Ramadan getur borðið upp á hvaða dag sem er

Allir dagar ársins eru jafnlílegir sem upphafsdagur ramadans og því hefur hver dagur gegnt því hlutverki 3-5 sinnum á þeim tæpu 1400 árum sem liðin eru síðan íslam hófst árið 622 eftir Krist. Í ár, 2006, hófst ramadan til dæmis þann 24. september hér um slóðir.

### Dagatal múslíma

Dagatal múslíma fylgir gangi tunglsins en ekki sólarinnar eins og dagatalið sem við miðum við. Í almanaksárinu eru tólf tunglmánuðir sem eru annað hvort 29 eða 30 dagar og hefst nýr mánuður með nýju tungli. Almanaksár múslíma er því tíu til tólf dögum styttra en gregoríanska árið sem flestir Evrópubúar nota.

Hjá okkur ber mánuðina alltaf upp á sama árstíma en hjá múslímum færast mánuðirnir til í árinu. Þegar ramadan hefst til dæmis kringum 20. janúar hefst fastan kringum 9. janúar árið á eftir. Það tekur um 34 ár fyrir tungldagatalið að fara í heilan hring og byrja að nýju um sama leyti árs miðað við dagatal okkar.

### Fastan hefst á nýju tungli

Fastan á ramadan hefst þegar nýtt tungli er sýnilegt á himni en múslímar geta einnig miðað við útreikninga stjörnufræðinga um gang himintungla til að marka upphaf mánaðarins og þar með föstunnar. Mismunandi er eftir stöðum hvor aðferðin er notuð.

Hjá þeim múslímum sem nota fyrri aðferðina hefst föstumánuðurinn þegar trúverðugt vitni segist hafa séð nýja tunglið. Vitnið flytur svokölluðum Qadi fréttirnar en hann er dómari múslíma og byggir dóma sína á lögum íslams. Þegar Qadi hefur fengið tíðindin er ákveðið hvenær fastan eigi að hefjast. Ef skýjað er og ekki sést til tunglsins getur svo farið að fastan frestist.

### Fastan er tími hreinsunar og yfirbótar

Í ramadan fylgja múslímar stranglega boðum Allah. Orðið „íslam“ þýðir einmitt „að hlýða Guði“. Á föstunni mega trúaðir múslímar ekki borða, drekka, reykja eða stunda kynlíf frá sólarupprás til sólarlags. Ramadan er tími líkamlegrar og andlegrar hreinsunar og yfirbótar og markmiðið er að auka sjálfstjórn og trúarhita. Hungurtilfinningin á að auka samkennd með þeim sem eru fátækir og svangir allan ársins hring. Í kjölfar föstunnar eiga múslímar að fyllast þakklæti vegna alls þess góða sem lífið gefur þeim. Börn, barnshafandi konur og þeir sem veikir eru eða á ferðalagi þurfa þó ekki nauðsynlega að fasta en þeim er ráðlagt að gera það þegar tækifæri býðst.

### Ramadan er mikil hátíð

Ramadan er mikil hátíð hjá múslímum og algengt er að þeir útbúi sérstaka rétti sem eingöngu eru snæddir á föstunni. Matur er borðaður rétt fyrir sólarupprás og eftir sólarlag og er algengt að vinum og



ættingjum sé boðið til veislu eftir sólsetur. Sólin er auðvitað misjafnlega lengi á lofti eftir árstíð og stað þannig að föstutíminn verður lengstur þegar ramadan er að sumarlagi og þá því lengri sem fjær dregur miðbaug.

### 27. sólarhringurinn er mikilvægastur

Síðustu tíu dagar ramadan skipta mestu í föstunni en mikilvægasti sólarhringurinn er sá 27. Múslímar trúa því að um nóttina á 27. degi föstunnar hafi fyrstu erindi Kóransins opinberast spámanningnum. Í Kóraninum segir að nóttin jafnist á við þúsund mánuði og því eyða margir múslímar allri nóttinni á bæn. Á föstu reyna múslímar að lesa eins mikið í Kóraninum og þeir geta og sumir verja dagstund alla föstuna í mosku þar sem lesið er upphátt upp úr Kóraninum.

### Fimm grundvallarstoðir íslams

Fastan er ein af fimm grundvallarstoðum íslams. Hinar stoðirnar eru trúarjátningin, bæninn, að gefa fátækum ölmusu og pílgrímsferð til Mekka.

### Trúarjátningin

Í trúarjátningu múslíma segir: „La ilaha illa Allah, Muhammadur rasoolu Allah“ sem mætti þýða á íslensku sem: „Það er enginn sannur Guð nema Allah og Múhamed er spámaður hans“.

### Bænin

Trúaðir múslímar biðja fimm sinnum á dag, við sólarupprás, á hádegi, um miðjan dag, við sólarlag og á miðnætti. Þeir biðja beint til Allah og prestar koma því ekki að bænagjörðinni á sama hátt og í guðsþjónustum í kristinni trú, né heldur hafa þeir milligöngu um aðra trúariðkun eins og þegar katólskir menn skrifta. Múslímar biðja nánast hvar sem þeir eru staddir, hvort sem það er á ökrum, á skrifstofum, í verksmiðjum eða í háskólum. Sumir fara líka í moskurnar til bæna.

### Ölmusa

Að gefa ölmusu kallast Zakat. Upprunaleg þýðing orðsins er bæði hreinsun og þroski. Zakat felst í því að múslímar gefa tiltekið hlutfall af eignum sínum til fátækra. Ef múslími á til dæmis gull í heilt ár sem vegur meira en 85 grömm þarf hann að gefa andvirði rúmlega tveggja gramma til fátækra.

### Pílgrímsferð til Mekka

Allir múslímar sem geta eiga að fara í pílgrímaferð til Mekka í Sádi-Arabíu að minnsta kosti einu sinni um ævina. Tvær milljónir múslíma frá öllum heimshornum koma til Mekka á hverju ári. Pílgrímarnir, bæði ríkir og fátækir, bera einfaldan klæðnað svo að allir standi jafnir frammi fyrir Allah.

*Helga Sverrisdóttir stjórnmálafræðingur, um tíma starfsmaður Vísindavefsins, og Ulrika Andersson vísindablaðamaður.*



RENAULT

## Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun



### Renault Kangoo

Verð frá kr. 1.620.000

Verð frá kr. 1.301.205 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 24.896

Fjármögnunarleiga kr. 19.996 án vsk.

### Renault Trafic

Verð frá kr. 2.280.000

Verð frá kr. 1.831.325 án vsk

Fjármögnunarleiga kr. 35.295

Fjármögnunarleiga kr. 28.350 án vsk.

### Renault Master

Verð frá kr. 2.720.000

Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.

Fjármögnunarleiga kr. 42.024

Fjármögnunarleiga kr. 33.754 án vsk.



ATVINNUBÍLAR  
FYRIRTÆKJADJÓNUSTA

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

www.renault.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

**Fylgiklausa:** Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Slóð Vísindavefsins er [www.visindavefur.hi.is](http://www.visindavefur.hi.is).

\* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkørfu með 20% útborgun með og án/vsk.



**GRIPID Í VEIÐISTÖNG** Hermennirnir í norðurkóreska bænum Sinuiju grípa gjarnan í veiðistöng eins og aðrir íbúar á þessum slóðum. Myndin er tekin við höfnina í Sinuiju, sem er lítil bær rétt við kínversku landamærin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Við landamæri eins lokaðasta lands heims

**Norður-Kórea** er eitt einangraðasta ríki heims. Fáum ferðamönnum er hleypt inn fyrir landamærin og sjaldan sjást þaðan ljósmyndir. Eftir að Norður-Kóreustjórn lýsti því yfir í byrjun síðustu viku að henni hefði tekist að sprengja kjarnorkusprengju í tilraunaskyni vaknaði hins vegar áhugi umheimsins heldur betur og ljósmyndarar frá helstu fréttastofum heims gerðu sér ferðir að landamærunum til þess að ná einhverjum myndum af fólkinu sem býr handan þeirra. Hér á síðunni má sjá nokkrar af þeim myndum.



**FYRST REYNDI HANN AÐ FELA SIG Á BAK VIÐ TRÉ** Þessi norðurkóreski hermaður við höfnina í landamærabænum Sinuiju var ekki alveg sáttur við það þegar hann sá ljósmyndara sigla framhjá og taka myndir í gríð og erg. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VÍGGIRÐINGIN** Landamærin milli Suður- og Norður-Kóreu eru býsna óárennileg. Á myndinni sést hópur suðurkóreskra hermanna sem reglulega fara í eftirlitsferðir meðfram landamærunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SÍÐAN GREIP HANN GRJÓT OG KASTAÐI** Af einhverjum ástæðum vildi hann alls ekki láta taka myndir af sér. Enda hermaður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VIÐ ÖLLU BÚNIR** Þessir hermenn í Suður-Kóreu virðast ekki jafn afslappaðir og kollegar þeirra norðan megin. Viðbúnaðurinn var hertur mjög eftir að Norður-Kóreumenn fullyrtu að þeir hefðu sprengt kjarnorkusprengju í tilraunaskyni í byrjun vikunnar.



**VADID YFIR LANDAMÆRIN** Landamærin á milli Norður-Kóreu og Kína eru ekki jafn rammgirt og milli Norður- og Suður-Kóreu. Þarna sést hermaður frá Norður-Kóreu vaða í mestu makindum yfir litla sprænu sem skilur löndin að. Á bakknum standa kínverskir ferðamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# BT

## Panasonic VIERA

- nýtt tímabil í myndgæðum

Verð  
hrun  
60.000

8.746\*\*

# VIERA

Panasonic VIERA hágæðasjónvörpin setja myndgæðin í fyrsta sæti.

Panasonic VIERA hafa yfirburði þegar kemur að mikilli hreyfingu á mynd, t.d. Þegar horft er á knattspyrnuleiki, formúluna eða hasamyndir.

Panasonic VIERA eru með glerskjá sem gefur fallegri mynd og veitir panelnum vörn fyrir litlum fingrum.

Panasonic VIERA hafa hlotið ótal viðurkenningar fyrir glæslegt útlit. Veldu glæsileika.

42"



\*\*Aukahlutir á mynd er borðstandur og sjónvarpsborð

## Panasonic

TH42PV60E  
PANASONIC 42" PV60E Plasmasjónvarp  
42" Plasmasjónvarp  
1024x768  
10.000:1  
2000 síðna textavarpssmíni  
3 SCART  
2 HDMI  
PC skjátengi  
PAT mynd & texti

9. kynslóð plasmataekja.  
29 milljarðar lita, hundraðfalt fleiri litir en í LCD sjónvörpum.

8.746

\*\*Tölvu- og tækjalán 48 mán.

24.999

Vaxtalaust 12 mán.

299.988

Staðgreitt

## DVD UPPTÖKUTÆKI



10.000 krónu afsláttur ef keypt með sjónvarpinu

5.499

Vaxtalaust 12 mán.

65.988

Staðgreitt

Þú þart aldrei að finna tóma spólu

Þú getur pásað beina útsendingu

Þú getur tekið upp á meðan þú horfir á upptökuna frá því í gær

200 GB

## Panasonic

DMREH55  
PANASONIC HDD 200GB M/HDMI  
200 GB harður diskur  
44 tíma upptaka í XP mode  
355 tíma upptaka í EP mode  
Spilar DivX af CD eða DVD.  
Spilar MP3  
Mpeg2 upptaka  
SD kortalesari fyrir video og ljósmyndir  
DVI inngangur  
HDMI útgangur

## Panasonic

DMREH65  
PANASONIC HDD 250GB M/HDMI  
250 GB harður diskur  
55 tíma upptaka í XP mode  
443 tíma upptaka í EP mode  
Spilar DivX af CD eða DVD.  
Spilar MP3  
Mpeg2 upptaka  
SD kortalesari fyrir video og ljósmyndir  
DVI inngangur  
HDMI útgangur

## DVD UPPTÖKUTÆKI



10.000 krónu afsláttur ef keypt með sjónvarpinu

250 GB

Þú þart aldrei að finna tóma spólu

Þú getur pásað beina útsendingu

Þú getur tekið upp á meðan þú horfir á upptökuna frá því í gær

6.499

Vaxtalaust 12 mán.

77.988

Staðgreitt

~~14%~~ ~~24,5%~~  
virðisaukaskattur

verður

70%

ÖLL MATVÆLI



**KRÓNAN**  
ALLTAF BETRA VERÐ

# LÆKKUM STRAX

virðisaukaskatt  
af öllum matvælum!

Gildir: **laugardag og sunnudag**

## FINNDU MUNINN NÚNA

Lækkum strax virðisaukaskatt af öllum matvælum úr 14% og 24,5% í 7% eins og ríkisstjórn ætlar að gera á næsta ári. Gildir 13., 14. og 15. okt. 2006. Að sjálfsögðu skilar Krónan virðisaukaskatti miðað við núgildandi lög til ríkisins.





# Píanó & pólitík

Athuganir **Jakobs Bjarnars Grétarssonar** leiða í ljós þá merkilegu staðreynd að sömu eðliseinkenni bærast með píanóleikurum og pólitíkusum. Ef vel á að vera. Píanómaðurinn þarf bæði að geta leikið einleik, hamrað laglínuna og ekki síður að láta allar nótur – alla strengi – leika saman í einni allsherjar harmóníu.



**F**réttablaðið hefur að undanfögnu reynt að kortleggja eðliseinkenni tónlistarmanna. Þannig hefur komið á daginn að trymblar búa yfir villtara eðli en gengur og gerist meðan bassaleikarar eru pottþéttar og vandaðar týpur sem trana sér ekki fram. Röðin er komin að píanóleikurum og nú bregður svo við að þrjár slíkir eru að berjast í prófkjörsbaráttu. Ætla að gera sig gildandi fyrir næstu alþingiskosningar. Þegar betur er að gáð og rætt er við þessa ágætu menn kemur á daginn að engin tilviljun ræður því að píanóleikarar eru algengari meðal pólitíkusa en til að mynda bassaleikarar og trymblar. Þannig þótti tíðindum sæta að trommari Gildrunnar, hinn snaggaralegi Karl Tómasson, skyldi demba sér í pólitíska baráttu í síðustu sveitarstjórnarkosningum.

## Að kunna bæði á svörtu og hvítu nóturnar

Oddný Sturludóttir er afbragðsgott dæmi um píanóleikara og pólitíkusa. Hún var áberandi í síðustu borgarstjórnarkosningum, er nú varaborgarfulltrúi auk þess að

starfa sem píanókennari. Enda er hún hámenntuð í klassískum píanóleik og í rokkinu einnig sem hljómborðsleikari Ensími. Oddný er alveg með það á hreinu að píanó og pólitík eigi ýmislegt sameiginlegt.

„Engin spurning. Píanónám er góður grunnur fyrir pólitískt starf. Gerist varla betri. Enda er ansi margt sameiginlegt með þessu tvennu. Í pólitík þarf ég að geta leikið af fingrum fram. Og mjög nauðsynlegt að æfa sig vel heima.“

Oddný bendir á mjög athyglisverða hliðstæðu sem er að munurinn á því að vera í stjórn og stjórnarandstöðu sé svipað því og að leika í dúr og moll.

„Í sjálfu sér er ekki erfiðara að vera í meirihluta eða minnihluta. Líklega mjög svipað. En áferðin er önnur. Minnihlutinn hlýtur að teljast vera í moll. Eðli málsins samkvæmt. Moll fylgir meiri depurð, meiri angurværð og tilfinningaleg þyngd. Í minnihluta hljóta menn að vera með allt á hornum sér. Sjá anmarka á öllu. Það fylgir starfinu. Moll,“ segir Oddný.

Í pólitíkinni er Oddný stöðugt að kljást við pólitíska andstæð-



inga en við píanóið og í klassíkinni er hún endalaust að kljást við sjálfa sig.

„Svo hef ég prófað að spila með öðrum í bandi. Í klassíkinni, kammer, tríó, kvartett... þá er um samstarf að ræða. Og verður að segjast að það er ólíkt meira gefandi en atið í pólitíkinni. Að takast á við fagurfræðileg álitamál sem fara fram í samstarfi á sviði tónlistarinnar en í pólitíkinni. En það hjálpar. Að kunna að spila með fólki. Maður verður að kunna bæði á svörtu og hvítu nóturnar.“

Oddný starfar sem píanókennari en hún er hámenntuð í píanóleik. Lauk 8. stigi og svo tók við píanókennaranám á háskólastigi sem er þriggja ára nám. Oddný var auk þess einn vetur við framhaldsnám í Þýskalandi. Þar lærði hún hjá rússnesskri sextugri valkyrju – Frau Rudiakov. „Mikill snillingur. Þann vetur lærði ég sannarlega réttu vinnubrögðin fyrir pólitíkina.“

**ODDNÝ** Hér ásamt Ásdísi Sveinsdóttur, fyrrum nemandi sínum. Segir enga spurningu að píanóið hjálpi í pólitísku starfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

## Illugi Gunnarsson:

# Stendur bæði einn og í hópi

Þau eru mér mun fremri í píanóleiknum. Oddný, Guðmundur og Jakob geta öll haft í sig og á af hljótleik sínum. Eg yrði mjög fljótt hungurmorða ef ég ætlaði mér það,“ segir Illugi Gunnarsson hógværum um kollega sína í píanóleiknum sem jafnframt eru í framboðsbrótti.

Illugi er ekki frá því að píanóleikurinn gagnist sér vel í pólitíkinni. Eins og reyndar á flestum sviðum.

„Ég tel mig ekki hafa mikið vit á þessum málum, hef til dæmis aldrei komið nálægt hljómsveitarbransanum, en fyrst og síðast er píanóleikurinn fyrir mig til þess gerður að halda sönum,“ segir Illugi. Og augljóslega hlýtur það að gagnast pólitíkusum vel. Segir sig eiginlega sjálf.

„Fátt er betra en píanóið vilji maður geta hvílt sig frá þessu amstri. En píanóið er vissulega margslungið hljóðfæri. Þú þarft bæði samhljóm og laglínuna. Þú spilar bæði söngroddina og svo undir í leiðinni. Stendur einn sem og í hópi.“

Augljóst er hverjum meðalgreindum manni hvernig þessir margslungnu eiginleikar píanós eru líkt og leiðarhnoða fyrir farsælan stjórnámamann. Illugi vill þó ekki seilast of langt í því að samþætta skilgreiningar á pólitíkusi annars vegar og hljómborði hins vegar.

„Píanóleikur hefur gagnast mér í lífinu almennt. Hvort sem er í pólitík eða öðru. Tónlist er mjög gagnleg. Gerir mönnum mismikið gagn. Ég ætla ekki að segja að hún sé allra meina bót. En það sem er heillandi við hana er að sama er á hvaða aldurs skeiði maður er þá endurnýja töfrarnir sig. Eitt heillaði tvítugan, annað fertugan og svo verður eitthvað annað sextugur.“

Verulega athygli vakti þegar Illugi sendi frá sér



**ILLUGI** Leikur jafnt laglínuna sem undirleik á píanóið eins og í pólitík.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

einleikspötu fyrir nokkrum árum en þá var hann starfandi sem aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar, fyrrverandi forsætisráðherra. Illugi segir svo frá að plötuna hafi hann gert þegar hann var fastur í húsi í tvær, þrjár vikur vegna lungnabólgu. Á plötunni tekur hann ýmis klassísk verk til kostanna auk þess sem hann leikur eitt verk eftir sjálfan sig.

„Ég gaf konunni minni það þegar við vorum að byrja saman. Að píanóleikur minn hafi gert útslagið? Nei, reyndar ekki. Það var „my good looks and charm,“ segir Illugi og hlær.

## Guðmundur Steingrímsson:

# Píanóið óflokksbundið

Vissulega koma píanóleikarar meðal pólitíkusa upp í hugann ef að er gáð. Eins og til dæmis Landsbergis, sjálfstæðisshetja Lítháa, sem er doktor í píanóleik,“ segir Guðmundur Steingrímsson.

Minnisstætt er Guðmundi þegar hann Landsbergis kom til landsins og lék þá einmitt á píanó á bernskuheimili Guðmundar, hjá Steingrími Hermannssyni sem þá var forsætisráðherra.

„Jú, jú, maður skynjaði pólitíkina í píanóleiknum. Þetta var stórbrotið. Og eitthvað grand við að spila á stóran flygil og vera sjálfstæðisshetja. Þetta hefði ekki verið eins flott á gítar og fátánlegt á trommur. Mögulega hefði hann getað sungið en þó ekki.“

Guðmundur segir að það sé þessi hógværd í píanóleiknum en samt allur skalinn sem bjóði upp á miklar tilfinningar. Og á flygilinn öðrum hljóðfærum fremur megi



túlka sjálfstæðisbaráttu heillar þjóðar.

„Þetta hljómar nú svolítið í anda Schopenhauers. Enda einn helsti heimsspekingur tónlistarinnar. Einhver þráður þar. Að tónlist geti túlkað tilfinningar beint.“

Ymar kempur af hinu pólitíska sviði hafa fengist við hvítu nóturnar og svörtu. Guðmundur nefnir til dæmis Gylfa Þ. Gíslason og Gunnar Thoroddsen. „Þeir spiluðu

## Stjórn málaforingjar og píanómenn



### Gylfi Þ. Gíslason

Þessi mikli leiðtogi krata settist gjarnan við píanóið og lék af fingrum fram sónnur í dúr og moll.



### Gunnar Thoroddsen

Þessi leiðtogi sjálfstæðismanna fann sér athvarf við píanóið en að sögn viðmælenda Fréttablaðsins á píanóleikur vel við pólitíkina þar sem bæði þarf að leika af fingrum fram sem og að láta alla strengi hljóma saman.



### Birgir Ísleifur Gunnarsson

Var borgarstjóri og fór svo í Seðlabankann. Hann er liðtækur píanóleikari og má ímynda sér að á síðkvöldum við Selvogsveginn hafi angurværir píanótónar liðast um loftið þegar stýrivaxtahækkun var í vændum.



### Matthías Á. Mathiesen

Bregður hér á leik á trommurnar en er liðtækur píanóleikari og hefur meðal annars samið lög. Eitt þeirra, „Bærast litlar báru“, flutti hljómsveitin Randver eftirminnilega.



### Vytautas Landsbergis

Fyrrum forseti Lítháens er jafnframt doktor í píanóleik og getur, að sögn Guðmundar, túlkað sjálfstæðisbaráttu heillar þjóðar með því að fara höndum um svörtu og hvítu nóturnar.

**Jakob Frímagn Magnússon:**

# Helst engar nótur útundan

Jakob Frímagn Magnússon var snöggur að greina ákveðin líkindi með eigindum píanós og pólitíkur.

„Stjórnmalámennt verða að eiga marga strengi í sinni hörpu,“ segir Stuðmaðurinn spöskur.

„Og þá er sjálf slagharpan að því leytnu fremri og aðgengilegri til dæmis venjulegri hörpu að þú hefur yfirsýn yfir nótnaborðið gervallt. Frá dýpstu og dekkstu nótum tónsviðsins til þeirra björtustu og skærustu. Yfirsýn af þessu tagi er ákaflega gagnleg þeim sem láta sig varða allt litróf mannlífsins og þjóðlífsins hverju sinni. Þar þarf stundum að koma til áræðni og ímyndunarafli til að leyfa sér að snerta viðkvæmstu strengina á hljómborði samfélagsins.“

Líkingamálið leikur í höndum Jakobs, sem er hljómsveitarstjóri Stuðmanna. Svo virðist sem það hlutverk falli fremur í skaut hljómborðsleikurum en öðrum hljóðfæraleikurum.

„Já, að hafa alist upp við að hafa alla strengi undir fingurgómunum til skiptis þjálfar menn í að huga að öllu því sem að þessu snýr. Láta engar nótur verða út undan ef kostur er.“

Jakob heldur áfram að velta fyrir sér því sem er líkt með píanói og pólitík og segir oft spurningu um þroska, sem jafnan fylgir aldrinum, að velja hljómsætingar við hæfi og réttu nóturnar – að þær falli vel að grunnhljómunum hverju sinni.

„Þetta er viðvarandi verkefni stjórnmalámannsins en auðvitað

ekki síður mannskepnunnar sem slíkrar. Að leita eftir hinum hreina hljómi. Tileinka sér hljómprýði sem lífsstíl. Bestu píanóflytjendur og höfundar tónlistarsögunnar hafa ekki endilega verið þeir sem fara hraðast og víðast yfir heldur þvert á móti þeir sem temja sér agaðan, hnitmiðaðan og knappan stíl. Á ég þar við menn á borð við Keith Jarred og Joseph Zawinul svo ég nefni nú tvo af mínum eftirlætis hljóðfæraleikurum.“

Ferill Jakobs, jafnt sólóferill (átta sólóplötur liggja eftir hann) sem og með Stuðmönnum, er

glæsilegur. Og hann hefur víða lagt stund á píanónám. Lærði fyrst í Tónlistarskólanum í Reykjavík hjá Selmu Gunnarsdóttur, síðan í einkatímum hjá Carl Billich og Aðalheiði Guðmundsdóttur. Þá stundaði hann einkatíma í Bretlandi og Bandaríkjunum auk þess að sitja í tvö ár í Dick Grove School of Music. Og ekki má gleyma að nefna sérnám hjá snillingnum Mícke Garson sem ýmsir þekkja úr hljómsveit Davids Bowie.

**JAKOB** Stjórnmalámennt verða að hafa marga strengi í sinni hörpu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## 7. landsþing slysavarnaráðs - Slysavarnir aldraðra -

Nordica hótél í Reykjavík, fimmtudaginn 19. október 2006

Fundarstjórar: Ragnhildur Helgadóttir, fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Ingibjörg Pálmadóttir, formaður landsnefndar um lýðheilsu

### TÍÐNI OG ORSAKIR SLYSA HJÁ ÖLDRUÐUM

08:15-09:00 Afhending fundargagna.

09:00	<b>SETNING LANDSPINGS</b>	<b>Siv Friðleifsdóttir</b> , heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
09:10	Staða eldri borgara á Íslandi	<b>Margrét Margeirsdóttir</b> , formaður Félags eldri borgara í Reykjavík
09:40	Áverkar meðal aldraðra - Tíðni, tegundir og alvarleiki	<b>Brynjólfur Mogensen</b> , yfirlæknir á slysadeild LHS og formaður slysavarnaráðs
10:10	Kaffihlé	
10:30	Orsakir slysa meðal aldraðra	<b>Ólafur Þór Gunnarsson</b> , öldrunarlæknir
11:00	Aldraðir og umferðarslys	<b>Ágúst Mogensen</b> , forstöðumaður rannsóknarnefndar umferðarslysa
11:30	Kostnaður slysa hjá öldruðum - þáttur sjúkrahúspjónustu	<b>María Heimisdóttir</b> , læknir
12:00	<b>MATARHLÉ</b>	

### AÐGERÐIR OG ENDURHÆFING

13:00	Elements of a regional preventive programme for injuries among elderly - roles of municipality, hospitals and the elderly.	<b>Jens Lauritsen</b> , yfirlæknir við háskólasjúkrahúsið í Óðinsvéum og ráðgjafi.
14:00	Hverjir eru að vinna að slysavörnum aldraðra á Íslandi? Er árangur af slysavörnum fyrir aldraða?	<b>Herdís L. Storgaard</b> , forstöðumaður Sjóvá Forvarnahúss
14:30	Að eiga aldraða foreldra	<b>Dr. Erla Sigríður Grétarsdóttir</b> , öldrunarsálfræðingur
15:00	Kaffihlé	
15:30	Gildi heilsueflingar aldraðra	<b>Erlingur Jóhannsson</b> , prófessor við Kennaraháskóla Íslands
16:00	Öryggisheimsóknir og öryggiseftirlit í heimahúsum	<b>Sigrún A. Þorsteinsdóttir</b> , sviðsstjóri slysavarnasviðs Slysavarnafélagsins Landsbjargar
16:30	Er skemmtilegt að eldast?	<b>Ólafur Ólafsson</b> , formaður Landssamtaka eldri borgara
17:00	<b>RÁÐSTEFNULOK</b>	

Skráning ef hafin á [www.lydheilsustod.is/skraning](http://www.lydheilsustod.is/skraning) og í síma 5 800 900. Þinggjald kr. 7.000.- verður innheimt við afhendingu fundargagna. Eldri borgarar fá 50% afslátt.



LÝÐHEILSUSTÖÐ



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG

# AIRWAVES fyrir byrjendur

Pú ert búinn að fjárfesta í miða á stærsta og svalasta tónlistarviðburð ársins. Ógrynni hljómsveita mun troða upp frá næsta miðvikudegi til næsta sunnudags. En hvert áttu eiginlega að fara og hverja áttu að sjá? Er eitthvað fyrir alla? *Fréttablaðið* kemur til hjálpar.

## EKKI MISSA AF

### Datarock (NO)

Þessi norski dúett er með þeim fyrstu til að aðhyllast tónlistarstefnu sem heitir „New Rave“. Lögin samanstanda af þungum bassalínunum, flautum, bjöllum, hljómborðum og fleiri rafhljóðfærum. Fallegar ljóðlínur og flottir taktar.

### Wolf Parade (CAN)

Ef þú fílar indí tónlist, og hver gerir það ekki, þá mun Wolf Parade heilla þig með hráum, fögrum tónum. Þessi kanadíska hljómsveit er frá Montreal í Québec og þegar hún fór á samning hjá Sup Pop fyrr á árinu var mikið fjallað um hana í alþjóðlegu tónlistarpressunni.

### The Whitest Boy Alive (NO/DE)

Þeir eru hvítir, og strákar, og halda allavega dansgólfinu sprellifandi. Þessi hljómsveit, með Erlend Öye í fararbroddi byrjaði sem elektrónískt dansverkefni í Berlín en er núna „live“ hljómsveit sem notar enga forritun.

### Apparat Organ Quartet

Hljómsveit sem er jafn fersk í dag og hún var þegar hún fyrst byrjaði fyrir sjö árum síðan. Fjögur orgel og trommuleikari gæti hljómað eins og tónlist við Tetris-tölvuleik en útkoman er snilldarleg tónlist sem kemur brosi á vör hörðustu jaðarrokkara.

## FYRIR INNVÍGÐA

### Steintryggur

Samvinnuverkefni milli Sigtryggs Baldurssonar (fyrrum Sykurmola) og Steingríms Guðmundssonar, sem útskýrir nafnið. Dúettinn spilar mjög áhugaverða ásláttartónlist sem er undir áhrifum heimstónlistar allt frá Afríku til Grænlands.

### Stilluppsteypa

Tilraunakennd hljómsveit sem spilar raftónlist. Meðlimirnir hafa spilað hávaða frá byrjun tíunda áratugarins og eru vel þekktir meðal vissra kreösa, sérstaklega í Þýskalandi. Tónlistin er mjög hávær og sundurleit, og er aðeins fyrir hugrakka.

### Margeir aka Jack Schidt

Þessi maður hefur verið í forgrunni reykviskrar klúbbasenu í yfir fimmtán ár. Hann hefur spilað allskyns tónlist fyrir borgarbúa frá latínutónlist og afrískum trommum til raf- og house-tónlistar.

### Jóhann Jóhannsson

Þessi reykviski tónlistarmaður og tónsmiður er einn af helstu þátttakendum í íslensku tónlistarlífi og er meðal annars meðlimur í Apparat. Sólóverk hans eru skrifuð fyrir strengi, píanó, orgel, klukkuspil og trommur með hárfínunum elektrónískum tónum í bakgrunnum. Tónleikar hans eru alltaf áhugaverðir, og eiga sér oft stað í kirkjum eða öðrum sérstökum stöðum.

### Electroll - dj set

Vinsæll dúó frá Reykjavík sem spilar mínimalískt „deep house“. Þeir hafa slegið í gegn frá unga „hipp og kúl“ líðinu og munu væntanlega standa fyrir besta danskvöldi hátíðarinnar.



WOLF PARADE Mun heilla þig með hráu og fögru indí-rokki.

### Benni Hemm Hemm

Vakti mikla athygli í fyrra þegar hann spilaði á minnsta tónleika-staðnum. Röðin til að komast inn fór þrisvar sinnum í kringum húsið. Núna hafa skipuleggjendur hátíðarinnar stærri hluti í huga fyrir Benna. Mun hann standa undir væntingum?

### Hairdoctor

Í fyrrasumar tók þessi dúett hamskiptum og breyttist frá indí-strákum yfir í harðkjarna teknó-hausa. Þeir eru enn með glamúrinn á hreinu en hressandi gítarköflunum var skipt út fyrir háværa elektróníska takta.

## Í MIÐJUM STRAUMNUM

### We Are Scientists (US)

Þessir ameríski jaðarpopparar verða sívinsæli bæði í Bretlandi og Ameríku í kjölfar tveggja breiðskífna sem þeir hafa gefið út sjálfir. Þekktir fyrir skemmtilega sviðsframkomu þar sem þeir blanda saman uppstandi, húmor og samræðum.

### The Go! Team (UK)

Sex meðlimir hljómsveitarinnar eru frá Brighton og spila einhverskonar blöndu af gömlu hipp-hoppi, gítarköflum, þemum ur sjónvarpsþáttum og kvikmyndum frá 1970. Blanda saman live-hljóðfærum og sampla tónlist úr ýmsum áttum. Söngkonan sem kallar sig Ninja nær alltaf að hrífa áhorfendur með sér í trylltan dans.



BRAZILIAN GIRLS Raf-danstónlist frá New York.

### Brazilian Girls (US)

Engin þeirra er frá Brasília og það er einungis ein stelpa í þessu bandi frá New York. Spila raf-dans tónlist með áhrifum úr ýmsum áttum eins og samba, reggae, house og lounge.

### Kaiser Chiefs (UK)

Sennilega stærsta nafnið til að spila á Airwaves í ár. Þeir hafa

unnið þrjú „Brit Award“ verðlaun (Besta hljómsveit, besta breska rokkhljómsveit og besta live hljómsveit). Kaiser Chiefs hefur virkilega slegið í gegn í Bretlandi á síðasta ári og spilar rokk sem þú getur dansað við.

### Mates of State (US)

Amerískt jaðarrokk spilað af hjónum frá Kansas. Þau nota aðallega trommur og hljómborð. Þekkt fyrir fallegan samhljóm radda og undarlega lagauppbyggingu.

### Mugison

Örn Elías Guðmundsson frá Ísa-firði þarfnast varla frekari kynningar. Hér spilar hann ásamt Mugibandi sínu.



KLAXONS Spilar sýru-reif og á stóran hóp aðdáenda í Bretlandi.

## LÍKLEGIR TIL AÐ SLÁ Í GEGN

### Jakobínarína

Unglingaútgáfan af hinum íslenska Franz Ferdinand. Þessir sextán ára strákar vöktu verðskuldaða athygli erlendu pressunnar í fyrra. Þeir hafa notað árið til þess að klára grunnskólann og vingast við hörðustu rokkara Reykjavíkur. Ef þeir hafa lifað það af eru þeir vissulega tilbúnir til þess að takast á við annað Airwaves-ævin-týri.



JAKOBÍNARÍNA – ALLTAF HRESSANDI

### Stórsveit Nix Noltes

Íslenskir jaðarrokkarar sem spila áleitna og hraða austur-evrópska tónlist. Þeir blanda pönkuðum stíl sínum við flókinn samhljóm og óreglulegan takt Balkantónlistar og munu fá heiminn til að hlusta eftir Airwaves.

### Klaxons (UK)

Þessir sýru-reif pönk-fönkarar vöktu gífurlega athygli á Reading-hátíðinni í ár og eiga stóran hóp aðdáenda í Bretlandi. Tónlistin þeirra er undir miklum áhrifum frá jaðarrokki síðasta áratugar og reif-kúltúrsins á tíunda áratuginum. Ein af áhugaverðustu hljómsveitunum á Airwaves í ár.



MUGISON

## Klæddu þig fyrir Airwaves

Þó að Pete Doherty og Kate Moss séu fullkomið dæmi um rokk og ról kúl þá mælum við ekki með þeim leggjum á Airwaves-hátíðinni. Airwaves-hátíðin snýst um tónlistina en ekki að þú sýnir klæðnaðinn, en það er þó mikilvægt að vera klæddur eftir aðstæðum. Þetta getur verið dálítið snúið þar sem tíminn í kringum Airwaves-hátíðina snýst mikið um að bíða í löngum biðröðum og flakka á milli staða í miðbænum þannig að skjólgóð yfirhöfn, þægilegir skór og höfuðfat er góður kostur. Innandyra getur verið óþægilega heitt í mannþrönginni. Það er snúðugt að vera í nokkrum lögum innan undir svo maður geti vipað sér á stuttermabol. Fatnaður sem klinkar ekki fyrir bæði kynin er þröngar gallabuxur, dálídið sjúkaður stuttermabolur, töff leðurjakkir og converse-skór.

### Grænt ljós

Lítill veski sem liggja þétt að líkamanum  
Converse skór og þægileg stígvél  
Stuttermabolir með rokkáletrunum

### Rautt ljós


Að vera of finn eða of fleginn  
Metrósexúal og ubergellulúkkíð er ekki smart hér  
Stór veski sem eru fyrir öllum í troðningnum, sama gildir um stóra hatta og stórar hárgreiðslur  
Skærir litir - þetta er ekki diskóhátíð. Rokk og ról kallar á dökka, klassíska líti.

anna@reykjavik.com



KAISER CHIEFS Hefur unnið þrjú Brit-verðlaun.






5.090 kr. á mánuði til 5. desember

**AFMÆLISTILBOÐ!**

Stöð 2 Bíó fylgir frítt með!



515 6100 | STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

GOTT FOLK MCCANN





# Leiðir að lífshamingju

Það eru til ýmsar leiðir að betra lífi og misjafnt hvaða aðferð hentar hverjum og einum til að öðlast meiri vellíðan. Við þekkjum öll þessar hefðbundnu leiðir sem felast í hollu og góðu mataræði og hæfilegri hreyfingu en ýmislegt fleira er í boði sem telst ekki til hefðbundinna leiða. **Sigríður Hjálmsdóttir** fór á stúfana og kynnti sér tvenns konar óhefðbundnar leiðir að meiri vellíðan.

## Lithimnugreining Lilju

Lilja Oddsdóttir lithimnufræðingur lærði lithimnugreiningu hjá Faridu Sharan náttúrulækni í School of Natural Medicine í Bandaríkjunum en Farida hefur þróað sitt eigið kerfi í lithimnulestri. Að sögn Lilju er hægt að lesa ótrúlegustu hluti með því að rýna í lithimnu augans, hvort sem er andlega, líkamlega eða tilfinningalega hluti.

„Út frá munstri lithimunnar sér maður ákveðnar gerðir fólks og hverri gerð fylgja ákveðnir veikleikar og styrkleikar sem eiga jafnt við líkamlega, andlega og persónulega þætti.“

Lilja bendir á að taugaendur sem tengist öllum svæðum líkamans liggja inn í heilann. „Þetta eru rosaleg vísindi enda tengjast 30.000 taugaendur frá öllum líkamanum út í augun þannig að það eru miklar upplýsingar í augunum,“ segir Lilja og tekur dæmi: „Ef ég sé út úr munstri augans að meltingin sé til dæmis ekki nægilega góð þá myndi ég ráðleggja viðkomandi að borða ekki mjög þungan mat, tyggja mat-

inn vel og ekki borða mikið á kvöldin. Sú týpa á hugsanlega til að fá hægðatregðu og halda mikið í tilfinningar þannig að hún þarf að passa sig á að loka ekki á hluti.“

Lilja segir grunninn vera að lesa í munstur lithimunnar en síðan geti hún farið dýpra í hvert auga fyrir sig og inn á ákveðin líffæri. Hægra og vinstra auga gefa ekki nákvæmlega sömu upplýsingar því hægra augað endurspeglar hægri hlið líkamans en í því vinstra eru upplýsingar um vinstri hliðina.

## Líkaminn læknar sig sjálfur

„Ekki er einungis hægt að lesa í lithimnuna heldur einnig í hvítu augans en búið er að kortleggja hana alla og hún er mjög merkileg. Hvítulesturinn er heil fræðigreinin út af fyrir sig. Þar skiptir máli hvernig rauðu línurnar í hvítunni liggja og yfir hvaða svæði. Þá þarf að sjá hvernig æðarnar eru, hvort þær eru feitar, mjóar, hlykkjótta eða beinar, hvar þær byrja, enda og í gegnum hvaða líffæri þær fara,“ segir Lilja án þess að fara nánar út í þau fræði sem hún hefur einnig tileinkað sér.

„Ég bendi síðan á náttúrulegar leiðir til úrbóta sem felast oft í mataræðinu en einnig í hreyfingu, hvíld og hvernig maður tekst á við hluti.“ Lilja segir að þeir sem trúa á náttúrulækningar treysti á að líkaminn lækni sig sjálfur og líti ekki á lyf sem lausnir. „Ef ég sé hins vegar að eitthvað alvarlegt er að viðkomandi þá bendi ég honum að sjálfsögðu á að fara til læknis,“ segir Lilja en bendir á að „líkaminn geti læknað sig sjálfur til dæmis með því að fá hvíld frá því sem hann er að gera rangt“. Lilja nefnir að lokum að næsta vor verði fræði Faridu í náttúrulækningum kennd hér á landi. „Það verður heilmikill munur fyrir fólk að þurfa ekki að fara til Bandaríkjanna til þess heldur geta lært þetta hér heima,“ segir lithimnufræðingurinn Lilja Oddsdóttir.



**HREINSA ORKUSVIÐIÐ** Lilja Petra og Erlundur Magnús klippa á skuggana sem hanga í orkusviði einstaklinganna. Fólk á að geta liðið mun betur með tanderhreina áru. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Áruhreinsun í Hafnarfirði

Hjónin Lilja Petra Ásgeirsdóttir og Erlundur Magnús Magnússon reka Heilsustofu Lilju og Ella í Hafnarfirði og bjóða þar meðal annars upp á áruhreinsun.

„Orkusviði okkar eða árunni er skipt í nokkra hluta. Fyrstan er að nefna efnislíkamann, sem við sjáum og finnum fyrir, síðan er tilfinningalíkaminn næstur okkur en tilfinningarnar okkar sjást í þessu orkusviði, það titrar á ákveðinni tíðni og allt tilfinningarót er hægt að skynja á þessu sviði. Þá kemur hugarlíkaminn og enn utar er enn finni orka sem erfitt er að skynja og meira að segja árumyndavélarnar ná ekki að skynja hana. Þær nema bara hvítt ljós en ekki tónana sem eru á þessu sviði. Það er samt sumt fólk sem nær að skynja þetta orkusvið,“ segir Lilja Petra, en þau hjónin lærðu áruhreinsun hér á landi þegar bandarískur kennari kom hingað til að kenna. „Þessi kennari er mjög djúpskyggn og sá að þegar hinar ýmsu hreinsunar- og heilunarmedferðir eru gerðar, losnar alls konar úsl úr líkamanum. Það eigi sér síðan greiða leið til baka því það hangir enn við líkamann með þræði sem hún gat

numið. Þessi kona hannaði því ákveðna rútinu til að klippa á þennan þráð með ásetningi,“ segir Lilja. Elli bætir því við að hugsanir séu geysilega kröftugar, enda sköpum við með hugsunum. „Orðið er orka,“ segir Lilja og bendir á að það sé vísindalega sannað að mismunandi orðum fylgi mismunandi orka en ásetningur setji kraft í orðin.

## Jólahreingerning orkusviðsins

„Það sem við erum að hreinsa úr orkusviði fólks er oftast einhver áföll sem fólk hefur orðið fyrir í æsku. Fram að átján ára aldri höfum við ekki eins mikla hæfileika til að vinna úr neikvæðum tilfinningum og þess vegna getur skapast orkustífla hjá börnum sem eru skömmuð til dæmis. Þessar stíflur geta valdið ákveðnum hindrunum í þroska þessa barns í framtíðinni,“ segir Lilja og tekur dæmi: „Ef manneskju er bannað að tjá skoðanir sínar í æsku þá kemur hún til með að eiga erfitt með það líka þegar hún eldist.“

Lilja líkir áruhreinsuninni við jólahreingerningu því þrátt fyrir hreinsunina er ekki útilokað að hún óhreinkist aftur síðar.

Hjónin framkvæma áruhreinsunina úr fjarlægð eftir beiðni. „Við setjumst niður í hugleiðsluástandi, tengjum við guðsuppsprettuna og tengjumst við guðsjálf einstaklingsins eftir að hafa fengið leyfi hans fyrir því. Allt sem gerist er þannig ekki okkar vilji heldur vilji einstaklingsins og æðri vilji,“ segir Lilja.

Elli segir ekki öruggt að hreinsunin taki fljótt af því stundum taki það marga mánuði að klára hreingerninguna því stundum sé það erfitt að nálgast einstaklinginn. „Það er mjög misjafnt eftir einstaklingum hversu langan tíma það tekur að hreinsa orkusviðið,“ segir hann. „Það fer eftir því hversu mikið er að hreinsa hjá hverjum einstaklingi.“ ■



**LES Í LITHIMNU AUGANS** Lilja Oddsdóttir lithimnufræðingur getur lesið persónuleika fólks út úr lithimnu augnanna auk þess sem hún getur séð veikleika og styrkleika líkama og sálar í auganu. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

## Önnur vikan erfið – en gekk betur

**T**veimur vikum er nú lokið í áttakinu, Þú léttist – án þess að fara í megrun. Síðasta vika gekk út á að breyta hegðun og þótti ungu konunum þremur vikun heldur erfið. Meðal verkefna vikunnar var til dæmis að vera frakkur ef maður er vanur að vera hlédrægur, fastur fyrir eða sveigjanlegur, hefðbundinn eða frjálstur, einstaklingsmiðaður eða félagsmiðaður og fleira í þessum dúr. Það sem olli konunum hugarangri var að átta sig á því hvernig þær væru vanar að hegða sér.

Bókin lofar því að betri árangur náist í annarri viku en þeirri fyrstu og sú varð einmitt raunin með konurnar sem léttast samanlagt um 1,7 kíló síðustu vikuna.

### Elísabet Ólafsdóttir

Hvernig gekk önnur vikan? Það gengur ágætlega núna. Það voru bara ekkert svo mikil tækifæri til að gera þessi verkefni í vikunni. Á sunnudaginn átti ég að vera í hópi en ég var það ekki en mér tókst samt rosalega vel að vera hlédræg. Ég fór út að djamma og var mjög til baka þegar fólk fór að tala við mig. Síðan tókst mér að slappa af og fór í það. Svo var ég mjög hæfilega sveigjanleg þegar það verkefni kom upp.

**Ertu búin að léttast?** Já, ég er búin að léttast um 100 grömm síðustu vikuna.

**Hefurðu tekið eftir einhverjum jákvæðum breytingum?** Ég er búin að gera heilmiklar breytingar undanfarið. Til dæmis þá er ég flutt inn til foreldra minna tímabundið og er þar af leiðandi á

allt öðru róli en ég er vön. Ég borða öðruvísi mat en venjulega og á öðrum tímum þannig að ég er alveg á fullu í því að breyta til.

Ég verð örugglega að byrja aftur á bókinni um leið og ég er búin með hana. Byrja á henni aftur og vera rosalega jákvæð. Mér sýnist þessi bók kalla á eilífðarbreytingu. Hún er ekki þannig að maður lesi hana í fjórar vikur og hendi henni svo frá sér. Mér finnst þessi bók reyndar algjört rugl.

### Ásta Sólveig Hjálmsdóttir

Hvernig gekk önnur vikan? Vikan gekk bara allt of illa. Það var svo ógeðslega mikið að gera og fyrirmælin í bókinni pössuðu engan veginn inn í neitt af því sem ég var að gera. Ég er líka nýflutt til Stykkishólms þannig að ég er í nýjum aðstæðum alla daga. Þess vegna er svo erfitt að vera að breyta einhverri hegðun sem er ekki komin í vana enþá.

Ég er að vinna á dvalarheimili aldtraða og ef ég hefði verið að breyta miklu varðandi hegðun mína þar þá hefði það bara verið alveg fáránlegt. Gamla fólk hefur bara haldið að það væri eitthvað að mér. Utan vinnu er ég voðalega mikið bara ein með níu mánaða syni mínum og það er voðalega erfitt að breyta hegðun minni gagnvart honum.

**Ertu búin að léttast?** Já, jafnmikið þessa viku og síðustu. 800 grömm aftur þannig að samanlagt er ég búin að léttast um 1,6 kíló á þessum tveimur vikum.

**Hefurðu tekið eftir einhverjum jákvæðum breytingum?** Ég

var náttúrulega alltaf með hugann við þetta og var alveg að pæla í þessu, þó ég hafi reyndar lent tveimur dögum á eftir. Þetta er líka miklu betra en hefðbundnir megrunarkúrar af því nú þarf ég ekki að vera að hugsa um mat eða neita mér um eitthvað.

### Sigga Lund

Hvernig gekk önnur vikan? Mér fannst þessi vika bara frekar erfið í áttakinu. Það var verið að ráðast eitthvað á hegðunarmunstrið, til dæmis ef maður er yfirleitt lengi að taka ákvörðun þá á maður að reyna að vera fljótur að því í einn dag og ef maður er hógvær þá á maður að vera opin. Þetta er nú svolítið meira en að segja það.

**Ertu búin að léttast?** Ég hef lést um hálf kíló eða eitthvað svoieðið en mér finnst vigtin ekki lengur vera neitt aðalatriði. Bókin hefur opnað augu mín alveg rosalega þannig að hún er því líkt að virka.

**Hefurðu tekið eftir einhverjum jákvæðum breytingum?** Já, ég finn hvernig hugurinn opnast og ég leitast við að gera nýja hluti og finna öðruvísi leiðir en ég er vön. Ég get samt ekki sagt að mataræðið sé neitt að breytast enda er það kannski ekki neitt aðalatriði.

Maður er ekkert að hugsa um megrun en einhver nýr hugsunarháttur er að komast inn og ég er að brjóta upp alla vana mjög meðvitað. Fæ þannig trú á að hægt sé að búa sér til nýjar venjur og síði eins og til dæmis að fara í ræktina og bæta mataræðið. ■



## VERKSMÍÐJUÚTSALA Á POTTUM OG PÖNNUM

Vegna flutnings verður rýmingarsala á pottum og pönnum í verksmíðu okkar að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Opið alla daga vikunnar frá kl. 13.00 – 19.00 til 15. október. **Ótrúleg verð – allt að 50% afsláttur** á öllum pottum og pönnum.

**Alpan hf.**



ÁHEYRNARPRUFUR

# Í DAG

## Á HÓTEL NORDICA

MÆTING KL. 08:30

Allir söngvarar og sönghópar,  
16 ára og eldri, velkomnir.

GÓÐA SKEMMTUN OG GANGI YKKUR VEL!



Í SAMSTARFI VIÐ





BEERFEST	kl. 3:40-5:50-8-10:15	B.1.12	ÓBYGGÐIRNAR	M/- Ísl. tal.	Leyfð	MAURAHRELLIRINN	M/- Ísl. tal.	Leyfð
NACHO LIBRE	kl. 10:10	B.1.7	OVER THE HEDGE	M/- Ísl. tal.	Leyfð			
BÖRN	kl. 8	B.1.12			DIGITAL			
STEP UP	kl. 5:50	B.1.7	<b>SPARBIÓ 450 kr</b> á allar sýningar merktar með appelsínugula á laugardögum og sunnudögum.			JACKASS NUMBER TWO	kl. 6-8-10	B.1.12
ÓBYGGÐIRNAR	M/- Ísl. tal.	Leyfð				THE THIEF LORD	kl. 2-4-6-8	Leyfð
MAURAHRELLIRINN	M/- Ísl. tal.	Leyfð				ÓBYGGÐIRNAR	M/- Ísl. tal.	Leyfð
OVER THE HEDGE	M/- Ísl. tal.	Leyfð				WORLD TRADE CENTER	kl. 10	B.1.12
BÍLAR	M/- Ísl. tal.	Leyfð						

www.sambion.is 1 575 8900 www.sambion.is

www.haskolabio.is

Haskolabíó

WORLD TRADE CENTER  
Stórmynd sem lætur engan ónsnortin.

★★★★  
S.V. MBL  
EINN ÖVANTASTI ÖLUGJAFI ÁRSINS

★★★★  
MMU KVIKMYNDIR.COM

★★★★  
S.V. MBL  
EÖS - TOPPS.IS

**THE QUEEN**

einn af bestu knattspyrnumönnum sögunnar

**ZIDANE**

★★★★  
MBL

★★★★  
TOPPS.IS

★★★★  
KVIKMYNDIR.IS

Vegna fjölda áskorana hefur myndin aftur verið tekin til sýninga.

**an inconvenient truth**

WORLD TRADE CENTER	kl. 6-8:30-10:10	B.1.12
THE QUEEN	kl. 3:50-6-8:10-10:20	B.1.12
AN INCONVENIENT TRUTH	kl. 8:30	Leyfð
ZIDANE	kl. 8	
THE ROAD TO GUANTANAMO	kl. 10:30	B.1.16
ÓBYGGÐIRNAR	M/- Ísl. tal.	Leyfð
BJÖLFASKVIDA	kl. 3:50-6	B.1.16
PIRATES OF CARIBBEAN 2	kl. 8:15	Tíðböð 400 kr B.1.12

HAGATORGI • S. 530 1919

## Styttist í miðasölu

Miðasala á endurkomutónleika Sykurmolanna í Laugardalshöll þann 17. nóvember hefst miðvikudaginn 25. október.

Tónleikarnir eru haldnir í til efni þess að tutugu ár eru liðin síðan Sykurmolarnir gáfu út smáskífu með laginu Ammæli. Þegar skífan kom út í Bretlandi fór hún beint á toppinn á óháða vinsældalistanum. Með því hófst farsæll ferill Sykurmolanna og plötuútgáfunnar Smekkleysu undir slagorðinu „heimsyfjarráð eða dauði“. Fullskipið kom hljómsveitin síðast fram á tónleikum 18. nóvember 1992.

Icelandair hefur boðið aðdáendum Sykurmolanna um allan heim sérstakar ferðir á tónleikana og nú þegar er ljóst að áhugi erlendis er meiri en áður hefur



SYKURMOLARNIR Hljómsveitin Sykurmolarnir hætti störfum árið 1992 eftir farsælan feril. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þekkt á tónleikum íslenskrar hljómsveitar hér á landi.

Miðasalan fer fram í verslunum Skífunnar, BT Egilsstöðum, Akureyri og Selfossi og á mið.is. Miðaverð er 5.000 kr í staði, auk 350 kr. miðgjalds söluaðila, og 6.500 kr, auk 440 kr. miðgjalds.

## Holmes og Beckham í eina sæng

Stöllurnar Katie Holmes og Victoria Beckham hafa myndað ansi sterk vináttubönd ef marka má slúðurblöðin vestanhafs. Frú Beckham bauð Holmes með sér á tiskuvíkuna í París þar sem þær þræddu höfuðborg tiskunum saman. Holmes mun meðal annars hafa fundið sér brúðarkjól með hjálp Victoríu, en hún hyggst ganga í það heilaga með unnusta sínum og barnsföður, Tom Cruise, á næstunni.

Stöllurnar eiga meðal annars það sameiginlegt að þær eru báðar í sambandi með mönnum



VICTORIA BECKHAM Tók Katie Holmes með sér í mæðrafrí á tiskuvíkuna í París og valdi með henni brúðarkjól.

sem eru ívið frægari en þær sjálfar og hafa þær notið góðs af því. Einnig er skemmtilegt að segja frá því að næsta verkefni Holmes á hvíta tjalduinu er einmitt hlutverk Victoriu

Beckham í mynd sem gerð verður um ævi fótboltakappans David Beckham. Það gæti því verið að þessi vinátta sé einungis rannsóknarvinna Holmes á tilvonandi kvikmyndahlutverki sínu.



BESTA VINKONA VICTORIU BECKHAM Mun leika fótboltufrúna í kvikmynd sem gerð verður um ævi Davids Beckhams. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

**SparBíó\* — 450kr**

THE THIEF LORD KL. 1:45 ÁLFABAKKA OG KL. 2 Á AKUREYRI

ÓBYGGÐIRNAR „THE WILD“  
Sýnd með íslensku tali!

ÓBYGGÐIRNAR M/- ÍSL. TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA (KL. 2 AK. OG KEF.)

MAURAHRELLIRINN  
ROBERTS GAGT STEINIR GJAMVATTI

MAURAHRELLIRINN M/- ÍSL. TAL. KL. 1:45 OG KL. 2 Í KEFLAVÍK

OVER THE HEDGE M/- ÍSL. TAL. KL. 1:45

BÍLAR M/- ÍSL. TAL. KL. 1:45

**Nýtt**

**SparBíó\* : 450 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 1:45**  
Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA

Í BÍÓ

BYGGÐ Á SKALDSÖGU EFTIR CORNELIU FUNKE SEM HEFUR KOMIÐ ÚT Í ÍSLENSKRI ÞÝÐINGU.

**THE THIEF LORD**  
KONUNGUR ÞJÓFANNA

KOMIN Í BÍÓ

REYKJAVÍK • AKUREYRI

## > Áhugi frá Norðurlöndunum

Sigurður Jónsson staðfesti við Fréttablaðið í gær að nokkur lið frá Norðurlöndunum hefðu haft samband við hann með það fyrir augum að bjóða honum starf hjá viðkomandi félagi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er eitt þeirra sænsku meistarnar í Djurgården sem Kári Arnason og Sólvi Geir Ottesen leika með. Sigurður þjálfaði þá báða hjá Víkingi á sínum tíma. Hann þjálfaði Grindavík í sumar en hætti skömmu fyrir mótslok.

**sport**  
sport@fret



## HJÖRTUR JÚLIUS HJARTARSON: VALINN BESTI LEIKMAÐUR HÁSKÓLABOLTANS Í BANDARÍKJUNUM Á SÍÐUSTU LEIKTIÐ

# Skorar tvö mörk að meðaltali í leik

Skagamaðurinn Hjörtur Júlíus Hjartarson er að gera það gott með háskólanum sínum AUM sem er í Alabama í Bandaríkjunum. Hjörtur er að klára nám sitt í stjórnmálafræði við skólann en það er árangur hans á knattspyrnuvelliðum en ekki í skólastofunni sem hefur vakið verulega athygli ytra. Hjörtur hefur verið mjög iðinn við kolann og til að mynda skoraði hann 48 mörk í 24 leikjum á síðustu leiktíð. Það gerir tvö mörk í leik. Þessi frammistaða gerði það að verkum að hann var valinn besti leikmaður háskólaboltans í Bandaríkjunum.

„Það var verulega skemmtilegt að fá þennan heiður. Þetta var ótrúlegt tímabil og mér gekk mjög vel eins og sjá má á mörkunum,“ sagði Hjörtur, sem er nánast búinn að slá öll markamet í AUM en hann vantar aðeins þrjú mörk til að slá heildarmarkametíð á ferlinum, sem hefur staðið síðan 1987. Hjörtur er búinn að skora 127 mörk í

73 leikjum og það er nóg eftir af tímabilinu.

„Ég kem til með að slá þetta met svo lengi sem ég verð ekki fyrir einhverjum svakalegum skakkaföllum. Það er vissulega gaman að skrá nafn sitt svona í sögubækurnar,“ sagði Hjörtur en fjölmiðlar í Montgomery í Alabama hafa nokkuð fjallað um frammistöðu Hjartar og er hreinlega keppst við að lofa frammistöðu Skagamannsins.

Þjálfari liðsins segir í nýlegu viðtali að leikur liðsins sé byggður í kringum Hjört, sem er einnig fyrirliði liðsins. Hjörtur hefur skorað 24 mörk það sem af er þessari leiktíð og er næstmarkahæstur í öllu landinu.

Samningur Hjartar við ÍA er að renna út og hann veit ekki hvort hann verði áfram hjá félaginu. „Ég hef hvorki heyrð í Guðjóni né nokkrum úr stjórninni en ég hef alltaf sagt að ég vilji spila fyrir Skagamenn eins lengi og þeir vilja hafa mig,“ sagði Hjörtur Hjartarson.



**OLGEIR SIGURGEIRSSON** Verður áfram í Breiðabliki næstu tvö árin.

## Leikmannamál Breiðabliks: Olgeir og Árni Kristinn áfram

**FÓTBOLTI** Breiðablik hefur endurnýjað samninga Olgeirs Sigurgeirssonar og Árna Kristins Gunnarssonar til næstu tveggja ára. Báðir voru þeir fastamenn í liði Breiðabliks í sumar sem náði ágætum árangri í Landsbankadeildinni. Báðir hafa þeir leikið á annað hundrað leiki fyrir Blika.

Arsenal í vanda:

## Þrír leikmenn meiddir

**FÓTBOLTI** Þrír leikmenn Arsenal komu meiddir til baka eftir að hafa spilað með landsliðum sínum í vikunni. Arsenal á að spila þrjá leiki á næstu átta dögum og þetta setur óneitanlega strik í reikninginn. Leikmennirnir sem eru meiddir eru Freddie Ljungberg, Julio Baptista og Emmanuel Eboue.

„Þegar félag er með svona marga landsliðsmenn má maður alltaf eiga von á því að fá leiðinlegar fréttir eins og þessar. Eins og staðan er í dag eru þrír meiddir og þeir missa af næstu tveimur leikjum,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal.



**ARNAR SIGURÐSSON** Stendur sig vel á atvinnumannamóti í Mexíkó.

Arnar Sigurðsson:

## Kominn í átta manna úrslit

**TENNIS** Tenniskappinn Arnar Sigurðsson er þessa dagana að keppa á móti í Ciudad Obregon í Mexíkó. Arnar hóf keppni á mánudaginn og vann þá heimamanninn Eduardo Peralta í tveimur settum, 6-0 og 6-2, í 32 manna úrslitum. Í gær sigraði Arnar svo Bandaríkjamanninn Peter Shults. einnig í tveimur settum, 6-4 og 6-0, í 16 manna úrslitum.

Arnar er þar með kominn í 8 manna úrslit á mótinu og mætir þar Roman Borvanov frá Moldóvu.

# Þetta er tækifæri lífs míns

Húsvíski harðjaxlinn Guðlaugur Arnarsson hefur verið lánaður til þýska félagsins Gummersbach fram að áramótum. Guðlaugur á að fylla skarð Sverre Jakobssons sem er meiddur. Þetta er enn eitt áfallið fyrir Fylki.

**HANDBOLTI** Fylkismenn urðu fyrir enn einu áfallinu í gær þegar varnarjaxlinn Guðlaugur Arnarsson var lánaður til þýska stórliðsins Gummersbach fram að áramótum. Guðlaugur fær það verkefni að leysa landa sinn Sverre Jakobsson af hólmi en hann meiddist á dögum og getur ekkert spilað fyrir en eftir áramót.

„Þetta er tækifæri lífs míns og ég hef ekki enn áttáð mig á að þetta sé orðið að raunveruleika. Hlutirnir gerðust mjög hratt því málið kom upp á þriðjudag og þrem dögum seinna er allt orðið klappað og klárt,“ sagði Guðlaugur himinlifandi en hann fer utan á mánudag og nær því að spila með Fylki gegn ÍR á sunnudag. Fyrsti leikur Guðlaugs með Gummersbach verður síðan helgina á eftir gegn Sandefjord í Meistaradeildinni. Guðlaugur var leikmaður Fram til margra ára og fyrirliði liðsins um tíma og hann sagði aðspurður að það yrði sérstaklega skemmtilegt að mæta Fram í Meistaradeildinni 2. nóvember næstkomandi.

Um lánsamning er að ræða og því fær Fylkir eitthvað fyrir sinn snúð. Þetta er klárlega mikið áfall fyrir liðið enda hefur Guðlaugur verið akkerið í sterkri vörn liðsins og Fylkir hefur því misst þrjá sterka leikmenn frá síðustu leiktíð; Guðlaug, Heimi Örn Arnason og Arnar Jón Agnarsson.

Það er mikið í húfi fyrir Guðlaug að standa sig vel með Gummersbach því sjálfur landsliðs-



**I KLÓM SVERRE** Guðlaugur fer hér inn af línunni í leik Fylkis og Fram síðasta vetur. Það er Sverre Jakobsson sem reynir að stöðva Guðlaug á myndinni en Guðlaugur á einmitt að leysa stöðu Sverre hjá Gummersbach fram að áramótum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þjálfarinn Alfreð Gíslason þjálfar liðið og HM fer fram í Þýskalandi í janúar. Hann fær því tækifæri til að sanna sig fyrir þjálfaranum á hverjum degi.

„Ég geri mér fyllilega grein fyrir þeirri stöðu sem ég er í og þeim möguleikum sem eru fyrir

hendi. Þetta er í mínum höndum og ég ætla svo sannarlega að standa mig. Ég er búinn að biða lengi eftir slíku tækifæri og er staðráðinn í að nýta það til fullnustu,“ sagði Húsvíkingurinn ákveðinn.

henry@frettabladid.is

Ólíklegt að Veigar Páll Gunnarsson geti spilað með Stabæk um helgina:

# Veigar Páll er ekki alvarlega veikur eins og óttast var

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson er ekki alvarlega veikur og er gengið út frá því að hann muni jafna sig fljótlega á þeim veikindum sem hafa verið að hrjá hann í vikunni. Þetta segir Sveinbjörn Brandsson, lækni íslenska landsliðsins í knattspyrnu, sem

hefur verið Veigari innan handar undanfarna daga.

Veigar fann fyrst fyrir svimakasti á mánudagskvöldið og var daginn eftir færður til rannsóknar á sjúkrahúsi. Eftir það varð ljóst að hann gæti ekki spilað landsleikinn gegn Svíum á mið-

vikudagskvöldið. Talið var að jafnvægisskyn Veigars væri í óreglu.

„Ég hef varla náð að halda augunum opnum síðan þetta gerðist. Þegar ég reyndi að standa upp úr rúminu í gær hringsnerist allt herbergið og ég kastaði upp,“ sagði Veigar Páll í samtali við Fréttablaðið á miðvikudag.

Sveinbjörn segir að Veigar hafi á fimmtudag gengist undir ítarlegar rannsóknir á fimmtudag þar sem alvarleg veikindi voru útilokkuð.

„Það lítur út fyrir að þetta sé eins og hver önnur kvefpest og að hún hafi komið upp á versta tíma. Það lítur ekki út fyrir að þetta sé alvarlegt en það verður auðvitað áfram vel fylgst með honum.“

Lið Veigars í Noregi, Stabæk, á mikilvægan leik á morgun gegn Start en mjög ólíklegt er talið að Veigar leiki með.

- esá



**VEIGAR PÁLL** Fagnar hér einu af þrettán mörkum sínum fyrir Stabæk í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SCANPIX



**SIGFÚS OG ÓLAFUR** eru á sínum stað í hópnunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

## Hópurinn gegn Ungverjum: Sigfús Páll eini nýliðinn

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason, þjálfari karlalandsliðs Íslands í handbolta, hefur valið 16 manna landsliðshóp sem mætir Ungverjum í tveimur landsleikjum í lok mánaðarins. Sigfús Páll Sigfússon, leikstjórnandi Framara, er eini nýliðinn í hópnunum.

Sverre Jakobsson, Roland Eradze og Jalesky Garcia eru allir meiddir geta ekki tekið þátt í leikjumun tveimur. Ólafur Stefánsson er í hópnun en hann hefur lítið getað leikið að undanförunum vegna meiðsla.

Hópurinn er skipaður eftirtöldum leikmönnum:

BIRKIR ÍVAR GUÐMUNDSSON	TUS LUBECKE
BJÖRGVIN GÚSTAVSSON	FRAM
ALEXANDER PETERSON	GROSSWALLSTADT
ARNÓR ATLASON	FC KÖBENHAVN
ÁSCGEIR ÖRN HALLGRÍMSSON	LEMGO
EINAR HÖLMGEIRSSON	GROSSWALLSTADT
GUÐJÓN V. SIGURÐSSON	GUMMERSBACH
LOGI GEIRSSON	LEMGO
MARKÚS MÁNI MICHAELSSON	VALUR
ÓLAFUR STEFÁNSSON	CIUDAD REAL
RAGNAR ÓSKARSSON	IVRY
RÓBERT GUNNARSSON	GUMMERSBACH
SIGFÚS PÁLL SIGFÚSSON	FRAM
SIGFÚS SIGURÐSSON	ADEMAR LEON
SNORRI S. GUÐJÓNSSON	GWD MINDEN
VIGNIR SVAVARSSON	SKJERN

- dsd



**GUNNAR BERG VIKTORSSON** Leikur með Holstebro og einnig Dagný Skúladóttir.

Team Tvis Holstebro:

## Má ekki semja við leikmenn

**HANDBOLTI** Team Tvis Holstebro, félagið sem Gunnar Berg Viktorsson og Dagný Skúladóttir leika með í danska handbolta, á í miklum fjárhagsörðugleikum. Á fimmtudaginn lagði félagið fram reikninga sem sýndu að skuldir félagsins nema um 7,4 milljónum íslenskra króna, sem er hærri en eignir félagsins nema. Samkvæmt reglum danska handknattleikssambandsins má félag sem skuldar svo mikið ekki semja við nýja leikmenn.

„Við munum gera allt sem við getum til að lækka skuldir félagsins fyrir 1. desember, svo við getum farið að líta í kringum okkur eftir nýjum leikmönnum,“ sagði John Mikkelsen, formaður félagsins.

- dsd



MAGNI FANNBERG Búinn að fá nóg af Grindavík og er farinn í bæinn.

Vandræði í Grindavík:

## Magni hættur hjá Grindavík

**FÓTBOLTI** Magni Fannberg, aðstoðarþjálfari Sigurðar Jónssonar hjá Grindavík og aðalþjálfari undir lok tímabilsins, hefur yfirgefið herbúðir félagsins. Ástæðan er vanefndir á samningi og sú staðreynd að félagið var ekki til í að bjóða honum stöðu aðalþjálfara sem hann sóttist eftir.

„Ég er laus þar sem um vanefndir á samningnum er að ræða,“ sagði Magni við Fréttablaðið í gær. Hann vildi gerast aðalþjálfari en þá stöðu hafa Grindavíkingar boðið Milan Stefáni Jankovic. „Svo í ljósi nýjustu atburða hef ég ekki áhuga á að vera þarna áfram. Vinnubrögðin síðustu daga hafa heldur ekki verið til fyrirmyndar þar sem þeir hafa verið að lofa mér tilboði sem aldrei barst.“

Magni sendi síðan frá sér yfirlýsingu seinni partinn þar sem hann segir ásakanir Gunnlaugs Hreinssonar, formanna aðalstjórnar Grindavíkur, um að hann hafi ekki sinnt afreksþjálfun úr lausu lofti gripnar. Um slíkt hafi aldrei verið samið. - hbg

# Biður Sigurð afsökunar

Gunnlaugur Hreinsson, formaður aðalstjórnar Grindavíkur, sendi frá sér yfirlýsingu í gærkvöldi þar sem hann biður Sigurð Jónsson, fráfarandi þjálfara félagsins, afsökunar á að hafa kallað hann lúser og aumingja.

**FÓTBOLTI** Pistill Gunnlaugs Hreinssonar, formanns aðalstjórnar Grindavíkur, sem var birtur á heimasíðu félagsins á fimmtudag, vakti gríðarlega athygli og hörð viðbrögð, enda var Gunnlaugur ekki að skafa utan af því í pistlinum þar sem hann kallaði Sigurð Jónsson, fráfarandi þjálfara félagsins, lúser og aumingja. Einnig sakaði hann þjálfara félagsins um að standa ekki við gerða samninga og svo nefndi hann á nafn leikmenn sem hann taldi ekki vera meira en meðalmenn í knattspyrnu.

Pistill Gunnlaugs hékk inni á heimasíðu Grindavíkur framan af degi í gær en hvarf um kaffileytið. Um kvöldið var síðan kominn yfirlýsing frá Gunnlaugi sem lítur svona út í heild sinni:

„Það hefur ávallt verið ljóst að ég er með munninn fyrir neðan nefið og annsi oft með hann opinn og ávalt tilbúinn að segja mína skoðun á málunum, því kemur það stundum fyrir að maður segir of mikið eða einhvað sem hefði betur látið kyrrt liggja. Það mun hafa átt sér stað í niðurlagi á grein minn sem ber titilinn Horft um óxl. Þeir sem þekkja mig kemur þetta ekkert á óvart. Ljóst er að í niðurlagi greinar skrifaði ég hluti sem eiga ekki heima á prenti, en vonbrigði mín með sumarið voru sjálfsgöðu mikil, að svona skildi fara hjá gömlu átrúnaðargóði og að hann skildi labba frá borði þegar tveir leikir voru eftir. Sigurður Jónsson og fjölskylda ég biðst auðmjúkur afsökunar á orðum mínum og tek jafnframt greinina út af UMFG.is.



SIGURÐUR FÉKK AFSÖKUNARBEIÐNI Gunnlaugur Hreinsson, formaður aðalstjórnar Grindavíkur, bað Sigurð Jónsson í gær afsökunar á því að hafa kallað hann lúser og aumingja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnlaugur Hreinsson.“

Þegar Fréttablaðið náði tali af Sigurði Jónssyni um kvöldmatarleytið í gær var þungt í honum hljóði. Sigurður tjáði blaðamanni að hann hefði haft samband við Grindavík og farið fram á fulla afsökunarbeiðni frá Gunnlaugi og hann krafðist hann þess að Gunnlaugur segði af sér. Ef Gunnlaugur yrði ekki við þessum kröfum var Sigurður klár í meiðyrðamál.

„Skaðinn er skeður. Þetta mál er komið í blöðin og inn á borð hjá öllum landsmönnum. Það eru þrír lögfræðingar búnir að hringja í mig í dag og bjóðast til að taka málið að sér. Þeir segja að þetta sé borðleggjandi meiðyrðamál sem

ekki sé hægt að tapa. Ég mun alveg hiklaust fara í meiðyrðamál ef ég fæ ekki afsökunarbeiðnina. Ég læt ekki tala svona um mig. Ég mun fara fram á 10-15 milljónir í skaðabætur ef ég fæ ekki afsökunarbeiðni því orðin eru niðrandi og hafa áhrif á minn þjálfaraferil,“ sagði Sigurður reiður.

Aðalstjórn félagsins fundaði um málið í gærkvöldi og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætluðu einhverjir meðlimir aðalstjórnar að fara fram á afsögn Gunnlaugs.

Ekki lá fyrir hvort Gunnlaugur myndi segja af sér þegar Fréttablaðið fór í prentun.

henry@frettabladid.is



IGOR PESIC Likar lífið hjá Óla Þórðar.

Framarar styrkja sig:

## Pesic á leið í Safamýrina

**FÓTBOLTI** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er miðjumaðurinn Igor Pesic á leið í Fram en hann hefur spilað með ÍA undanfarin ár. Hann mun því endurnýja kynnin við Ólaf Þórðarson sem þjálfaði hann hjá ÍA á sínum tíma.

Pesic var á góðri leið með að ganga í raðir Keflvíkinga en hann ku hafa hætt við að fara þangað á elleftu stundu þegar kallið kom frá Ólafi. - hbg

Vandræði í Grindavík:

## Fjöldaflótti úr liðinu

**FÓTBOLTI** Grindavík mun tefla fram talsvert breyttu liði í 1. deildinni næsta sumar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu að minnsta kosti Jóhann Þórhallsson, Jóhann Helgason, Óskar Örn Hauksson og David Hannah ekki snúa aftur næsta sumar og nú þegar er Kristján Valdimarsson horfinn á braut.

Mikill órói er innan leikmannahóps liðsins og ástandið ku hafa versnað til muna í gær þegar ljóst var að Magni Fannberg yrði ekki áfram með liðið en nokkrir leikmannanna voru jákvæðir fyrir því að vera áfram ef Magni yrði við stjórnvölinn. - hbg

# HÚSEIGN

Fasteignamiðlun



Guðmundur St. Ragnarsson  
Löggiltur fasteignasali

## ÁLFHOLT 24 – 220 HFJ

129,6 m<sup>2</sup> • 3-5 herb. • Fjölbýli

OPIÐ HÚS MILLI KL. 16.00 TIL 16:30 Í DAG



MJÖG FALLEG 3JA-4RA HERB. ÍBÚÐ Á FYRSTU HÆÐ Í FJÖLBÝLI AUK STÚDÍÓÍBÚÐAR - GÓÐAR LEIGU-TEKJUR. Fallegar innréttingar og sérgarður og verönd. SNYRTILEG EIGN MEÐ MIKLA MÖGULEIKA, GYÐA GERÐARSDÓTTIR, SÖLUMAÐUR Í S. 695-1095 TEKUR Á MÓTI GESTUM MILLI 16:30-17:00 Í DAG (Hólmgeir á bjöllu)



Gyða Gerðarsdóttir  
Sölumaður

Guðmundur St. Ragnarsson • Löggiltur fasteignasali  
Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími 585 0100 • Fax 585 0109

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**¿Congratz mate. When you popped out, all yellow and shit, who would have thought you'd live to see number 26?¿**

Svar: Tony (Henry Wright) úr Hljáckstætt frá 1980.

# dagskrá



## Í TÆKINU: JULIANNE MOORE LEIKUR Í LAWS OF ATTRACTION Á STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.10

### Bjó úti um allan heim sem barn


Julie Anne Smith fæddist í Fayetteville í Norður-Karólínu hinn 3. desember 1960. Fyrstu árin var hún stöðugt á ferðinni með foreldrum sínum og bjó víða um heim. Eftir að hafa lært leiklist í háskóla í Boston flutti Julianne síðan til New York árið 1983 þar sem hún byrjaði á því að taka að sér nokkur hlutverk á leiksviði. Fljótlega var Julianne aðallega farin að leika í sjónvarpsþáttum auk þess sem hún lék í nokkrum sjónvarpsmyndum og frá 1985 til 1988 lék hún hálfsturnar Frannie og Sabrinu í þættinum As the World Turns. Árið 1990 sást Julianne í fyrsta skipti á hvíta tjaldinu í myndinni Tales from the Darkside:



The Movie og tveimur árum seinna var hún í aukahlutverkum í The Hand That Rocks the Cradle og The Gun in Betty Lou's Handbag. Eftir það fóru hjólin að snúast og næstu ár á eftir lék hún í myndum á borð við Jurassic Park, Nine Months og Surviving Picasso. Árið 1997 var Julianne boðið hlutverk í Boogie Nights og má segja að sú mynd komið henni á kortið því hún var bæði tilnefnd til Golden Globe og Óskarsverðlaunanna fyrir frammistöðu sína í myndinni. Næstu tvö árin lék Julianne í fjölda mynda og má þar nefna The Big Lebowski, Cookie's Fortune og Magnolia. Árið 1999 átti hún síðan stórleik í The End of the Affair og var í annað sinn tilnefnd til Óskarsverðlaunanna.


Bestu myndir Moore:

Boogie Nights - 1997 The Big Lebowski - 1998 The End of the Affair - 1999



▶ 21.20  
Drama

SWEET AND LOWDOWN




▶ 20.30  
Drama

VANITY FAIR




▶ 20.00  
Gaman

SOUTH PARK



▶ 22.40  
Spenna

BATTLESTAR GALACTICA



▶ 18.20  
Knattspyrna

GETAFE - REAL MADRID

### SKJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Alda og Bára 8.06 Bú! (9:26) 8.17 Lubbi læknir 8.29 Snillingarnir (5:28) 8.55 Sigga ligga lá (31:52) 9.10 Teiknisögur (1:6) 9.15 Trillurnar (1:26) 9.40 Matta fóstura og ímynduðu vinir hennar 10.02 Spæjarar (39:52) 10.25 Stundin okkar (2:30) 10.55 Kastljós 11.30 Í frjálsu falli

12.45 Mozart-tónleikar í Lugano 14.00 Evrópukeppni meistaralíða í fótbolta 16.05 Íslandsmótið í handbolta 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Hope og Faith (67:73) 18.25 Fjölskylda mín (5:13)

18.54 Lottó  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.40 Jón Ólafs (4)  
20.20 Spaugstofan (4)  
20.50 Vandráðavika (7:7) (The Worst Week Of My Life II) Bresk gamanþáttaröð.  
▶ 21.20 Súrt og sætt (Sweet and Lowdown) Bandarísk gamanmynd frá 1999. Hér er sögð saga djassleikarans Emmetts Ray. Leikstjóri er Woody Allen og meðal leikenda eru Sean Penn, Samantha Morton og Uma Thurman.  
22.55 Fyrsti riddarinn (The First Knight) Bandarísk ævintýrmynd frá 1995 um Arthúr konung, Lancelot riddara og lafði Gunnvöru. Leikstjóri er Jerry Zucker og meðal leikenda eru Sean Connery, Richard Gere, Julia Ormond og John Gielgud.

1.05 Aftur til paradísar 2.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

### SKJÁR SPORT

10.45 Upphitun (e)  
11.15 Wigan - Man. Utd. (b) 13.35 Á vellinum með Snorra Má 13.55 Arsenal - Watford (b) 15.55 Á vellinum með Snorra Má 16.05 Reading - Chelsea (b)

18.30 Man. City - Sheff. Utd.  
20.30 Liverpool - Blackburn  
22.30 Portsmouth - West Ham

0.30 Dagskrárlök

### SIRKUS TV

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Addi Panda, Ruff's Patch, Pocoyo, Gordon the Garden Gnome, Grallarnir, Animaniacs, Justice League Unlimited, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Litlu Tommi og Jenni, Tracey McBean, S Club 7, Búbbarnir, Looney Tun)

12.00 Hádegisfréttir 12.40 Bold and the Beautiful 14.20 Idol - Stjörnuleit 15.45 Idol - Stjörnuleit 16.20 Sjálfstætt fólk 17.00 60 mínútur - NÝTT 17.45 Martha

18.30 Fréttir, íþróttir og veður  
19.00 Íþróttir og veður  
19.05 Lottó  
19.10 Hot Properties (11:13) (Funheitar framakonur) Ómótstæðilegur kynþokki Lolu gengur gjörsamlega fram af kærasta hennar þannig að hann þarf að fara á spítala.  
19.35 Fóstbræður (1:8) (e)  
20.00 Fóstbræður (2:8) (e)  
▶ 20.30 Vanity Fair Ný kvikmyndagerð á þessari sigildu rómantísku skáldsögu eftir William Makepeace Thackeray. Bönnuð börnum.  
22.50 First \$20 Million Is Always the Hardest (Fyrstu milljónirnar eru erfiðastar) Gamanmynd með lúmskum ádeilubroddi um ungan markaðssérfræðing. Leyfó öllum aldursþópum.

0.35 Confessions of a Teenage Drama Queen 2.05 Gigli (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Cold Creek Manor (Stranglega bönnuð börnum) 5.55 Fréttir Stöðvar 2 6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

17.00 Nýtt í vikunni 18.00 Spánareignir  
19.00 Fjölbýli og hæðir (e)  
20.00 Nýtt í vikunni  
21.00 Einbýlishús  
22.00 Fjölbýli og hæðir  
23.00 Nýtt í vikunni (e) 0.00 SMS eignir

### SKJÁREINN

11.10 2006 World Pool Masters (e)

12.00 Dr. Phil (e) 14.15 Celebrity Overhaul (e) 15.00 The Biggest Loser (e) 15.50 Teachers (e) 16.15 Trailer Park Boys (e) 16.40 Parental Control (e) 17.10 Casino (e) 18.00 Dateline (e)

19.00 Game tívi (e)  
19.30 The Office (e)  
20.00 All About the Andersons  
20.30 Teachers  
21.00 Casino Áhorfandinn fær einstakt tækifæri til að sjá hvað gerist á bak við tjöldin í spilaborginni Las Vegas.  
21.50 The Dead Zone  
▶ 22.40 Battlestar Galactica - Ný þáttaröð í þáttaröðinni eru kynnt til sögunnar Cylons ættbálkurinn sem líkast mannfólkinu og gæti átt heima hvar sem er. Ættbálkurinn lýsir stríð á hendur mannfólkinu með því að tortíma milljórdum manna að ástæðulausu. Nýlenduflotinn þurrkast út að mestu, en Galactica-orrustuskipið sleppur þó. Áhöfnin samanstendur af úrhrökum og liðleskjum sem ekkert kunna fyrir sér í stríðsrekstri.

23.30 Brotherhood (e) 0.30 Masters of Horror - NÝTT! (e) 1.20 Law & Order: Criminal Intent (e) 2.05 Da Vinci's Inquest (e) 2.50 Tvöfaldur Jay Leno (e) 4.20 Óstöðvandi tónlist

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 Supermodels: Beyond Skin Deep THS 15.00 Kate Moss THS 16.00 Sexiest Supermodels 17.00 Child Star Confidential 17.30 Child Star Confidential 18.00 E! News Weekend 19.00 Women of Sex and The City THS 21.00 Sexiest Action Heroes 22.00 Girls of the Playboy Mansion 22.30 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Naked Wild On 23.30 Naked Wild On 0.00 Women of Sex and The City THS 2.00 Naked Wild On

### SKJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15.



## SIRKUS PLÚS NÚ Á DIGITAL ÍSLANDI

STÆRSTA DREIFIKERFIÐ | EINFALDASTA UPPSETNINGIN | LANG FLESTAR STÖÐVAR  
Sirkus plús er á rás 6

OG VODAFONE / 515 6100 / DIGITALISLAND.IS

digital island

VIÐ MÆLUM MEÐ

STÖÐ 2 KL. 20.30

Vaníti Fair

Þessi mynd er byggð á sígildu rómantísku skáldsögu eftir William Makepeace Thackeray. Reese Witherspoon leikur þar blásnaða stúlku í Lundúnum 19. aldar sem tekst með undraverðum hætti að klífa metorða- og stéttastigann. Hér er á ferð myndin og skemmtileg lýsing á lífi hástéttarfolksins í Bretlandi á 19. öld. Nostrað hefur verið við útlit myndarinnar, listileg kvikmyndataka og litríkir búningar bera vott um indverskan uppruna leikstjórans Mira Nair, en hún gerði meðal annars myndirnar The Monsoon Wedding og Mississippi Masala.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

3	8	9	5	7	4	2	6	1
7	2	6	1	3	9	4	5	8
1	4	5	8	6	2	7	3	9
2	3	1	6	9	7	8	4	5
4	9	8	3	1	5	6	7	2
5	6	7	4	2	8	9	1	3
8	5	2	7	4	3	1	9	6
9	1	4	2	5	6	3	8	7
6	7	3	9	8	1	5	2	4

	6			2			4	
	5	3	9					
				6			5	
3			7			2		6
				5				
1		4			3			9
	8			1				
					7	8	3	
7			4					9



22.10  
Gaman

LAWS OF ATTRACTION

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.15 Marine Life 8.00 Beethoven's 5th  
10.00 De-Lovely

12.05 Broadcast News 14.15 Marine Life  
16.00 Beethoven's 5th 17.55 De-Lovely

20.00 Broadcast News (Sjónvarpsfréttir)  
Fylgst er með nokkrum manneskjum í darraðardansi fréttahæimsins. Aaron Altman er snjall og klókur við að krækja í fréttirnar en handónýtur við að koma þeim frá sér í sjónvarpi. Jane Craig er útsendingarstjóri fréttu metnaðargjörn kona sem lifir innantómu lífi og leggur ofurást á vinnu sína. 1987. Leyfð öllum aldurshópum.

22.10 Laws of Attraction (Lögmál ástarinnar) Rómantískt réttardrama með gamansömu ívafi með Pierce Brosnan og Julianne Moore í aðalhlutverkum. Í myndinni leika Brosnan og Moore eftirsóttu skilnaðarlögfræðinga sem fella hugi saman – nokkuð sem á eftir að valda þeim ómældum og grátbroslegum óþægindum í starf. 2004. Bönnuð börnum.

0.00 Intermission (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Spider (Bönnuð börnum) 4.00 Laws of Attraction (Bönnuð börnum)

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 7.05 Laugardagur til lukku 8.05 Músik að morgni dags 9.03 Út um græna grundu 10.15 Krossgötur 11.00 Vikulokin

12.20 Hádegisfréttir 13.00 Laugardagsþátturinn 14.00 Til allra átta 14.40 Menning og markaðshyggja 15.20 Með laugardagskaffinu 16.10 Orð skulu standa 17.05 Fimm fjórðu 18.26 Leikhúsrottan 18.52 Dánarfregni og auglýsingar 19.00 Kríngum kvöldið 19.30 Stefnumót 20.15 Sögur af sjó og landi 21.05 Pipar og salt 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Flakk 23.10 Danslög

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan

16.08 Geymt en ekki gleymt 18.28 Tónlist að hætti hússins  
19.00 Sjónvarpsfréttir 19.50 PZ 22.10 Næturvörðurinn 2.03 Næturtonar

BYLGJAN FM 98,9

9.00 Gulli Helga  
12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson  
16.00 Ragnar Már  
18.30 Kvöldfréttir 19.00 Ívar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTVARP SAGA  
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útvarp Latíbaer / Fjölskyldu útvarp  
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni  
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útvarp Boðum / Kristilegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum  
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður



Jazzhátíð Reykjavíkur 2006

Útlendingahersveitin



Þórarinn Ólafsson - píanó, Jón Páll Bjarnason - gítar, Árni Egilsson - bassi, Árni Scheving - víbrafónn, Pétur Östlund - trommur

Síðustu tónleikar Útlendingahersveitarinnar

- sveitin mun ekki koma saman aftur.

Viðburður sem enginn má missa af.

NASA laugardaginn 14. október kl. 21.00

Miðasala:

[www.midi.is](http://www.midi.is) og á [www.nasa.is](http://www.nasa.is), í verslunum Skífunnar

Miðar jafnframt seldir á tónleikastað



## HRÓSÍÐ ...



„Fá stúdentar fyrir að vilja koma menntamállum meira inn í umræðuna á fríðsamlegan hátt.“

## Örið er skrásett vörumerki

„Þetta snýst allt um að skera sig úr fjöldanum,“ segir Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, á léttu nótnum en örið sem hann ber á andliti sínu vakti sérstaka athygli sovétleiðtogans fyrrverandi Mikhaíls Gorbatsjov þegar þeir mættust í móttöku í Höfða á fimmtudag.

Björn Ingi tók ásamt fleira framáfólki í íslensku stjórnmalálfli á móti Gorbatsjov með hefðbundnum handaböndum, bukti og beygingum. Gorbatsjov staldraði þó lengur við Björn Inga en aðra, varð starsýnt á örið góða og

**BJÖRN INGI HRAFNSSON**  
Lét ekki Gorbatsjov slá sig út af laginu.



spurði síðan hvort örið væri minnismerki um þátttöku hans í hnefaleikum.

„Það kom svolítið á mig en ég var fljótur að ná áttum og svara og sagði honum að einu hnefaleikarnir sem ég hefði tekið þátt í væru í boxhring stjórnmalanna.“

Björn Ingi segir örið fyrir löngu vera orðið skrásett vörumerki og eftir fundinn með Gorbatsjov megi segja að hróður þess sé farinn að berast víða.

Sjálfur skartar

Gorbatsjov sjálf sagt frægustu valbrá heims á skallanum, sem gæti skýrt þennan augljósa áhuga hans á áberandi ytri einkennum fólks, en það fór síður en svo fram hjá nærstöddum að honum varð starsýnt á ör Björns Inga áður en hann bar spurninguna upp.

Áhugi Gorbatsjovs á örinu fræga mun væntanlega seint líða Birni Inga úr minni en hann segir heimsókn Rússans í Höfða alla hafa verið hina ánægjulegustu. „Það var mjög gaman að hitta hann og hann er furðu vel á sig kominn. Var hress og man greinilega vel eftir fundi sínum og Reagans í húsinu; var til dæmis með alla herbergjaskipan í Höfða á hreinu.“



**MIKHAÍL GORBATSJOV** Gaf Birni Inga meiri gaum en mörgum háttsettari embættismanninum í Höfða á fimmtudag og þar gerði örið góða útslagið.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2 tóng 6 tveir eins 8 spé 9 stykki 11 samanburðartenging 12 hanki 14 í vafa 16 tveir eins 17 lúsaegg 18 enþá 20 tveir eins 21 einn milljarðasti.

## LÖÐRÉTT

1 teikniblek 3 skammstöfun 4 nokkrir 5 starf 7 tilnefna 10 kóf 13 kjaftur 15 flóki 16 fúadý 19 önefndur.

## LAUSN

16 fén, 16 n. íón, 7 úrnfna, 10 kaf, 13 gín, 15 strý, 5 LÖÐRÉTT: 1 túss, 3 eh, 4 fælnir, 5 enn, 20 r, 21 nand. en, 12 snagi, 14 efns, 16 ff, 17 nít, 18 LÁRÉTT: 2 kefi, 6 úi, 8 háð, 9 stk, 11

## RÉTT SVÖR

Svör við getraun í Víka í pólitík á stjórnmaláslidunni bls. 24.

Guðlaugur Þór Þórðarson

Kraftur til framtíðar í ljósi reynslunnar  
Ásta Möller í ljósi reynslunnar  
Dögg Pálsdóttir Látum verkín tala

Illugi Gunnarsson Ný verkefni - nýjar áherslur  
Guðfinna Bjarnadóttir Valfrelsi og skapandi umhverfi  
Björn Bjarnason Samstaða til sigurs

EGGERT MAGNÚSSON: SAGÐUR VERA KEXBARÓN Í THE SUN

## Vildi frekar vera kallaður fótboltabarón í fjölmiðlum

Eggert Magnússon, formaður Knattspyrnusambands Íslands, hefur verið áberandi í enskum fjölmiðlum að undanförunu enda lak það út fyrir í þessari viku að hann færi fyrir hópi fjárfesta sem vildu kaupa enska úrvalsdeildarliðið West Ham. Mikið hefur verið ritað og rætt meðal enskra fjölmiðla en götublaðið The Sun kallaði Eggert The Biscuit baron eða Kex-baróninn vegna þess að Eggert stjórnaði eitt sinn kexverk-smiðjunni Frón. „No comment,“ sagði Eggert þegar Fréttablaðið hafði uppi á honum og spurði hann út í þetta viðurnefni en tók það skýrt fram að hann væri stoltur af verkum sínum hjá Fróni. „The Sun er nú kannski ekki áreiðanlegasti fjölmiðillinn en ég hefði nú frekar kosið að vera kallaður Fótboltabaróninn,“ bætir Eggert við og hlær.

Formaðurinn sagðist ekki hafa haft tíma til að lesa allt það sem skrifað hefði verið í bresku pressunni en bætti því við að þetta fár hefði síður en svo komið honum á óvart. West Ham væri fornfrægt knattspyrnufélag sem hefði alið af sér marga af þekktustu sonum breskrar knattspyrnu, þar á meðal Joe Cole og Frank Lampard sem báðir léku með Eiði Smára Guðjónsen hjá Chelsea áður en hann fór til Barcelona. Félagið væri þekkt fyrir öflugt unglingsstarf og því er það í raun ekkert undrunarefni að fjölmiðlarnir í Bretlandi skuli fylgjast svo náð með hverjir það eru sem vilja kaupa klúbbinn.



**KNATTSPYRNUBARÓN** Eggert Magnússon segist ekki kippa sér mikið upp við þau viðurnefni sem breska pressan hefur gefið honum. FRÉTTABLAÐIÐ/TEXTUR

„Ég gerði mér alveg grein fyrir því að allar flóðgátir myndu opnast enda knattspyrnan gríðarlega vinsæl í Bretlandi og þessi áhugi manna hefur ekki komið mér í opna skjöldu,“ segir Eggert og virðist lítið kippa sér upp við það að vera í kastljósi bresku pressunnar, sem oft á tíðum getur verið ansi vægðarlaus. „Kannski er það skemmtilegasta að umræðan hefur mest öll verið á jákvæðum nótnum,“ segir Eggert. „Ég ætti kannski að fara að rukka íslenska ríkið fyrir alla þá jákvæðu umfjöllun sem Ísland hefur fengið í kjölfarið á

þessu því Bretarnir hafa ekkert verið ýkja hrifnir af öðrum íslenskum fjárfestum sem eru þó mun stærri og umfangsmeiri,“ segir Eggert og hlær.

freygigja@frettabladid.is

## FRÆGASTI SONUR

**WEST HAM**  
Frank Lampard lék lengi með Eiði Smára hjá Chelsea og er eitt þekktasta afkvæmi West Ham. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



## FRÉTTIR AF FÓLKI


Athygli vakti í Háskólabíói á fimmtudag, þar sem Gorbatsjov flutti erindi, að þeir komu tveir saman og flottir **Róbert Wessmann** aðal hjá Actavis og **Kristján Guy Burgess**, KGB, fyrrum fréttastjóri DV. KGB hefur verið dulur um hvað hann er að bauka en nú er það komið á daginn. Eins og lög gera ráð fyrir kom Ásgeir Friðgeirsson með Björgólfi Thor Björgólfssyni og var eitthvað krúttlegt við þá sýn að sjá þá KGB og Ásgeir sitja hlið við hlið á fremsta bekk og svo þá Björgólf og Róbert. Ásgeir, sem hefur á stundum verið nokkuð einmana í stétt bestu vina aðal „hinna ofurríku“ virðist nú hafa fundið verðugan kollega í Kristjáni.



Það var annars mikið um þróðubúíð fólk í Háskólabíói. **Ólafur Ragnar Grímsson**, forseti Íslands, var í fremstu röð en forsetafrúin var ekki við hlið hans að þessu sinni. **Vigdís Finnbogadóttir**, fyrrverandi forseti Íslands, var hins vegar mætt og Sigríður Snævarr sömuleiðis.

**Haldór J. Kristjánsson** Landsbankastjóri fór fyrir fríðum hópi starfsmanna bankans en fólk úr fjármálalífni var afar áberandi. Athygli vakti aftur á móti hversu fáir stjórnmalamenn létu sjá sig.

**Guðlaugur Þór Þórðarson** var þó á svæðinu og var nokkuð framboðslegur þegar hann bar upp beinskeytta fyrirspurn. Þarna voru líka **Björk Vilhelmsdóttir**, **Dagur B. Eggertsson** og **Stefán Jón Hafstein**. Stjórnmalafraeðiprófessorarnir **Ólafur P. Harðarson** og **Gunnar Helgi Kristinsson** sátu hlið við hlið og ekki langt undan var **Björgólfur Guðmundsson**. Þá var og mættur sjálfur **Ingi Hrafn Jónsson**. - jbg/hdm



# HRAUNHAMAR

## FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## SMYRLAHRAUN 10 HF. - OPIÐ HÚS



Fróm

Hraunhamar kynnir sérlega fallega efri sérhæð á þessum vinsæla og fríðsæla stað miðsvæðis í Hafnarfirði. Hæðin er 146,8 fm auk bílskúrs sem er 24,7 fm. Skipting eignarinnar: Góð flísalögð forstofa með hita í gólfi, Góðir skápar, Fallegur parketlagður stigi upp á hæðina. Rúmgott hol, gott sjónvarpshol, falllegt og bjart eldhús með U-laga eldhúsinnréttingu og borðkróki, innaf eldhúsinu er gott þvottahús með innréttingu. Sérlega rúmgóð stofa og þaðan er utangengt út á finar svalir. 2 góð barnaherbergi með tvöföldum skáp í öðru herberginu og sérlega rúmgott hjónaherbergi með rúmgóðum skápum. Baðherbergi með innréttingu, sturtuklefa og baðkari, hiti í gólfi. Einnig fylgir íbúðinni góður upphitaður bílskur með geymslulofti og heitu og köldu vatni, Gólfefni eru að mestu parket og korkur. Eigninni hefur verið vel við haldið, þ.a.m. skipt um gler að mestu. Þetta er sérlega falleg eign sem vert er að skoða. **V. 31,9 millj.** Íbúðin er laus strax.

**Opið hús í dag milli kl.14-16.**  
**Hallbjörn tekur á móti áhugasömum, verðandi kaupendum.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

## Greindur með krabbamein



**MAGNÚS MAGNÚSSON**  
Fjölmargin fjölmiðlar ytra fjalla um veikindi Magnúsar, enda var sjónvarpsstjarnan á skjám landsmanna í hverri viku í ein tuttugu og fimm ár.

Íslenski sjónvarpsmaðurinn og rithöfundurinn Magnús Magnússon, sem búíð hefur í Bretlandi frá unga aldri, hefur greinst með krabbamein. Í fréttatilkynningu sem fjölskylda hans sendi frá sér á fimmtudag segir að hann gangist nú undir rannsóknir en líði vel, en Magnús átti 77 ára afmæli á fimmtudag. Fjölmiðlar ytra hafa sýnt málinu mikinn áhuga, enda hefur Magnús lengi verið áberandi á sjónvarpsskjám Breta. Hann stýrði þættinum Mastermind á BBC í 25 ár, en þegar vinsældir þáttarins voru sem mestar fylgdust um 22 milljónir manna með honum í hverri viku. Hann hefur þar að auki sent frá sér fjölda bóka í gegnum árin.

Jón Ársæll Þórðarson, sem þekkir Magnús vel, segir hann vera skemmtilegasta mann sem hann hafi á ævi sinni kynnst og er ekki

hissa á að Bretar hafi fallið fyrir honum. „Ég finn það á þeim mönnum sem þekkja til hans að þeir eru mér allir meira og minna sam-mála,“ sagði Jón Ársæll. „Hann er Íslendingur sem fór að heiman og kom aldrei aftur, en hefur verið hér í huganum síðan hann fór.“ Hann segist hafa haft áhyggjur af reykingum Magnúsar þegar þeir unnu saman, en Magnús er forfallinn pípureykingamaður. „Heilsu hans hefur hrakað á síðustu árum, en kollurinn hefur ekki gefið sig. Þar vantar ekkert upp á, enda er hann með okkar færustu mönnum fyrir og síðar. Ég óska honum góðs bata og við hugsum öll hlýtt til hans, ég fer fram á þjóðaráttak í þeim efnum,“ sagði Jón. - sun



**JÓN ÁRSÆLL**  
Hugsa hlýtt til vinar síns.

# BT Kynnir



Simpsons sería 8 á DVD!

Nú með íslenskum texta.



• 4.499



Sería 1



Sería 2



Sería 3



Sería 4



Sería 5



Sería 6



Sería 7

• 2.999

• 2.999  
Hver sería

Einnig fáanlegar seríur 1-7  
á sérstöku tilboði.  
Aðeins í BT.



# BT



19. HOLAN!

EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAKE** BESTI VINURINN



## BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR  
STEINGRÍMSSONAR

### Hlustað og hlerað

Við upphaf Íraksstríðsins flutti ég pistil í útvarpi þar sem ég kallaði Donald Rumsfeld varnarmálaráðherra Bandaríkjana brjálæðing. Ónefndur dómsmálaráðherra hér í bæ sá ástæðu til að fetta fingur út í þetta orðalag mitt og einkum og sér í lagi fannst honum undarlegt að ég fengi að segja svona lagað í menningarþætti á Rás 1.

Í **LÍÐINNI** viku, 650 þúsund mannlífum síðar – samkvæmt nýjustu tölum um mannfali í Írak – vissi ég ekki almennilega hvort ég ætti að hlæja eða gráta þegar myndir birtust af umræddum dómsmálaráðherra ganga brosiandi með Rumsfeld upp tröppur í Washington ásamt öðrum ráðherrum í ríkisstjórn Íslands.

**PVÍ** er ekki að neita að dómur sögunnar hvað varðar Rumsfeld virðist hafa lent nokkuð afgerandi mín megin. Nýverið kom út bók í Bandaríkjunum eftir einn virtasta blaðamann í heimi, Bob Woodward. Þar kemur fram að Lauru Bush finnst Rumsfeld hrokagikkur, Condi Rice og hann talast varla við og fyrrverandi skrifstofustjóri forsetans vildi, ásamt forsetafrúnni, að hann yrði rekinn með skít og skömm. Afdráttarlausasta hnjóðsyrðið sem ég hef séð um Rumsfeld – mun verja en brjálæðingur – var haft eftir hershöfðingja í Bandaríkjaher í einni blaðgreininni nýverið. Skammstöfunin S.O.B. myndi útleggjast á góðri íslensku, og afsakið orðalagið: tík-arsnur.

**ÉG** vil taka skýrt fram að þegar ég sá myndina af okkar fólki, og sér í lagi dómsmálaráðherra, ganga til fundar við Rumsfeld hugsaði ég alls ekki að sá fundur yrði dæmi um það sem Bandaríkjamenn kalla „a meeting of minds“.

**ÉG** hugsaði hins vegar með sjálfum mér í hljóði: Hversu ómurlegt er það að íslenskir ráðamenn skuli ekki ennþá vera búnir að horfast í augu við það að stuðningur þeirra, í nafni þjóðarinnar, við Íraksstríðið var ein mestu mistök sem gerð hafa verið í íslenskrri pólitík fyrr og síðar? Af hverju hafa þeir ekki skynjað andúðina?

**HÉR** slá hjarta þjóðarinnar og hjarta ráðamanna ekki í takt. Ég sagði að Rumsfeld væri brjálæðingur. Dómsmálaráðherra fetti fingur. Ég er fylgjandi opin og líflegri umræðu. Ég held að það sé alltaf viturlegra fyrir stjórnsmálsmenn að hlusta á þjóð sína, pistlahöfundu hennar, fólkið í pottunum, fólkið sem hringir. Hlusta á allar skoðanir. Leyfa sér að vera ósamála, að sjálfsgöðu – ef rök hniga að því – en alltaf hlusta og fagna hverju innleggi. Dómsmálaráðherra birtist nú á forsiðumynd með Rumsfeld ásamt samráðherrum sem opinber bandamaður en ekki gagnrýnandi. Og síðan var haldið á fund hjá FBI, ef ég skildi það rétt, og gott ef ekki CIA, svona rétt til að undirstrika hina mjög svo viðeigandi staðreynd í ljósi nýjustu tíðinda:

**ÞAÐ** eru til tvær tegundir stjórnmálamanna. Annars vegar þeir sem hlusta á fólkið og hins vegar þeir sem hlera síma þess.

# Tjolahej, tjolahopp, tjolahoppsan-sa! Innflutningspartý alla helgina í IKEA Kaupúni í Garðabæ

STÆRSTA VERSLUN Á ÍSLANDI

20.600 m<sup>2</sup> af hugmyndum fyrir íslensk heimili!

VIÐ BJÓÐUM ALLA VELKOMNA

Við höldum innflutningspartý í dag og á morgun frá kl. 10:00 til 22:00.

Við hlökkum til að sjá ykkur. Munið að gleyma ekki flugeldasýningunni annað kvöld.

SMÁLAND - uppáhaldsland allra krakka

Ævintýraheimur, byggður á sænsku Smálöndunum þar sem Emil í Kattholti óx úr grasi.



Lína og Emil leika lausum hala. Wally trúður fer á kostum. Andlitsmáun.

Lokum hér  
**IKEA**

REYKJAVÍK  
KÓPAVOGUR  
GARÐABÆR

Opnum hér  
**IKEA**



**DRAUMALEIKUR IKEA**  
Þú getur unnið heila sýningarstúku!  
Þáttíkuseðill er á blaðsíðu 55 í nýja  
IKEA bæklingnum!



OPPIÐ UM HELGINA

Fimmtudagur	10.00 - 22.00
Föstudagur	10.00 - 22.00
Laugardagur	10.00 - 22.00
Sunnudagur	10.00 - 22.00

www.IKEA.is

OPIÐ ALLA HELGINA  
FRÁ KL. 10:00 - 22:00